


**ARI BALDUR BALDVINSSON**

*Starfaði sem sjálfboðaliði í dýragarði í Venesúela*

• á ferðinni

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**VEIÐI OG ÚTIVIST**

*Veiðiár, námskeið og nýjungar á markaði*

Sérblað um veiði og útivist

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.




**MARKAÐURINN**

*Færeyingar bjartsýnir á íslenska framtíð*

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. maí 2009 — 125. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



**Útsýnið engin lygi**

Sundlaug Steinunnar og Lilju á Hofsósi tekur á sig mynd.

FÓLK 26



**Farin í hundana**

Ilmur Kristjánsdóttir er stoltur hundaeigandi.

FÓLK 26

**Hvaða kosningar?**

„Í síðustu Evrópukosningum var þátttakan ekki nema rétt yfir fjörutíu prósent, og nú óttast sumir að hún kunni að verða enn minni," skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 12

**Hollandshópurinn klár**



Ólafur Jóhannesson tilkynnti í gær hvaða leikmenn munu mæta Hollandi og Makedóníu.

ÍÞRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG




**LÉTTSKÝJAÐ SYÐRA** Í dag verður hæg norðlæg átt. Léttskýjað syðra, skýjað með köflum norðvestan til annars skýjað og sums staðar lítilsháttar væta. Hiti 3-13 stig mildast syðst.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.




**FYRSTU VERÐLAUN** Myndlistarmaðurinn Kristján Guðmundsson hlaut í gær Carnegie-verðlaunin, ein veglegustu myndlistarverðlaun sem veitt eru í heiminum, fyrstur Íslendinga. Kristján tekur við verðlaununum úr hendi Margrétar Þórhildar Danadrottningar hinn 17. september en myndlistarmaðurinn var heiðraður í Listasafni Íslands í gær. SJÁ SÍÐU 14 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Átta nauðganir verið kærðar í mánuðinum

**Átta nauðganir hafa verið kærðar til lögreglu í maí og hafa þær aldrei verið fleiri í einum mánuði. Yfirleitt er aðeins tæpur helmingur nauðgana kærður. Afbrotafræðingur segir áhættuþætti aukast í því samfélagsástandi sem hér er.**

**LÖGREGLUMÁL** Átta nauðganir hafa verið kærðar til lögreglu það sem af er maímánuði, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, og hafa þær aldrei verið fleiri í einum mánuði. Öll málin áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Undanfarin ár hafa um 30 til 40 nauðganir verið kærðar á ári til lögreglu á því svæði.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglu, gat ekki staðfest að um átta mál væri að ræða, en sagði það þó nærri lagi. Hann segir um óvenjumargar kærur að ræða í maí. „Þetta kemur nú oft í köstum, en ég hef ekki séð svona margar á svo stuttum tíma áður." Málin tengjast ekki en aðeins einn maður er í haldi vegna rannsóknar á nauðgunarmáli.

Björgvin segir málin ólík og ýmist sé um tengsl á milli geranda og fórnarlambs að ræða eða ekki. Nauðganir séu hins vegar mjög tengdar skemmtistöðum og áfengisneyslu.

Eyrún Jónsdóttir, umsjónarhjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttöku vegna nauðgana hjá Landspítalanum, segir mörg mál hafa komið upp á skömmum tíma hjá þeim. Reynslan sýni að tæplega helmingur mála sé kærður til lögreglu, en í fyrra voru málin 118.

Eyrún segir umræðu í samfélaginu ýta undir kærur og þá hafi verklag lögreglunnar breyst til batnaðar. Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur segir tilkynningum um kynferðisbrot hafa fjölgað á undanförnum árum. Erfitt sé að segja til um hvort það sé raunaukning, eða hvort þolendur séu reiðubúnari en áður að koma fram og kæra.

Helgi segir flest nauðgunarmál koma upp í kringum skemmtanahald. „Það er ákveðin örvænting í samfélaginu og hún vill oft brjótast fram við aðstæður sem ríkja í skemmtanahaldi í skemmtanahaldi við ölvun. Það eru áhættuþættir sem liggja í samfélagsgerðinni núna, óvissuþættir, sem geta blásið út. Heift sem menn bera í hljóði og getur komið upp."

- kóp






Útlendingar bjarga málunum:

## Fáir Íslendingar kaupa veiðileyfi

**VEIÐI** „Útlendingar eru að plástra nokkurn veginn yfir götin sem bankar og fyrirtæki skildu eftir sig," segir Haraldur Eiríksson, sölu- og markaðsstjóri Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Innlendur markaður með veiðileyfi í laxveiðiám er einungis brot af því sem verið hefur undanfarin ár.

Fá fyrirtæki kaupa nú veiðileyfi fyrir velunnara sína og einstaklingar bíða átekta í þeirri von að verð lækki þegar líður á sumarið. Veikt gengi krónunnar ýtir undir aðsókn útlendinga í laxveiði á Íslandi, sem bjargar markaðnum frá hruni.

- hhs / sjá útivist og veiði



**VETRARVEÐUR** Það var vetrarlegt um að lítast á Hellisheiði í gær, eftir haglél, þrumur og eldingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Haglél á Hellisheiði:

## Snjókoma og þrumuveður

**VEÐUR Mikla snjókomu gerði á Hellisheiði um miðjan dag í gær með tilheyrandi hálku. Nokkrir bílstjórar lentu í vandræðum í hálkunni.**

**Þrumuveður fylgdi skýfallinu og eldingum brá fyrir á himni. Rafmagn fór af Hveragerði og Þorlákshöfn í nokkrar mínútur og er talið að það megi rekja til eldinganna. Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur segir á síðu sinni að eldingarnar hafi verið 15 talsins. Hvellurinn hafi hafist 15.08 og veðrið staðið fram yfir klukkan 16.30. Um 4 til 5 gráðu hiti hafi verið á heiðinni, en frost í skýjunum yfir henni.**

- kóp


**25%**

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PÓLÓBOLUM**

herra GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND

568 9234 544 2410

**SPURNING DAGSINS**



*Lúkas, hefur þetta nokkuð stigið ykkur til höfuðs?*

„Nei, við erum bara með eitt stig svo við höfum ekki efni á því."

Lúkas Kostic, nýr þjálfari Grindavíkur, var ánægður með fyrsta stig liðsins sem það náði með því að gera jafntefli við Val í fyrradag og sagði stigið sigur fyrir liðið.

Steypuvinna við bílastæðahúsið á Austurhöfn hefst í dag:

# Steypubílar fara 400 ferðir

**FRAMKVÆMDIR** Steypuvinna við bílastæðahúsið sem rísa á við Tónlistar- og ráðstefnuhúsið við Austurhöfn hefst í dag. Í fyrsta áfanga verður botnplata hússins steypt en í hana fara 3.400 rúmmetrar af steypu. Ísleifur býst við að 24 steypubílar verði notaðir í verkið og að þeir þurfi að fara alls 400 ferðir.

„Þetta verður gert í einum áfanga og við áætlum að verkið taki um sólarhring," segir Ísleifur Sveinsson, byggingastjóri hjá ÍAV, sem sér um framkvæmdir á svæðinu.

Húsið verður á tveimur hæðum og bílastæðin um 1.600 talsins. **- kh**



**VERKIÐ UNDIRBÚIÐ** Verið var að undirbúa steypuvinnuna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kostnaður við skilanefndir:

# Kosta 3,5 milljónir á mann

**EFNAHAGSMÁL Hver nefndarmaður í skilanefndum stóru bankanna þriggja kostar Fjármálaeftirlitið að meðaltali tæplega 3,5 milljónir króna á mánuði. Þetta má lesa úr tölum sem eftirlitið tók saman fyrir Fréttablaðið.**

**Á fimm mánaða tímabili, frá október út febrúar, kostuðu skilanefndirnar þrjár samtals rúmar 260 milljónir króna. Samanlagt eru fimmtán starfsmenn í skilanefndunum, fimm í hverri.**

**Ekki fengust upplýsingar um kostnað í mars og apríl, þar sem reikningar skilanefndarmanna vegna þessara mánaða eru ekki komnir fram.** **- bj**

Obama skipar dómara:

# Sotomayor skipuð í Hæstarétt

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur útnefnt Soniu Sotomayor sem nýjan dómara við Hæstarétt Bandaríkjanna.

Staðfesti öldungadeild Bandaríkjaþings skipan hennar í embættið verður Sotomayor fyrsti Bandaríkjamaðurinn af rómansk-amerískum uppruna til að taka við sem dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna og þriðja konan.

Hún tæki þá við af hinum frjálslynda David Souter sem hefur átt sæti í dómnum síðan árið 1990 en hættir sökum aldurs síðar á árinu.

Sotomayor verður 55 ára í næsta mánuði. Hún hefur verið dómari við áfrýjunarrétt vestra síðan árið 1998. Hún lauk lögfræðiprófi frá Yale-háskóla og þykir frjálslynd í skoðunum líkt og Souter. **- aa**

Deila um afleiðusamninga:

# Exista vill lögbann á færslu

**VIÐSKIPTI Líklegt er að deila Exista við skilanefndir gömlu bankanna um afleiðusamninga fari fyrir dómstóla, samkvæmt frétt Ríkissjónvarpsins.**

**Þar kom fram að Exista hafi farið fram á lögbann til að koma í veg fyrir að þrettán milljarðar króna verði færðir af reikningum félagsins til gamla Kaupþings.**

**Deilan stendur um gjaldeyrisafleiðusamninga sem Exista gerði við Glitni og Kaupþing.**

**Exista vill að samningarnir verði gerðir upp miðað við gengi krónunnar hjá Evrópska seðlabankanum, en skilanefndir vilja miða við gengi Seðlabankans, samkvæmt frétt Ríkisútvarpsins.** **- bj**

# Rífa gömlu álmuna fyrir rúmbetri skóla

**Rífa á einn elsta hluta Menntaskólans við Sund og byggja margfalt stærra hús fyrir skólann. Sumir eru andvígir niðurrifinu. Húsafriðunarnefnd segir niðurrifið í lagi en að skoða beri verndun sams konar álmu við Breiðagerðisskóla.**

**SKIPULAGSMÁL** „Við búum alveg hræðilega," segir Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund. Vegna plássleysis stendur til að rífa eina álmu skólans og byggja nýtt hús.

Rífa á einnar hæðar byggingu sem nefnd er Langholt og liggur meðfram Gnoðarvogi. Í stað hennar á að reisa þriggja hæða hús og tengibyggingu yfir í önnur hús menntaskólans. Verði framkvæmdirnar að veruleika munu þær, að sögn Más, leiða til þess að húsnæði skólans að frátöldum íþróttasalnum stækkar úr um 4.500 fermetrum í um 6.700 fermetra.

Að sögn Más hefur MS allt frá því hann var stofnaður fyrir fjörutíu árum verið í bráðabirgðahúsnæði, fyrst við Tjörnina í Reykjavík og síðan inni í Vogum í húsnæði sem hannað var sem barna- og unglingaskóli. „Við erum ekki í húsnæði sem er smíðað sem framhaldsskóli og þar að auki er enginn skóli á landinu sem býr jafn þröngt eins og við nema Kvennaskólinn í Reykjavík," segir Már. Í dag er MS 760 til 770 nemenda skóli en eftir stækkun getur hann tekið við 900 til 950 nemendum.

Margvíslegar athugasemdir og ábendingar bárust til borgarinnar eftir kynningu á stækkuninni. „Harðasta gagnrýnin snerist um umferðina inn í hverfið. Þetta voru eðlilegar athugasemdir og það mun hafa verið brugðist við þeim," segir Már sem segir þó fjölmarga sem mættu á kynningarfund hafa lýst ánægju með að byggja ætti við skólann og styrkja þar með hverfið.



**MÁR VILHJÁLMSSON OG LANGHOLT** Rektor Menntaskólans við Sund við gömlu álmuna frá 1957 sem rífa á til að greiða fyrir uppbyggingu skólans. Hræðilegt og handónýtt hús segir rektor. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BREYTT ÁSÝND** Hérna sést hvernig útlínur nýju byggingarinnar geta orðið miðað við gömlu álmuna. MYND/GLÁM-KÍM

Sumir eru andvígir því að þessi gamla skólaálma eftir teikningu Einars Sveinssonar sé rifin. „Á tímum sem ljótar nýbyggingar standa auðar og ónotaðar, hvernig dirfist þið að rífa menningarsöguleg hús sem skarta því besta af okkar byggingarlist?" segir til dæmis í bréfi Þorgeirs Guðmundssonar kvikmyndagerðarmanns.

Húsafriðunarnefnd gefur grænt ljós á niðurrifið en segir að skoða beri hvort vernda eigi hús eftir sömu teikningu við Breiðagerðisskóla. Már segir það sína skoðun að teikningar arkitekta eigi ekki að vera ávísun á að ekki megi hrófla við byggingum.

„Jóhannes Kjarval málaði góðar myndir og slæmar myndir og er dæmdur af góðu myndunum. Langholtið er hræðileg bygging. Þar að auki er Langholtið í þannig ástandi að ef við ætluðum að hafa það áfram þá myndi kosta líklega um 100 milljónir að gera það upp þannig að það myndi uppfylla heilbrigðiskröfur og öryggiskröfur – en eftir sem áður yrði húsnæðið samt handónýtt." **gar@frettabladid.is**

Koma frá Palestínu í kvöld:

# Gáfu 26 gervilimi á Gasa

**HJÁLPARSTARF** Hópurinn sem hefur verið á Gasasvæði Palestínu síðustu daga snýr heim í kvöld. Á þremur dögum tókst þremur stoðtækjasmiðum á vegum Neyðarsöfnunar Íslands-Palestínu og OK Prosthetics að smíða alls 26 gervilimi á 24 fórnarlömb stríðsins í Palestínu.

Sveinn Rúnar Hauksson, formaður Íslands-Palestínu, segir mikla gleði hafa fylgt því að sjá fólkið ganga að nýju. Íslenski hópurinn var kvaddur með viðhöfn af borgarstjóra og mættu margir limþeganna á athöfnina.

Sveinn segir að vonir séu bundnar við að verkefnið haldi áfram. Um þúsund manns skorti útlimi á Gasasvæðinu. **- kóþ**

MS-dagurinn á Íslandi:

# Haldinn í fyrsta sinn hér á landi

**SAMFÉLAGSMÁL Hinn alþjóðlegi MS-dagur verður haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn hér á landi í dag.Það er MS-félagið sem stendur fyrir deginum sem ætlað er að auka vitund um sjúkdóminn.**

**Nokkrir af fremstu íþróttamönnum landsins hafa lýst yfir stuðningi við félagið og daginn. Af þessu tilefni ætlar MS-félagið að bjóða upp á dagskrá sem hefst í húsakynnum þeirra að Sléttuvegi 5 klukkan 15.** **-hds**

**SEÐLABANKINN**

**Bankastjórar brátt fundnir**

Nefnd sem meta á umsóknir um stöðu seðlabankastjóra á að skila niðurstöðu sinni á morgun. Jóhanna Sigurðardóttir sagði á blaðamannafundi í gær að hún muni í framhaldi taka ákvörðun um hverjir verða ráðnir og verði það ljóst um eða upp úr næstu mánaðamótum.




Úrsmiður á áttræðisaldri kom að innbrotsþjófum á heimili sínu á Seltjarnarnesi:

# Börðu og bundu húsráðanda

**LÖGREGLUMÁL** Innbrotsþjófar börðu úrsmið á áttræðisaldri í andlitið og skildu hann eftir bundinn eftir að þeir rændu heimili hans á Seltjarnarnesi á mánudagskvöld.

Maðurinn kom að tveimur innbrotsþjófum þegar hann kom heim um klukkan 20 um kvöldið. Annar mannanna sló hann umsvifalaust í andlitið, og í kjölfarið bundu mennirnir hann á höndum og fótum.

„Ég er bara heppinn að lifa þetta af," sagði maðurinn í samtali við fréttavef Vísis. Hann treysti sér ekki til að ræða við Fréttablaðið í gær.

Þjófarnir tóku um 60 úr og eitthvað af skartgripum áður en þeir hurfu á braut. Manninum tókst að losa sig eftir um tuttugu mínútur, og gat kallað eftir aðstoð. Hann var fluttur á slysadeild til aðhlynningar, en fékk að fara heim að skoðun lokinni.

Maðurinn gat lýst öðrum árásarmanninum fyrir lögreglu. Hann er grannvaxinn maður um tvítugt, um 178 sentimetrar á hæð, með brún augu og virtist sólbrúnn á hörund. Hann var með bláan bakpoka úr grófu strigaefni. Mennirnir eru báðir Íslendingar. Húsráðandi taldi sig muna að annar mannanna hafi kallað hinn Marra, eða svipuðu gælunafni.

Von var á fréttatilkynningu frá lögreglu vegna málsins seint í gærkvöldi, en hún hafði ekki borist þegar Fréttablaðið fór í prentun. **- bj**




**BARÐASTRÖND** Maðurinn sem ráðist var á sagðist heppinn að hafa lifað árásina af í samtali við fréttavef Vísis í gær. MYND/STÖÐ 2

## ROSDESTVENSKIJ og POSTNIKOVA ásamt SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Efnisskrá: Píanókonsert í c-moll e. W.A. Mozart og Leníngrad-sinfónía Sjostakovitsj. Stjórnandi: Gennadij Rosdestvenskij. Einleikari: Viktoría Postnikova, píanó.

**Háskólabíó 28. maí kl. 19.30**
**Miðaverð: 3.500 / 3.100**



»Píanótækni hennar er fullkomin en einnig rússnesk og skapmikil þar sem við á.«
Piano Magazine

»Hann er snillingur.«
The Times



Saxófónleikarinn og Grammy verðlaunahafinn

## BOB MINTZER & STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

Fríkirkjan 30. maí kl. 21.00 og Ketilhúsið, Akureyri 31. maí kl. 17.00
**Miðaverð: 2.900**

# Njóttu Listahátíðar



## MÖGULEIKAR

Verk eftir listakonur sem hafa hlotið viðurkenningu úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur. Þær eru: Ólöf Nordal, Finna Birna Steinsson, Katrín Sigurðardóttir, Gabríela Friðriksdóttir, Sara Björnsdóttir, Þóra Þórisdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir og Hulda Stefánsdóttir. Auk þess bætast við tveir verðlaunahafar við opnun sýningarinnar.

**Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi 28. maí kl. 20.00. Aðgangur ókeypis**



»Hún er stórfengleg.«
The Times

## Sópransöngkonan DEBORAH VOIGT

**einsöngstónleikar í Háskólabíói**

Efnisskrá: Verk eftir Giuseppe Verdi, Richard Strauss, Amy Beach, Ottorino Respighi og Ben Moore, auk laga úr söngleikjum Leonard Bernstein. Meðleikari er Brian Zeger.

**Háskólabíó 31. maí kl. 20.00**
**Miðaverð: 6.900 / 6.400**
**Örfá sæti laus**

Lokatónleikar Listahátíðar



AÐEINS TVÆR SÝNINGAR EFTIR

## Orbis Terræ – ORA

Margrét Vilhjálmsdóttir fer fyrir hópi fjölda listamanna sem leggja undir sig Þjóðmenningarhúsið.

**Í kvöld, miðvikudagskvöld og 30. maí kl. 20.00. Síðustu sýningar.**
**Miðaverð: 3.450**

## BRENNIÐ ÞIÐ, VITAR!

**Listahátíð í vitum umhverfis Ísland**

Verið velkomin á sýningar Curvers Thoroddsen, í **Bjargtangavita**, Unnars Arnar í **Dalatangavita**, Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur í **Kópaskersvita** og Gjörningaklúbbsins í **Garðskagavita**. Sýningarnar eru opnar til 3. ágúst.

**Aðgangur ókeypis**



## STOFUTÓNLEIKAR LISTAHÁTÍÐAR úti á landi

**Edinborgarhúsið, Ísafirði:**
Felix Bergsson og Jón Ólafsson í dag, miðvikudag kl. 16.00 og 18.00.
Ólöf Arnalds 29. maí kl. 20.00.
**Stríðsárasafnið, Reyðarfirði:**
Duo Landon 30. maí kl. 16.00.
**Þórsmörk, Neskaupsstað:**
Ólöf Arnalds 31. maí kl. 16.00.



## HÚSLESTRAR HEIMA HJÁ RITHÖFUNDUM

Sögulegt tækifæri til að kynnast ellefu ólíkum höfundum og verkum þeirra í návígi. Laugardag og sunnudag, 30. og 31. maí.
**Miðaverð: 1000 — MIÐAR AÐEINS SELDIR Í FORSÖLU**



## HJALTALÍN OG KAMMERSVEIT

Íslenska óperan 27. maí
**UPPSELT**



## Breska tríóið TIGER LILLIES

Íslenska óperan 29. maí
**UPPSELT**

**Kynntu þér alla dagskrána á www.listahatid.is**

**Miðasala á www.listahatid.is**
**www.midi.is og í síma 552 8588**

Iceland Express | Radisson SAS | SAMSKIP | FRÉTTABLAÐIÐ

15.–31. MAÍ 2009
LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

## GENGIÐ 26.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,48 | 128,08 |
| Sterlingspund | 201,25 | 202,23 |
| Evra | 176,67 | 177,65 |
| Dönsk króna | 23,725 | 23,863 |
| Norsk króna | 19,705 | 19,821 |
| Sænsk króna | 16,76 | 16,858 |
| Japanskt jen | 1,3426 | 1,3504 |
| SDR | 195,81 | 196,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**216,1544**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Guðlaugur Þór segir þingið vera niðurlægt með lítilli upplýsingagjöf:

# Endurreisn banka rædd í dag

**STJÓRNMÁL** Formaður viðskiptanefndar ákvað í gær að taka endurreisn bankanna til umræðu á fundi nefndarinnar í dag, eftir að þingmenn stjórnarandstöðu gagnrýndu að hafa ekki fengið tækifæri til þess að tjá sig um það í nefndinni.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, hafði krafist fundar við fyrsta tækifæri, í ljósi ummæla sænska bankasérfræðingsins Mats Josefsson um að endurreisn bankanna kostaði 85 prósent af þjóðarframleiðslu. Niðurlægjandi væri fyrir þingheim að þurfa að læra um slíkt af Fréttablaðinu.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON** Hafði erindi sem erfiði og kom endurreisn bankanna á dagskrá viðskiptanefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðlaugur Þór segist hafa beðið margoft um að endurreisn bankanna yrði rædd í nefndinni. VG hafi áður fyrr mikið rætt um gagnsæi og opna stjórnsýslu, en reyni nú að koma í veg fyrir umræðu. „Þetta er gagnsæið í framkvæmd," sagði hann.

Álfheiður Ingadóttir, formaður nefndarinnar, segir fjölmörg brýn mál á dagskrá nefndarinnar, sem tengist endurreisn bankanna. Til dæmis hafi forstjóri Fjármálaeftirlitsins verið boðaður á fundinn í dag.

Fleiri gagnrýndu dagskrárgerð þingsins almennt í gær. Birkir Jón Jónsson úr Framsókn harmaði til dæmis að þingið ætlaði að ræða um urðun á sorpi og erfðabreyttar lífverur, frekar en mál tengd

Fulltrúi Samfylkingarinnar:

## Hjól fyrir borgarbúa í sumar

**UMHVERFISMÁL** Dofri Hermannsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í umhverfis- og samgönguráði, lagði til, á fundi ráðsins í gær, að ungt fólk yrði ráðið til þess að gera við hjól sem borgarbúum stæðu svo til boða í sumar. Tillagan verður afgreidd á næsta fundi ráðsins.

Dofri segir að hjól af þessu tagi þekkist í öllum stórborgum. Hægt sé að slá tvær flugur í einu höggi með því að veita unglingum vinnu við að gera þau upp og bjóða almenningi þau síðan til notkunar. Hjólin væri hægt að mála í skærum litum og gætu þau sett svip sinn á borgarlífið. **- kóp**

Sameining og fækkun skóla:

## Sjálfstæðið er þeirra styrkur

**MENNTAMÁL** „Halda verður í sjálfstæði þessara skóla, því það er þeirra styrkur," segir Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokks.



**HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON**

Höskuldur telur af og frá að fækkun háskóla landsins úr sjö í tvo skili þeim úrbótum í menntamálum sem að er stefnt. Lögð er til sameining skólanna í nýrri skýrslu erlendra sérfræðinga í skólamálum.

„Þá eru til ótal leiðir aðrar til að ná fram hagræðingu í rekstri en að sameina skólana undir einn hatt," segir hann.

Í sumar verða ræddar í háskólasamfélaginu tillögur sérfræðinganna, en þær voru kynntar í fyrradag. **- óká**

Stjórnarformaður Portusar:

## Ákvörðun um húsið í sumar

**MENNING Pétur J. Eiríksson, nýr stjórnarformaður Portusar, segir að ákvörðunar sé að vænta í sumar um hvaða starfsemi verður til húsa í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu við höfnina. Hann reiknar með að Íslenska óperan verði í húsinu.**

**Pétur segir að ekki þurfi að gera umtalsverðar breytingar til að svo geti orðið. „Það er búið að taka ákvörðun um hringsvið sem gerir allt auðveldara fyrir Óperuna, þá er hægt að skipta um leiktjöld og þannig." Pétur segir enn verið að ræða um Íslenska dansflokkinn. Hann þurfi minna húsnæði og aðstaðan í tónlistarhúsinu verði líklega dýrari en núverandi aðstaða.** **- kóp**



**BLAÐAMANNAFUNDUR RÍKISSTJÓRNARINNAR** Ráðherrar vildu ekkert gefa upp um hvar eigi að skera niður eða hækka skatta. Fyrstu aðgerðir verða kynntar í kring um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skattahækkanir kynntar innan viku

**Fyrstu skattahækkanirnar til að loka tuttugu milljarða gati þessa árs verða kynntar um eða eftir næstu helgi. Skömmu síðar verða kynntar frekari skattahækkanir og niðurskurður hjá ríkinu. Tekjuskatti ekki breytt fyrr en um áramót.**

**STJÓRNMÁL** „Það er ekki komin niðurstaða í hvar við munum skera niður, eða hvar skattahækkanir verða, en það skýrist á allra næstu dögum," sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar í gær. Jóhanna sagði ríkisstjórnina vera að skoða niðurskurð í ríkisfjármálum og skattahækkanir í samráði við aðila vinnumarkaðarins, en halli á ríkissjóði stefnir í að verða tuttugu milljörðum meiri en gert var ráð fyrir í síðustu fjárlögum, það er 170 milljarðar í stað 150 milljarða.

Til að bregðast við þessum aukna halla mun ríkisstjórnin bæði leggja til hækkanir á sköttum sem og niðurskurð í ríkisfjármálum. „Fyrstu aðgerðir á sviði tekjuöflunar kemur fljótlega. Síðan kemur viðameira frumvarp sem felur í sér væntanlega einhverja frekari tekjuöflun og sparnaðaraðgerðir. Í þriðja lagi kemur svo skýrslan um efnahagsáætlun í heild sinni, bæði fyrir 2010 og fram til 2013. Þar verða í meginatriðum útfærðar þær leiðir sem á að fara í sparnaði og niðurskurði," sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Hvorugt þeirra vildi útskýra nánar í hverju skattahækkanirnar eða niðurskurðurinn fælist. „Sumt af þessu er bara þannig að það verður bara að birtast þegar það birtist og framkvæmist," sagði Steingrímur. Hann benti þó á að meiri háttar breytingar á sumum skattstofnum verði að falla á fjárlaga- og skattaáramót, sem er uum hver áramót. „Það er ekki hægt að breyta álagningu tekjuskatts á miðju ári nema með miklum vandkvæðum," sagði hann.

„Stærðargráða vandans er slík að menn munu ekki ná árangri nema bera niður á mjög breiðum almennum forsendum," sagði Steingrímur en ítrekaði, líkt og Jóhanna hafði gert áður, að markmiðið sé að hlífa mikilvægustu þáttum velferðarþjónustunnar og dreifa skattahækkunum á þá sem frekar eru aflögufærir.

„Það er okkar ásetningur að hefjast strax handa við að takast á við þennan halla, því ef ekkert verður gert í þeim efnum, þá bætist hann bara við þann vanda sem menn þurfa þá að glíma við um áramótin," sagði Steingrímur.

**svanborg@frettabladid.is**

Viðskiptaráðherra:

## Krónubréf nánast horfin

**EFNAHAGSMÁL „Mest af krónubréfunum er í raun og veru horfið, því bréfin sjálf voru komin á gjalddaga og þá voru þau bara greidd upp," sagði Gylfi Magnússon á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar í gær. „Krónubréfin sjálf eru því ekki svo mikið áhyggjuefni." Gylfi benti á að eitthvað af krónubréfum sé enn útistandandi, en það séu mun lægri upphæðir en þegar mest var.**

**„Vandinn er mun frekar sá að útlendingar eiga innstæður í íslenskum bönkum, ríkisskuldabréf, skuldabréf íbúðalánasjóðs og aðrar slíkar eignir. Gjaldeyrishöftunum var öðrum þræði ætlað að tryggja að þeir færu ekki með það fé of hratt úr landi," sagði Gylfi.** **- ss**

Einar Kristinn Guðfinnsson:

## Mótmælir ekki sparnaði þings

**STJÓRNMÁL** Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segist ekki gagnrýna þá ákvörðun forsætisnefndar að leggja niður tímabundið aðstoðarmannakerfið svokallaða, þar sem landsbyggðarþingmenn höfðu aðstoðarmann í hlutastarfi.



**EINAR KRISTINN GUÐFINNSSON**

„Þetta er liður í sparnaði og til bráðabirgða. En ég myndi gagnrýna þetta, væri ákvörðunin varanleg, því hún veikir samband þingmanna og kjósenda," segir hann.

Einar nefnir, máli sínu til stuðnings, að eitt sinn hafi núverandi Norðvesturkjördæmi haft fimmtán þingmenn. Nú stefni í að þeir verði átta. **- kóp**






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**RIGNING Á MORGUN**
Í dag verður ágætt veður. Hægur vindur og víða bjart, síst á Norðausturlandi. Í fyrramálið verður komin rigning sunnan og vestan til og víða um land um hádegi. Úrkomusvæðið gengur nokkuð hratt yfir og því styttir víða upp þegar líður á morgundaginn. Lægðinni á fimmtudag fylgja eindregin hlýindi sem verða mest á Norðaustur- og Austurlandi.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Amsterdam | 16° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 15° |
| Eindhoven | 18° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 17° |
| New York | 18° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 16° |
| París | 16° |
| Róm | 29° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Símaskráin 2009 komin út



## Þitt eintak bíður

- FULLKOMIN GÖTUKORT
- UPPLÝSINGAR UM BÆJAR- OG MENNINGARHÁTIÐIR 2009
- NÝ SKÁLDSAGA EFTIR HUGLEIK DAGSSON
- YFIR 2001 VÖRU- OG ÞJÓNUSTUFLOKKAR Á GULU SÍÐUNUM

ÍSLENSKA SIA.IS / JAA 45446 05/2009

já er svarið

Símaskráin 2009 er komin út. Á höfuðborgarsvæðinu bíður þín eintak í verslunum Símans og Vodafone, í verslunum Krónunnar og á bensínstöðvum Olís og Skeljungs. Á landsbyggðinni er hægt að nálgast eintak hjá Póstinum og í verslunum Símans og Vodafone. Já er svarið.

118 ja.is Símaskráin

## KJÖRKASSINN



*Eiga kennarar að samþykkja að taka á sig fimm prósenta launalækkun gegn því að fá lengra frí?*

| | |
|---|---|
| Já | 64,8% |
| Nei | 35,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að fækka háskólum hér á landi niður í tvo?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Viðbrögð sjávarútvegsráðherra Íslands og formanns stjórnar LÍÚ:

# Gott svo langt sem það nær

**SJÁVARÚTVEGUR** „Mér finnst eðlilegt að þeir endurskoði sína fiskveiðistefnu," segir Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra um samþykkt kollega hans hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins í Brussel í fyrrakvöld.

„ Ég vona að það gangi vel hjá þeim. Eins og allir vita hefur stefna þeirra ekki verið að skila góðum árangri og þessi mikla miðstýring, sem þeir núna viðurkenna að hafi ekki verið til heilla. En hversu langt þeir ganga í þeim efnum, ég vona að þeir gangi sem lengst, þeirra vegna. Þeir eru fyrst og fremst að hugsa um sjálfa sig í þessum efnum, en það er alveg hrikalegt hvernig þessi sjávarútvegsstefna hefur gengið og sýnir hversu brýnt það er fyrir Evrópusambandið að skoða sín innri mál."

> Eins og allir vita hefur stefna þeirra ekki verið að skila góðum árangri...
>
> **JÓN BJARNASON**
> SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA



Adolf Guðmundsson, formaður stjórnar LÍÚ, segir þessi tíðindi góð svo langt sem þau ná. „Það er mjög gott ef fulltrúar í ráðherraráði Evrópusambandsins eru að vitkast," segir hann. „En nú á þetta eftir að fara til hvers lands fyrir sig svo maður veit ekkert hvernig þetta endar."

Aðspurður hvort þetta auki á líkur þess að LÍÚ telji Ísland eiga samleið með ESB segir hann: „Nei, þetta eru hugmyndir sem er varpað inn í umræðuna en enn þá vitum við ekki hvernig þessi sjávarútvegsstefna sambandsins verður sem líta á dagsins ljós árið 2012."

- ss / jse

Framkvæmdir í Reykjavík:

# Fimm milljarða lán lífeyrissjóða

**SVEITARSTJÓRNIR „Borgin hefur átt í þessum viðræðum og ég á von á því að við fáum niðurstöðu í málið í þessari viku," segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, um fimm milljarða króna lántöku borgarinnar hjá lífeyrissjóðum.**

**Að sögn Hönnu Birnu er væntanlegt lán í samræmi við fjárhagsáætlun borgarinnar þar sem gert sé ráð fyrir lántöku til að fara í mannaflsfrekar framkvæmdir. Meðal helstu framkvæmda eru Sæmundarskóli og Norðlingaskóli og uppbygging í Úlfarsárdal, Austurstræti 22, Lækjargötu 2 og við Hlíðarfót.**

- gar

Bílavarahlutir



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

# Hverfa á frá miðstýringu fiskveiða í ESB

**Sjávarútvegsráðherrar ESB hafa komið sér saman um að færa skuli fiskveiðistjórn innan sambandsins að miklu leyti frá miðstjórnarvaldinu í Brussel út til stjórnvalda og útgerða í strandríkjunum. Efna á til átaks gegn brottkasti.**

**EVRÓPUMÁL** Ráðherrar sjávarútvegsmála frá aðildarríkjum Evrópusambandsins urðu sammála um það á fundi í Brussel í fyrrakvöld að afnema skuli í raun þær reglur sem hingað til hafa gilt um ákvörðun heildarkvóta í lögsögu aðildarríkjanna. Draga skuli úr miðstýringu hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu sambandsins og færa ábyrgðina á stjórn fiskveiða nær útgerðunum.

Ráðherrarnir ályktuðu líka sérstaklega um brottkast, hversu alvarlegt vandamál það væri og mikill ágalli á sameiginlegu fiskveiðistefnunni. Grípa á tafarlaust til margvíslegra ráðstafana til að stemma stigu við því, innan ramma óbreyttrar stefnu. Síðan verði róttækari breytingar gerðar á stefnunni í því endurskoðunarferli sem nú er í gangi og á að leiða til lykta fyrir árið 2012.

Á fundi ráðherranna var svonefnd grænbók um endurskoðun sameiginlegu fiskveiðistefnunnar rædd, en grænbók þessa lagði framkvæmdastjórn ESB fram fyrir mánuði sem grunn að víðtækri umræðu um róttæka endurskoðun stefnunnar.

Það er líka einhuga stuðningur meðal ESB-ráðherranna um að draga mjög úr miðstýringu sameiginlegu fiskveiðistefnunnar. Stjórnvöld í strandríkjunum og útgerðarfyrirtækin sjálf eigi þess í stað að bera meiri ábyrgð á stjórn fiskveiðanna. Þetta hefur fréttavefur BBC eftir tékkneskum fulltrúa sem tók þátt í viðræðunum, en Tékkar gegna nú formennskunni í ESB.

Breyting í þessa veru var að sögn BBC eitt af höfuðmarkmiðum bresku ríkisstjórnarinnar.



**VILL UMBÆTUR** Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn ESB, fagnar vilja ESB-ráðherranna til róttækrar endurskoðunar sameiginlegu fiskveiðistefnunnar.

NORDICPHOTOS/AFP

Haft er eftir breska sjávarútvegsráðherranum, Irranca Davies, að það væri lykilatriði að í stað hinna árlegu „hrossakaupa" um landakvóta kæmi kerfi þar sem „langtímasjónarmið á grunni góðra rannsókna og stjórnunar í héraði" réðu frekar ferðinni.

Fulltrúar Danmerkur höfðu opinberlega hvatt til þess að ESB hætti að ofstýra sjávarútvegi innan sambandsins og hjálpa til við að hindra ofveiði og smáfiskadráp með því að grípa til róttækra ráðstafana gegn brottkasti á borð við að koma fyrir eftirlitsmyndavélum um borð í fiskiskipum.

Framkvæmdastjórn ESB hefur sagt að um 80 prósent fiskistofna í lögsögu ESB-ríkjanna sæti of miklu veiðiálagi. Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórninni, hefur farið þess á leit við Íslendinga að þeir taki virkan þátt í endurskoðun sameiginlegu fiskveiðistefnunnar.

audunn@frettabladid.is

PHILIPS

Hleðslutæki með innbyggðri rafhlöðu





Hleður síma, iPod og myndavélar

- Rafhlaðan endist í allt að 15 tíma. Hentar vel í útileguna, sumarbústaðinn og í ferðalagið. Þú stingur símanum eða iPod í samband við Power2Charge og hleður af rafhlöðunni
- 6 millistykki fyrir t.d. síma, iPod, myndavélar og önnur 5V tæki
- Snúran er í litlu handhægu kefli
- Millistykki geymd í gúmmíbandi
- Ferðapoki

Merki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

**Neytendur:** Ódýrara að borða úti í hádeginu

# *Til útlanda fyrir 990 kall*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Þeir veitingastaðir sem á annað borð hafa opið bjóða upp á ódýrari matseðil í hádeginu heldur en á kvöldin. Að fara út að borða í hádeginu er því góður kostur og fyrir barnafólk er það að auki heppilegra því börnin eru í umsjá ríkis eða borgar á þessum tíma.
Ólafur Þór Gylfason skrifar um hádegishlaðborð Basil & Lime á Klapparstíg. Það er opið á milli 11.30 og 14. „Á hlaðborðinu var gott úrval suður-evrópskra rétta með íslensku ívafi", skrifar hann.

*„Dæmi um rétti sem ég man eftir voru spænsk paella, pasta með spínati og tígrisrækjum, pasta með kjötbollum og parmesan, nýbakað brauð, heimalagað pestó og hummus, rocket með buffaló mozzarella, ítölsk grænmetissúpa, nautakjöt í sósu, ofnsteiktar kartöflur með hnetum og hvítlauk, plokkfiskur (sem útlendingarnir sem voru þarna voru sérlega sólgnir í) og fleira sem ég kann ekki að nefna. Sumsé mjög gott og frískandi en um leið saðsamt. Fréttirnar eru hins vegar þær að fyrir herlegheitin þurftum við aðeins að borga 990 kr. á mann – sem er eingöngu 260 kr. dýrara en í ISS mötuneytinu í vinnunni! Ekki mikið fyrir ferð til útlanda (útitjaldið er svona eins og í útlöndum, sjáðu til)."*



**BASIL OG LIME** Hlægilegt verð á hádegishlaðborðinu hjá Basil & Lime.


Garðhúsgögn sem endast
Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum við
REYNSLA Á ÍSLANDI 25 ára REYNSLA Á ÍSLANDI
Engar verðhækkanir!
Takmarkað magn
Margir litir og gerðir af púðum
Garðróla
Legubekkur
Púðageymsla
Stillanlegt bak
Stækkanleg borð
Hringborð
Garðbekkur
Ein endingarbestu garðhúsgögn sem völ er á
25 ára reynsla á Íslandi
www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Hvað leggja erlendir sérfræðingar til að háskólar verði margir í landinu?*

**2** *Hvaða lið eigast við í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í kvöld?*

**3** *Hver var leiðbeinandi í skapandi skrifum sem skilar sér í leikverki eftir einstæðar mæður?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Félag hrefnuveiðimanna:

## Hvalkjötið til fyrir helgi

**SJÁVARÚTVEGUR** Jóhanna ÁR 206 hélt út á sjó í gær og markar það upphaf hrefnuveiðitímabilsins.



GUNNAR BERGMANN

„Ég er að vonast til að þeir landi í kvöld og þá verður þetta komið í Krónuna á föstudag og tilbúið á grillið um hvítasunnuna,“ segir Gunnar Bergmann Jónsson, formaður Félags hrefnuveiðimanna.

Á sama tíma mótmæltu fimm umhverfissamtök fyrir framan sendiráð Íslands í London. Grænfriðungar sendu frá sér yfirlýsingu þar sem stjórnvöld eru gagnrýnd fyrir að bjarga ekki orðspori landsins með því að koma í veg fyrir hvalveiðar. - jse / ss

# Leikskólagjöld munu hækka

**Greiðslur fyrir leikskólavist umfram átta klukkustundir á dag munu hækka um allt að 63 prósent frá 1. ágúst næstkomandi. Dvalartími barna á leikskólum borgarinnar hefur lengst í kreppunni, þvert á spár.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Leikskólaráð Reykjavíkurborgar mun í dag taka fyrir tillögu borgarstjórnarmeirihlutans um að hækka verulega gjöld fyrir leikskóladvöl umfram átta klukkustundir á dag. Stefnt er að því að gjaldskráin breytist frá 1. ágúst næstkomandi.

„Við skoðuðum margar leiðir, og fannst þetta vera sanngjarnast og minnst íþyngjandi fyrir foreldra,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs Reykjavíkurborgar. Borgin verði að gera kröfu um hagræðingu á flestum sviðum vegna efnahagsástandsins, og þar séu leikskólar og grunnskólar ekki undanþegnir, þó þeir séu hvað mest varðir.

„Byrðarnar eru alveg nægar á barnafjölskyldum í dag, þetta er fólkið sem hefur verið að koma þaki yfir höfuðið, taka húsnæðislán og kaupa bíla á bílalánum,“ segir Oddný Sturludóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í leikskólaráði Reykjavíkurborgar.

Hún segir fulltrúa flokksins óttast að þetta bitni á þeim sem síst skyldi, einstæðum foreldrum og öðrum sem þurfi að vinna langan vinnudag til að ná endum saman. Því muni fulltrúar flokksins greiða atkvæði gegn tillögu meirihlutans á fundi leikskólaráðs í dag.

Leikskólagjöld munu ekki hækka hjá þeim sem kaupa átta tíma vistun á dag eða minna fyrir börn sín, þar sem það er skilgreint sem grunnþjónusta sveitarfélagsins, segir Þorbjörg Helga. Hún bendir á að margir foreldrar borgi fyrir mun lengri dvalartíma en börnin nýti í raun.

Oddný segir þetta hæpinn rökstuðning fyrir hækkun á álögum á barnafjölskyldur í borginni. Venjulegur vinnudagur sé átta klukkustundir, og sé reiknað með fimmtán mínútum til og frá leikskóla þurfi foreldrar að borga fyrir átta og hálfa klukkustund á leikskólanum. Þetta eigi sérstaklega við um fólk sem búi í úthverfum á borð við Grafarvog og Grafarholt, en vinni annars staðar í borginni.

Í dag borga foreldrar á bilinu fimm til þrettán prósent kostnaðar við leikskólavist barna sinna. Nái breytingin fram að ganga munu foreldrar greiða helming kostnaðarins fyrir fyrstu hálfu klukkustundina umfram átta stundir, og allan kostnað við leikskólavist umfram átta og hálfa klukkustund.

Um 2.300 börn eru lengur en átta stundir á dag á leikskólum borgarinnar. Gróft áætlað eru um þriðjungur þeirra börn einstæðra foreldra, námsmanna eða öryrkja. Tæplega 200 börn eru í níu og hálfa stund á dag á leikskólanum.

Oddný bendir á að dvalartími barna á leikskólum borgarinnar hafi lengst eftir að kreppan skall á, þvert á það sem spár hafi gert ráð fyrir. Nú séu 39,5 prósent barna lengur en átta stundir á dag á leikskólanum, en hlutfallið hafi verið um 37 prósent í september 2008.

brjann@frettabladid.is



**LEIKSKÓLAR** Um 2.300 börn eru lengur en átta stundir á dag á leikskólum borgarinnar. Um þriðjungur þeirra eru börn einstæðra foreldra, námsmanna eða öryrkja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HÆKKAR MEST UM RÚMLEGA 63 PRÓSENT**

| | Fyrir* | Eftir* | Hækkun |
|---|---|---|---|
| Hjón eða sambúðarfólk sem kaupir 9,5 klukkustundir á dag | 23.361 | 38.155 | 63,3 prósent |
| Hjón eða sambúðarfólk sem kaupir 9 klukkustundir á dag | 22.459 | 31.155 | 38,7 prósent |
| Hjón eða sambúðarfólk sem kaupir 8,5 klukkustundir á dag | 21.557 | 24.155 | 12,1 prósent |
| Einstæðir eða námsmenn sem kaupa 9,5 klukkustundir á dag | 13.329 | 19.463 | 46,0 prósent |
| Einstæðir eða námsmenn sem kaupa 9 klukkustundir á dag | 12.955 | 16.560 | 27,8 prósent |
| Einstæðir eða námsmenn sem kaupa 8,5 klukkustundir á dag | 12.581 | 13.658 | 8,6 prósent |

*Samanlögð gjöld fyrir eitt barn á leikskóla, að máltíðum meðtöldum. Veittur er 100 prósent systkinaafsláttur af námsgjöldum en afslátturinn nær ekki til gjalda fyrir máltíðir.



# STJÚPU SPRENGJA!

Blómaval er langstærsti söluaðili á íslenskum garðplöntum.



20 stk Stjúpur 1499 kr

10 stk Stjúpur 799 kr



Margarita 899 kr

Sólboði 599 kr

## TAX FREE! TAX FREE! AF ÖLLUM SLÁTTUVÉLUM

AÐEINS Í DAG!



Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

**Gildir í verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals um land allt**
**Munið: Opið til 21:00 í Skútuvogi**

HÚSASMIÐJAN x blómaval Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.







# Margar slysagildrur í íbúðahverfum

**Víða leynast umferðargildrur í íbúðahverfum segja lögregla og Umferðarstofa. Tvö alvarleg slys urðu í síðustu viku þar sem drengur á hlaupahjóli og annar á hlaupum urðu fyrir bílum. Öðrum þeirra er haldið sofandi í öndunarvél.**

**UMFERÐ** Víða í íbúðahverfum á höfuðborgarsvæðinu leynast hreinar slysagildrur fyrir börn sem fara um á hjólum, hlaupabrettum eða tveimur jafnfljótum. Þetta er mat Einars Magnúsar Magnússonar frá Umferðarstofu, Valgarðs Valgarðssonar og Margeirs Sveinssonar frá umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Í síðustu viku urðu tvö alvarleg slys í íbúðahverfum, í öðru tilfellinu var ekið á dreng sem fór hlaupandi milli tveggja kyrrstæðra bíla í Steinási í Garðabæ. Honum er nú haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæslu Landspítalans. Hitt var í Blómvangi í Hafnarfirði en þá var ekið á dreng sem kom á hlaupahjóli niður göngustíg sem lá þvert á akbraut. Þremenningarnir segja að eins og aðstæður eru þar sem slysið varð er vonlaust fyrir ökumann að bregðast þegar barn kemur rakleiðis af göngustígnum og út á götu. „Viðbragðstíminn er nánast enginn,“ sagði Einar Magnús þegar hann skoðaði vettvang með blaðamanni. „Ökumaður sér ekki vegfarandann fyrr en tveir eða þrír metrar eru á milli þeirra.“ Margeir sá svo marga agnúa á göngustígnum að hann sagðist telja réttast að loka honum og vísa gangandi umferð eitthvert annað. „Þetta er afar óheppilegt því svo er leiksvæði hérna rétt fyrir ofan,“ sagði hann og benti upp stíginn.


EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

Valgarður og Margeir höfðu gert athugun á nokkrum íbúðahverfum og séð svo ekki var um villst að slysagildra sem þessi er ekkert einsdæmi. Þeir hvetja bæjar- og borgaryfirvöld til að setja girðingu meðfram stígunum og síðan tálma þar sem þeir mæta götunni svo að barn sem komi á ferð verði að hægja á sér áður en það fer út á götu. Heppilegast væri að tálmarnir vísuðu þannig að barnið yrði að snúa sér í átt að umferð þegar það er komið að götunni.

Þremenningarnir hvetja síðan alla ökumenn til að hafa aðgát en flestir eiga það til að keyra hraðar þegar veðrið hlýnar en með hlýnandi veðráttu eykst einnig umferð hjólandi barna.

jse@frettabladid.is


**SVONA VILJA ÞEIR HAFA ÞAÐ** Hindranir á við þessar hefðu efalítið getað breytt ýmsu hefði þeim verið fyrir að fara við Blómvang. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI







**SLYSAGILDRA VIÐ BLÓMVANG Í HAFNARFIRÐI** Þarna átti slys sér stað síðastliðinn laugardag. Eins og sjá má er engin leið fyrir ökumann að sjá vegfaranda sem kemur af göngustígnum, sem er handan við hvíta vegginn, fyrr en um seinan.

## AFI DRENGSINS SEM LENTI Í SLYSINU: „KRÍTÍSKIR DAGAR“

„Líðan hans er stöðug en þetta eru krítískir dagar,“ segir Haraldur Henrysson, afi drengsins sem lenti í slysinu í Garðabæ og liggur nú í öndunarvél á gjörgæsludeild. Drengurinn höfuðkúpubrotnaði og það kom blæðing inn á heilann. „Maður verður bara að láta hverjum degi nægja sína þjáningu núna meðan beðið er en við vonum að hægt verði að vekja hann fljótt.“

Hann segir að drengurinn hafi farið milli tveggja kyrrstæðra bíla sem lagt var við götuna. „Annar þeirra var frekar hár svo hann byrgir bæði drengnum og ökumanninum sýn. Þannig að ökumaður sá ekkert fyrr en allt var um seinan.“ Heimildir Fréttablaðsins herma að ökumaður hafi ekki ekið hratt þegar slysið varð.

„Það er að mörgu að huga þegar börn eiga í hlut en ég vil hvetja bílstjóra til að huga að því þegar þeir leggja bílum sínum, sérstaklega ef þeir eru stórir, að gera það ekki þannig að það byrgi vegfarendum sýn.“




Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu. Nú hafa þeir opnað vefinn **gardplontur.is** Þar má finna margvíslegan fróðleik.

Skoðaðu **gardplontur.is** og nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

**VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.**

íslenskar garðplöntur




10 1999 2009 ÁRA

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR

Við höfum tekið til starfa í nýju útibúi MP Banka að Borgartúni 26. Þar starfar samstilltur hópur með langa reynslu af því að veita framúrskarandi og faglega bankaþjónustu. Við þökkum frábærar móttökur við opnun útibúsins og netbankans og hvetjum þig til að kynna þér þjónustuframboðið hjá MP Banka.

**Starfsfólk útibús MP Banka Borgartúni.**

MP BANKI

**Borgartúni 26 þjónustusími: 540 3200 thjonusta@mp.is www.mp.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Dýrkeypt einkavæðing helmingaskiptaflokkanna:

# Dómur sögunnar

JÓN KALDAL SKRIFAR

Í þessari viku hafa tveir menn gert að umtalsefni þátt einkavæðingar bankanna í hruni efnahagslífsins. Annar er innanbúðarmaður í íslenskum efnahagslífi í áratugi, hinn erlendur sérfræðingur og gestur í landinu. Báðir komast að sömu niðurstöðu. Margt af því sem helst fór úrskeiðis í viðskiptalífinu tengist með beinum hætti einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans á sínum tíma.

Þetta eru ekki fyrstu mennirnir sem vilja líta aftur til einkavæðingar bankanna sem upphafið að endalokum bankakerfisins, og örugglega ekki þeir síðustu. Það er hins vegar full ástæða til að halda orðum þeirra rækilega til haga og draga af þeim mikilvægan lærdóm um það hvernig á ekki að standa að verki.

Fyrrnefndi maðurinn er Þorsteinn Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri hjá Háskólanum í Reykjavík og fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá Eimskip. Í nýrri bók gengur hann svo langt að fullyrða að „upphaf efnahagshrunsins þjóðarinnar“ megi rekja til einkavæðingar bankanna. Í kjölfarið hafi orðið sú breyting í viðskiptaumhverfi landsins að lánastofnanir og eigendur þeirra urðu í mörgum tilvikum bæði stórir hluthafar og stórir lánveitendur í fyrirtækjum. Það hafi reynst banvæn blanda.

Hinn síðarnefndi er Svíinn Mats Josefsson, ráðgjafi ríkisstjórnarinnar um endurreisn bankakerfisins. Hann komst svo að orði í viðtali að eftir einkavæðingu hafi bankarnir byrjað að kaupa fyrirtæki úti um allt, innanlands og utan. Sagðist hann ekki vita um nein sambærileg dæmi. Afleiðingin varð gríðarleg en innistæðulaus þensla í hagkerfinu.

Nauðsynlegt er að færa til bókar að hvorugur gagnrýnir að bönkunum hafi verið komið úr eigu ríkisins. Málið snýst um hvernig að því verki var staðið og hvaða umgjörð var sköpuð í framhaldinu. Eða réttara sagt láðist að skapa með því að styrkja regluverk um fjármálastofnanir og eftirlit með þeim.

Aðferðafræðin og sjónarmiðin að baki einkavæðingu gömlu ríkisbankanna eru því miður lýsandi fyrir það óheilbrigða viðskiptaumhverfi sem ríkti á Íslandi um árabil í skjóli Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Davíð Oddsson, Halldór Ásgrímsson, Geir H. Haarde og Valgerður Sverrisdóttir voru fulltrúar þessara flokka í ráðherranefnd sem tók ráðin af framkvæmdanefnd um einkavæðingu og ákvað hverjir ættu að fá að eignast Búnaðarbankann og Landsbankann.

Skyndilega var horfið frá skynsamlegum hugmyndum um að mikilvægt væri að eignarhaldi í bönkunum yrði dreift svo þeir yrðu sem hlutlausastir gagnvart viðskiptalífinu. Í staðinn voru handvaldir menn sem tengdust þessum flokkum.

Í grein um Davíð Oddsson, í bókinni Forsætisráðherrar Íslands, færir Styrmir Gunnarsson rök fyrir því að ástæðan fyrir kúvendingu Davíðs frá dreifðu eignarhaldi hafi verið vilji hans til að skapa mótvægi við þá ógn sem hann sá þá stafa frá Íslandsbanka.

Þetta er örugglega rétt mat hjá Styrmi. Þetta varð hins vegar til þess að allir stærstu bankar landsins urðu meira eða minna eins. Í þröngu eignarhaldi, áhættusæknir og hagsmunir þeirra fléttaðir rækilega saman við afkomu annarra stórra félaga í eigu sömu manna. Íslenskt hagkerfi hefði sjálfsagt þolað einn slíkan banka, en þrír kafsigldu það. Það verður ekki vikist undan dómi sögunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Aðalfundarborð**

Stjórn Þörungaverksmiðjunnar HF., enskt hjáheiti „Thorverk“, boðar hér með til aðalfundar félagsins er haldinn verður í fundarsal Þörungaverksmiðunnar á Reykhólum miðvikudaginn 3. júní nk. kl. 1300.

**Dagskrá fundarins verður eftirfarandi:**

- Hefðbundin aðalfundarstörf í samræmi við 16. grein samþykkta félagsins
- Önnur mál sem löglega eru upp borin

Stjórn Þörungaverksmiðjunnar HF

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Löglega afsakaðir

Á mánudag gaf Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra skýrslu um efnahagsmál að beiðni sjálfstæðismanna en á eftir gafst tími fyrir andsvör. Lítið fór fyrir sjálfstæðismönnum í þeirri umræðu og benti Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Borgarahreyfingarinnar, á að það væri enginn sjálfstæðismaður í þingsalnum til að ræða skýrsluna sem þeir óskuðu eftir. Margrét fékk þau svör að þingmenn Sjálfstæðisflokksins væru farnir upp í Valhöll að borða rjómatertur í tilefni af 80 ára afmæli flokksins.



### Ramboð

Ríkisstjórnin hefur gefið út samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna í snotrum bæklingi. Hún hefst á þessum orðum: „Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og ramboðs [sic!] er mynduð um að tryggja félagslegan og efnahagslegan stöðugleika…“ Orðið ramboð er ekki að finna í orðabók Marðar Árnasonar. Ætli það hafi verið í verkahring Samfylkingarinnar að prófarkalesa bæklinginn?



### Opið umboð

Stjórnarandstaðan geldur varhug við þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um aðildarviðræður við ESB og klifar á því að hún vilji ekki veita Samfylkingunni „opið umboð“ til samningaviðræðna. Það væri auðvitað ekki æskilegt; ef Samfylkingin hefði opið umboð í samningaviðræðum gæti hún bara tekið sig til og gengið í ESB án þess að spyrja kóng né prest. En það er ekki svo – í þingsályktunartillögunni er kveðið skýrt á um að aðildarsamningurinn yrði borinn undir þjóðaratkvæði. Umboðið er nú ekki opnara en svo.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Hvaða kosningar?



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Skammarkrókurinn í Strassborg

Hvað hefur eiginlega komið fyrir Rachidu Dati?“ spurðu áhyggjufullir fréttamenn nýlega í fréttatímum franskra útvarpsstöðva. Rachida Dati var þá í þann veginn að láta af störfum sem dómsmálaráðherra og hafði tekið við öðru sætinu á lista stjórnarflokksins fyrir Parísarsvæðið í Evrópukosningunum sem fara fram 7. júní. Í þessu nýja hlutverki sínu hafði hún mætt á fundi ungra flokksmanna og svarað spurningum þeirra, en svörin sem hún gaf þóttu í meira lagi undarleg. Hún var spurð hvort ráðamenn í Evrópusambandinu skiptu sér ekki um of af innanlandsmálum aðildarríkjanna, og þá sagði hún þetta: „ESB skiptir sér af því sem það er látið skipta sér af…Það skiptir sér af því sem það er látið skipta sér af hjá þeim mönnum sem geta lagt fram mál til að skipta sér af. Sem sagt í þessu tilviki okkur.“ Og svo bætti hún við: „Var þetta ekki bara nokkuð gott hjá mér?“

Þegar hún svaraði síðan spurningu um orkumál tók hún fram að svarið hefði hún undirbúið vandlega og fór svo að rýna í blöð: „Við vorum búin að æfa þetta! Og nú les ég. 77% af okkar orku koma úr kjarnorkuverum… Er það ekki? Nei, raforku… en mér var samt sagt orku. En það skiptir ekki máli, það þarf hvort sem er að leggja höndum saman til að efla vindrafstöðvar. Er það ekki?“

Fréttamenn veltu því fyrir sér hvort frambjóðandinn hefði verið undir einhverjum annarlegum áhrifum, og stjórnarandstæðingar sögðu: „hneykslanlegt“, „ömurlegt“. En Michel Barnier, sá sem var efstur á listanum, kom Rachidu Dati til varnar og sagði að andrúmsloftið þessa stundina hefði verið alveg sérlega afslappað, menn hefðu verið að gera að gamni sínu eftir flóknar umræður. „Stjórnmálin eru líka hlátur“ sagði Rachida sjálf.

Svo er þó ekki að sjá að menn hafi mikið látið sannfærast af þessari skýringu, og fréttaskýrandi einn, þekktur stjórnmálafræðingur, sem ég heyrði í útvarpinu, leit öðrum augum á málið. „Þegar ég var í skóla“, sagði hann, „vildu foreldrar mínir að ég lærði rússnesku og settu mig í rússneskutíma. En ég vildi það alls ekki, og hvernig hefndi ég mín? Ég ullaði framan í kennarann. Nú er Rachida Dati fallin í ónáð, Sarkozy ætlar að losa sig við hana með að senda hana í skammarkrókinn á Evrópuþinginu í Strassborg, og við því bregst hún á sama hátt og ég gerði, hún ullar framan í menn.“ Svo bætti hann við: „Michel Barnier var ráðherra og enginn tók eftir honum, bráðum verður hann væntanlega kominn á þing í Strassborg þar sem enginn mun heldur taka eftir honum, en þarna gat hann látið ljós sitt skína.“

Vafalaust hafði hinn lærði stjórnmálafræðingur nokkuð til síns máls, en samlíkingin er þó að einu leyti völt. Líklegt er að rússneskuneminn ungi hefði fengið að dúsa í einhverju skamma-gúlagi skólans ef kennarinn hefði tekið eftir honum, en þeir sem horfðu á dómsmálaráðherrann leika þessar sömu listir höfðu hins vegar hið mesta gaman af því. Því enginn þeirra lét blekkjast. Varla nokkur maður í Frakklandi virðist taka þessar Evrópukosningar alvarlega, og margir leiða þær með öllu hjá sér. „Hvaða kosningar?“ spyrja þeir ef þær ber á góma, „verða einhverjar kosningar, verða kannske einhverjar kjördeildir opnaðar?“ og svo yppa þeir öxlum. Menn vita að á þetta þing í Strassborg eru einkum sendir þeir sem menn vilja af einhverjum ástæðum losa sig við úr stjórnmálum, bæði þeir sem eru fallnir í ónáð og svo þeir sem ekki er lengur pláss fyrir og hafa orðið undir í glímunni en hafa þó enn nægilega beittar vígtennur til að geta glefsað, ef þeim er ekki séð fyrir feitum bitling. Þeir eru sárafáir sem velja af sjálfsdáðum þetta þing til að láta þar til sín taka, varla aðrir en Daniel Cohn-Bendit, flestir þeir sem þangað dæmast taka þann kostinn að láta sem sjaldnast sjá sig á þessu krummaskuði, og ef þeim tekst að ná í eitthvert alvöru umboð kjósenda í Frakklandi, þingsæti í París og slíkt, eru þeir umsvifalaust hlaupnir. Þetta gildir að vísu ekki um þingmenn frá norðurhluta Evrópu, sem munu vera afar glaðir yfir því að fá að frílista sig í Elsass, en um fjarvistir frönsku þingmannanna er oft skrifað í blöð.

Þess vegna er nú kominn nokkur skjálfti í leiðtoga frönsku stjórnmálaflokkanna. Í síðustu Evrópukosningum var þátttakan ekki nema rétt yfir fjórutíu prósent, og nú óttast sumir að hún kunni að verða enn minni. Aðeins eitt getur orðið til bjargar, menn líta stundum á þessar kosningar sem nokkurs konar „alvöru“ skoðanakönnun sem leiði í ljós breytingar á fylgi flokka. Þeir sem eru mjög pólitískir munu því kannske greiða atkvæði til að forða Flokknum Sínum frá afhroðum. Þannig hafa kosningarnar a.m.k. fengið einhvern tilgang.

# Málsvörn framsóknarmanna

**UMRÆÐAN**

Gestur Valgarðsson skrifar um bæjarmál í Kópavogi



GESTUR VALGARÐSSON

Að undanförnu hefur mikið verið fjallað um viðskipti Kópavogsbæjar við fyrirtækið Frjálsa miðlun sem er í eigu dóttur bæjarstjórans, Gunnars I. Birgissonar. Fjölmiðlar hafa gert málinu skil og dregið fram atriði sem krefjast skýringar.

Fáir hafa tjáð sig opinberlega en þó eru dæmi um það. Einn af trúarleiðtogum Sjálfstæðisflokksins, Gunnar í Krossinum, tjáði sig um málið nýlega. Þá hefur formaður Sjálfstæðisflokksins sagt að hann skorti skilning og upplýsingar um málið.

Samfylkingin er málshefjandi en hefur ekki sett fram skýrar kröfur í málinu en það verður að teljast mikilvægt að hún geri það.

Framsóknarmenn hafa haldið fund um málið og lauk honum með þeirri ákvörðun að rétt væri að bíða skýrslu endurskoðenda áður en til frekari aðgerða verður gripið. Leggjum við jafnframt áherslu á að vinnan verði vönduð og flýtt eins og unnt er.

Þess skal getið að margir framsóknarmanna eru ósáttir við þessa afstöðu og benda á að þarna er möndlað með útsvarspeningana okkar. Til málsbóta verður að segja að uppgefnar tölur eru með virðisauka og aðkeyptri þjónustu svo sem prentkostnaði og fleiru. Þetta er rétt að hafa í huga.

Þó sýnist sem einn rauður þráður gangi í gegnum stöðumat margra en það er að samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á undanförnum árum hefur skilað góðu búi, ekki síst á tímabili Sigurðar Geirdal. Má jafnvel segja að þar í felist málsbætur sem komi til refsilækkunar – ef þannig má að orði komast.

Það liggur hins vegar einnig fyrir að Framsóknarflokkurinn mun ekki sitja undir því mati að þessi viðskipti séu eðlileg og ógagnrýniverð og vill leggja sitt af mörkum til að ná sáttum við bæjarbúa. Framsóknarflokkurinn í Kópavogi mun ekki láta sitt eftir liggja og ef Sjálfstæðisflokkurinn finnur ekki leið út úr þessum ógöngum hljótum við framsóknarmenn að endurskoða afstöðu okkar til málsins í heild sinni.

*Höfundur er formaður Framsóknarfélags Kópavogs.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nýr Álftanesvegur

**UMRÆÐAN**

Ingvar Arnarsson skrifar um vegalagningu í Garðabæ



INGVAR ARNARSSON

Nú í byrjun sumars á að ráðast í vegalagningu á nýjum Álftanesvegi. Margir telja að þessi vegur sé óþarfur og þarna sé verið að bruðla með almannafé. Einnig er talið að þessi vegur muni eyðileggja fornminjar, forna slóða og leggja í rúst frábært útivistarsvæði sem gæti nýst Garðbæingum og Álftnesingum um ókomna tíð. Þrátt fyrir mikla andstöðu við þennan veg þá virðist fátt geta stöðvað þessa framkvæmd.

Ég er einn af þeim sem undrast þessa framkvæmd og eftir samtöl mín við menn sem vinna fyrir bæinn eru margir þeirra á sama máli. Garðabær hefur nú þegar tekið út fyrirhugaða tengingu við Vífilsstaðaveg og var það gert vegna þrýstings manna sem tengjast bæjarstjórn flokksböndum og búa í Ásahverfinu, ekki vildu þessir ágætu menn fá aukna bílaumferð í hverfið sitt. Tenging Vífilsstaðavegar við Álftanesveg var ein af forsendum þess að vegurinn skyldi færður út í hraunið, einnig var talið nauðsynlegt að stækka veginn svo hann gæti þjónustað þann fjölda fólks sem átti að flytja í fyrirhugaða byggð á Garðaholti, sem verður ekki mjög stór og fjölmenn úr þessu.

Þeir sem hafa mótmælt þessari framkvæmd hafa komið með margar tillögur sem gætu verið mun auðveldari í framkvæmd og myndu ekki raska hrauninu eins mikið og nýi vegurinn. Sem dæmi má nefna að leggja hluta núverandi Álftanesvegar í stokk þar sem íbúðabyggð við hann er sem mest og gera húsagötu ofan á stokkinn. Halda sig við núverandi vegstæði, setja á hann hringtorg og þannig hægja á umferð um hann og fækka þeim hraðakstursslysum sem hafa þar orðið. Laga núverandi vegarstæði og reisa við veginn hljóðmanir eða grindverk.

Allar þessar hugmyndir hafa verið hunsaðar af ákveðnum mönnum í bæjarstjórn og virðist sem eitthvað undarlegt sé í gangi og vekur þetta hjá mér margar spurningar, því að það virðast allir aðrir en þessir ágætu aðilar vera á sama máli, að þessi vegur sé óþarfur.

Ég minnist því setningar úr góðri bíómynd sem hljóðaði svo: Eltið peningaslóðina!! Og þess vegna er ég nokkuð viss um að gerð þessa nýja Álftanesvegar sé til að þjóna hagsmunum einhverra peningamanna.

Nú spyr ég ykkur í bæjarstjórn Garðabæjar; hverjir munu hagnast á þessum vegi? Þ.e.a.s. af hvaða aðilum þarf að kaupa land sem þessi vegur mun fara yfir og hversu háar fjárhæðir eru áætlaðar í það? Hver mun hagnast mest á þessum vegi, eru það íbúar Garðabæjar og Álftaness eða er einhver annar sem mun græða á þessari fáránlegu vegalagningu?

*Höfundur er Garðbæingur.*





Kaupþing býður til fræðslufundar um lífeyrissparnað, á morgun 28. maí í Borgartúni 19, klukkan 17.30.

Fræðsla á mannamáli. Gott tækifæri til að öðlast betri skilning á lífeyrismálum. Fróðleikur og veitingar.

Allir velkomnir.
Skráðu þig á **www.kaupthing.is**
eða hafðu samband við Ráðgjöf
Kaupþings í síma **444 7000.**

KAUPÞING

512 50 50 Auglýsingasími — Mest lesið

**Atvinnulausir félagsmenn VM - Félags vélstjóra og málmtæknimanna**



*VM býður félagsmönnum í atvinnuleit að koma og ræða málin fimmtudaginn 28. maí frá kl. 10 til 12 í VM húsinu, Stórhöfða 25 á 4. hæð. Kjörið tækifæri til að hitta aðra félagsmenn í atvinnuleit, spjalla saman yfir kaffiveitingum, skiptast á skoðunum og deila upplýsingum.*

Félag vélstjóra og málmtæknimanna

HENRY KISSINGER ER 86 ÁRA Í DAG.

*„Enginn mun nokkurn tímann sigra í baráttu kynjanna. Nándin við óvininn er of mikil.“*

***Henry Kissinger, sem var utanríkisráðherra í stjórn Richard Nixons Bandaríkjaforseta á tímabilinu 1973 til 1977, hafði mikil áhrif á utanríkismálastefnu Bandaríkjanna á 7. og 8. áratug síðustu aldar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 27. MAÍ 1895

## *Í fangelsi fyrir samkynhneigð*



Á þessum degi fyrir 114 árum var írska skáldið, leikritaskáldið og rithöfundurinn Oscar Wilde dæmdur til fangelsisvistar vegna samkynhneigðar sinnar.

Wilde, sem var þekktur fyrir kaldhæðni sína, orðsnilld og hnyttin tilsvör, gerði ungur uppreisn gegn karlmannlegum gildum. Hann varð hugfanginn af fegurðinni og ekki síst eigin útliti. Hann safnaði síðu hári, klæddist spjátrungslegum fötum og skreytti vistarverur sínar með páfuglsfjöðrum og fögrum blómum.

Kynhneigð Wilde varð fólki óendanleg uppspretta umræðu og hneykslan. Honum hefur bæði verið lýst sem samkynhneigðum og tvíkynhneigðum, en hann átti í mörgum ástarsamböndum um ævina, bæði við karla og konur. Samskipti hans við unga drengi fóru ekki síst fyrir brjóstið á samtímafólki hans en þau fór hann síður en svo leynt með.

Wilde sat inni í tvö ár og fór fangelsisvistin illa með heilsu hans. Eftir að honum var sleppt lausum hinn 19. maí 1897 var hann peningalaus og eyddi tíma sínum í sjálfskipaðri útlegð frá samfélaginu og kreðsum listamanna. Hann dó þremur árum síðar, þá 46 ára gamall.

### MERKISATBURÐIR

**1746** Sett er tilskipun um húsvitjanir og skulu prestar minnst tvisvar á ári húsvitja.

**1857** Settar eru reglur um að danskir embættismenn skuli standast íslenskupróf til að fá stöður á Íslandi.

**1981** Fjórir menn farast í flugslysi á Holtavörðuheiði.

**1982** Ólafur Jóhann Ólafsson lauk stúdentsprófi með 9,67, hæstu einkunn sem gefin hafði verið frá MR.

**1982** Davíð Oddsson tók við starfi borgarstjóra Reykjavíkur.

**1983** Hús verslunarinnar í Reykjavík tekið í notkun.

**1991** Landsbankinn yfirtekur rekstur Samvinnubankans.

---



*Okkar elskulega*

**Rannveig Sveinsdóttir**
Ásvallagötu 17, 101 Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum fimmtudaginn 21. maí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 28. maí kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Friðgerður Friðgeirsdóttir**
**Birgir Jóhannesson.**

---



*Okkur innilegustu þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gunnars Guðjónssonar**
frá Hofstöðum.

Guð blessi ykkur öll.

**Eiginkona, börn, tengdabörn og fjölskyldur þeirra.**

---



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir okkar, amma og langamma,*

**Björg Steindórsdóttir**
áður til heimilis að Grænumýri 7, Akureyri,

lést á Kristnesspítala þriðjudaginn 19. maí sl. Útförin verður gerð frá Akureyrarkirkju föstudaginn 29. maí kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarsjóðinn Ljósberann – minningarsjóð séra Þórhalls Höskuldssonar, sem er í vörslu Akureyrarkirkju.

**Hulda Kristjánsdóttir** / **Gestur Jónsson**
**Kristján Gestsson** / **Ingibjörg Dagný Jóhannsdóttir**
**Jón Ásgeir Gestsson** / **Hrund Steingrímsdóttir**
**Árni Björn Gestsson**
**Þóra Steinunn Gísladóttir**
**Gísli Sigurjón Jónsson**
**Björg Þórhallsdóttir**
**Höskuldur Þór Þórhallsson** / **Þórey Árnadóttir**
**Anna Kristín Þórhallsdóttir** / **Runólfur Viðar Guðmundsson**
**og barnabarnabörn.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

---



**VIÐ VERKIN SÍN** Bakhliðar póstkorta urðu Kristjáni Guðmundssyni innblástur fyrir þessi verk sem gerð eru úr smáum plastplötum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KRISTJÁN GUÐMUNDSSON: HLÝTUR HIN VIRTU CARNEGIE-VERÐLAUN

# Vel að verðlaununum kominn

„Auðvitað er ég ánægður með að fá þessi verðlaun, þó ég taki venjulega ekki þátt í sýningum með samkeppnissjónarmið í huga,“ segir myndlistarmaðurinn Kristján Guðmundsson. Í gær var tilkynnt að hann hlyti Carnegie-verðlaunin, sem munu vera ein veglegustu myndlistarverðlaun sem veitt eru í heiminum. Verðlaunaupphæðin hljóðar upp á eina milljón sænskra króna, sem í dag jafngildir um sautján milljónum íslenskra króna.

Stofnað var til Carnegie-verðlaunanna árið 1999 af Carnegie Investment Bank AB til að efla framúrskarandi norræna listamenn. Þetta er í fyrsta skipti sem Íslendingur hlýtur fyrstu verðlaunin.

Við hátíðlega athöfn í Listasafni Íslands í gær, þar sem Kristján var heiðraður, kom fram í máli aðstandenda verðlaunanna að dómnefndin hafi verið sammála um að veita Kristjáni fyrstu verðlaunin, enda sé hann vel að þeim kominn. Þau hlýtur hann fyrir verk „þar sem hann teflir saman efni og hugmynd á þann sérstæða hátt sem er dæmigerður fyrir stíl listamannsins“, eins og segir í tilkynningu.

Nýverið var opnuð í Listasafninu stór sýning með verkum Kristjáns. Þar má meðal annars sjá „hljóðdempandi málverk“, svipuð þeim sem verða á Carnegie-sýningunni. Þar er einnig að finna önnur verk, meðal annars stórar myndir samansettar úr litlum kubbum. „Þetta er sama system og lego, svartar takkaplötur sem eru settar saman,“ útskýrir hann. „Verkin sýna nákvæmar bakhliðar póstkorta en ég læt myndirnar ráða því hvernig þau snúa,“ segir Kristján, sem er þekktur fyrir að vekja áhorfendur til umhugsunar með sérstæðum verkum sínum.

Kristján mun taka við verðlaununum úr hendi Margrétar Þórhildar Danadrottningar hinn 17. september næstkomandi við athöfn í Kunsthal Charlottenborg í Kaupmannahöfn. Við það tækifæri verður opnuð sýning á verkum þeirra 23 norrænu listamanna sem dómnefndin valdi úr hópi 148 tilnefninga til Carnegie-verðlaunanna 2010. Þeirra á meðal er einnig íslenski listamaðurinn Egill Sæbjörnsson.

Sýningin mun fara víða, til höfuðborga allra Norðurlandanna, auk London, Peking og Nice á næsta eina og hálfa ári. Kristján á ekki von á að vera viðstaddur allar sýningarnar, þrátt fyrir að hafa hlotið fyrstu verðlaunin. „Ég reikna ekki með að elta alla sýninguna. Ætli ég láti það ekki duga að fara á opnunina.“

**holmfridur@frettabladid.is**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Sigríður Guðjónsdóttir**

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju í dag, miðvikudag, kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarsjóð Oddfellowstúku nr. 5, Þórsteinn.

**Guðjón Pétur Ólafsson** / **Hildur Gunnarsdóttir**
**Ragnar Ólafsson** / **Jóhanna G.Z. Jónsdóttir**
**Anna Margrét Ólafsdóttir** / **Birgir Eðvarðsson**
**Ásta Björg Ólafsdóttir** / **Jón Ingiberg Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Þórir Davíðsson**
Hvassaleiti 58, áður Akurgerði 18, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 18. maí sl., verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 28. maí kl. 13.00.

**Elísa Jóna Jónsdóttir**
**Elísabet Bjarklind Þórisdóttir**
**Þórdís Þórisdóttir**
**Linda Sjöfn Þórisdóttir** / **Páll Daníel Sigurðsson**
**Páll Hinrik Þórisson** / **Stefanía Bjarnason**
**og barnabörn.**


ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is


# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...


Græna prentsmiðjan
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 27. maí 2009 – 21. tölublað – 5. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



Svindlað fram hjá Seðlabanka
Höndlað með gjaldeyri í trássi við lög
2

Færeyingarnir koma!
Mörg tækifæri í Færeyjum



4-5

Þorkell Sigurlaugsson
Segir þörf á nýrri stefnu



2

## Verðbólgan óvænt meiri

Verðbólga jókst um 1,3 prósent milli mánaða í maí samkvæmt mælingu Hagstofunnar meðan greinendur höfðu spáð margfalt minni hækkun, 0,3 til 0,6 prósentum. Tólf mánaða verðbólga fer úr 11,9 prósentum í 11,6.

„Gengisáhrif vega þarna þyngst,“ segir Guðrún R. Jónsdóttir á vísitöludeild Hagstofunnar. Hún bendir á að frá áramótum hafi umræðan verið á þá leið að veiking krónunnar væri tímabundin. Nývérið hafi hins vegar bæði Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið sent frá sér spár þar sem gert er ráð fyrir veiku gengi krónunnar næsta árið eða svo.

„Þá bíða menn ekki lengur með hækkun, haldi þeir að gengið styrkist ekki í bráð,“ segir hún og bendir á að innfluttar vörur hafi hækkað um 2,2 prósent í mælingunni og eigi 0,83 prósentustig í mánaðarhækkuninni. Önnur þjónusta hafi haft 0,26 prósentustiga áhrif og þar vegi þyngst verðhækkun á flugi. „Við skoðum netfargjöldin á helstu leiðum og miðum þá við að keypt sé far eftir mislangan tíma.“ Hækkun á húsnæðislið segir hún að komi kannski mest á óvart, en það kunni að skýrast af litlum og sveiflukenndum viðskiptum.

„Við sjáum ekki rof í því ferli að húsnæðisverð sé að lækka,“ segir Guðrún og bendir jafnframt á að verðbólga hjaðni enn þótt hjöðnunin sé hægari en ráð hafi verið fyrir gert. „Miðað við þrjá mánuði er ársverðbólga fjögur prósent og miðað við hálft er hún rúm sjö prósent.“ - óká

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Lán verður gróði |** Bandaríski bankinn JPMorgan hefur breytt slæmum lánum í tekjur og reiknar með að það skili bankanum hagnaði upp á 29 milljarða dala. Hagnaðurinn er fjórðungur af eignasafni fasteignalánabankans Washington Mutual, sem JP Morgan keypti í fyrrahaust.



**Snarpur samdráttur |** Hagvöxtur í Þýskalandi dróst saman um 6,7 prósent á fyrstu þremur mánuðum ársins. Slíkt hefur ekki sést eftir að Berlínarmúrinn féll og Þýskaland sameinaðist á haustdögum 1990. Mikill samdráttur í útflutningi skýrir þróunina að nær öllu leyti.

**Olíubirgðir aukast |** Eftirspurn eftir olíu hefur ekki verið minni í Bandaríkjunum frá 1981. Þetta hefur valdið því að olíubirgðir hrannast upp þar í landi en þær hafa ekki verið meiri í um tuttugu ár. Gert er ráð fyrir að heimsmarkaðsverðið fari í kringum 50 dali á hlut vegna þessa.

**Færri í vinnu |** Tæpur helmingur breskra fyrirtækja ætlar ekki að ráða framhaldsskólanema eða nýútskrifaða stúdenta í sumarvinnu og 75 prósent þeirra draga úr ráðningunum í ár. Þetta kemur fram í nýlegri könnun þar í landi.

# Vanskil Existu kalla á hertar aðgerðir

**Skilanefndir gömlu bankanna og Nýja Kaupþing hafa gert árás á Existu, segir stjórnarformaður félagsins. Íslenskir kröfuhafar eru sagðir þekkja félagið betur en erlendir.**

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Við viljum aðeins fá sem mest af kröfum okkar borgaðar til baka,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis. Hann segir Existu hafa lent í vanskilum með greiðslu lána. Það skýri að kröfuhafar sæki að félaginu.

Skilanefndin er ein þriggja skilanefnda gömlu bankanna auk Nýja Kaupþings sem hefur sett sig upp á móti áætlun Existu um endurskipulagningu félagsins. Áætlunin, sem endurskoðendafyrirtækið KPMG í London í Bretlandi teiknaði upp, gengur svo sem út á að lánum Existu verði breytt í skuldabréf til áratugar og að arðgreiðslur frá dótturfélögum verði nýttar til greiðslu lána móðurfélagsins.

Erlendir lánardrottnar, 37 bankar sem hlut eiga að sambankalánum Existu, hafa samþykkt áætlunina. Enn á þó eftir að undirrita samninga þessa efnis.

Viðmælendur Markaðurinn telja ástæðu þess að íslensku lánardrottnarnir hafi sett sig upp á móti tilraunum til að endurskipuleggja Existu þá að þeir þekki félagið betur en erlendu lánardrottnarnir og geti áttað sig betur á stöðunni sem Exista standi frammi fyrir. Erlendu lánardrottnarnir séu á móti sáttir ef eitthvað af lánum félagsins skili sér í hús.

Íslensku kröfuhafarnir, sem eiga um helming af um 200 milljarða króna skuldbindingu Existu, jafnvirði eins milljarðs evra, vilja skoða margar leiðir, svo sem að skipta félaginu upp í sjálfstæðar einingar. Þannig yrði tryggingafélagið VÍS, fjármögnunar- og eignaleigufyrirtækið Lýsing og Síminn skilin frá móðurfélaginu. Lítil breyting verði á daglegum rekstri fyrirtækjanna og mögulegt sé að hámarka virði eignanna.

Stjórn Existu er alfarið á móti þessum hugmyndum og telur hag félagsins betur borgið ef fyrrgreind fyrirtæki verði áfram innan Existu.

Lýður Guðmundsson, starfandi stjórnarformaður Existu, sagði að loknum hluthafafundi félagsins í gær, skilanefndir gömlu bankanna og Nýja Kaupþings sækja gegn félaginu af fullmikilli hörku og skilji hann ekki hvað búi að baki. Bendir hann á að dótturfélög Existu séu fjárhagslega sterk. VÍS hafi skilað góðu uppgjöri miðað við hin tryggingafélögin í auk þess sem fjárhagsstaða Skipta sé sterk. Þá sé enn ósamið um afleiðusamninga Existu í gömlu bönkunum og ekki útilokað að málið verði útkljáð fyrir dómstólum.

Viðmælendur Markaðarins benda á að einn ásteytingarsteininn af mörgum sé sá að þótt staða dótturfélaga Existu sé ágæt þurfi félögin að greiða niður sínar eigin skuldir áður en þau geti skilað arði upp í móðurfélagið. Efasemdir séu uppi um hvort það takist, jafnvel sé hugsanlegt að greiðslur af lánum dragist sökum þessa.

Exista var umsvifamesti hluthafi Kaupþings þegar ríkið tók bankann yfir í fyrrahaust. Í framhaldi af því greindu stjórnendur félagsins frá því að leitað væri samninga um frestun á greiðslu vaxta og afborgana á skuldbindingum á meðan endurskipulagning stæði yfir. Framlenging á gjalddaga víxils Existu rann út í marslok og átti þá eftir að greiða sextíu prósent hans. Ekki lá fyrir um upphæðina þegar blaðið fór í prentun í gær.




Eitt uppgjör – betri yfirsýn

Nýttu kosti þess að hafa allt á einum stað.
**Hafðu samband við okkur í síma 560 1600**
eða tilbod@borgun.is og við gerum þér tilboð
í færsluhirðingu fyrir öll greiðslukortaviðskipti.

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

MasterCard Maestro VISA VISA ELECTRON JCB Diners Club International

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 0,0% | -19,0% |
| Bakkavör | -21,6% | -57,8% |
| Eimskipafélagið | 0,0% | -20,0% |
| Föroya Bank | 0,8% | -0,8% |
| Icelandair | 0,0% | -66,2% |
| Marel | 3,2% | -20,4% |
| Össur | 1,5% | 4,3% |

*Úrvalsvísitalan OMXI15 263*
*Úrvalsvísitalan OMXI6 710*

**Miðað við gengi í Kauphöll í gær.*

# Tvö skipa Eimskips til sölu í Noregi

## Aðalfundi frestað til júníloka vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar.

„Þau eru búin að vera í söluferli frá því um mitt síðasta ár ásamt þeim eignum sem við ætluðum að selja," segir Ólafur Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips.

Tvö norsk frystiskip, Stórfoss og Dalfoss, í eigu Eimskipafélagsins hafa verið í höfn í Norður-Noregi síðan um mitt síðasta ár. Skipin taki þó við stöku tilfallandi verkefnum.

„Það hefur verið unnið að sölu skipanna með skipasölumönnum í Evrópu. Margir hafa sýnt áhuga en enginn sent inn formlegt tilboð," segir Ólafur. Ekki eru fleiri skip til sölu hjá Eimskip að hans sögn.



**STORFOSS** Hér er annað tveggja skipa sem Eimskip reynir að selja. Það var tekið í notkun árið 2006.
MARKAÐURINN/ÓKÁ

Eimskip hefur engum skipum lagt eins og staðan er í dag. Gífurlegur samdráttur hefur verið í flutningastarfsemi í heiminum að sögn Ólafs. Mörg félög hafi lagt skipum en Eimskip hafi kosið að gera það ekki. „Við höfum ekki lagt neinum skipum, en ef það eru ekki verkefni fyrir þau þá sigla þau ekki," segir Ólafur.

Stjórn Eimskipafélags Íslands hefur ákveðið að fresta aðalfundi félagsins frá júníbyrjun til loka júní. Ástæðan er sögð vinna við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. **- vsp**

# Afturhvarf til eldri gilda

„Hugmyndin er að nokkru leyti að hverfa aftur til hinna upprunalegu gilda sparisjóðanna. Að þeir verði stofnanir sem eru nátengdar sinni heimabyggð," segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra um nýtt frumvarp um sparisjóði.

Sparisjóði á, samkvæmt frumvarpinu, að starfrækja sem stofnfjársparisjóði, þótt þeir, sem þegar hefur verið breytt í hlutafélög, fái áfram að starfa undir heiti sparisjóðs. Sjóðirnir mega hafa samstarf um flesta þætti sem geta lækkað kostnað, en verða að keppa um vexti og verðskrá. **- ss**

# Nýrrar sýnar er þörf

## Böndin berast að einkavæðingu bankanna.

„Gífurlega mikilvægt er að vinna rétt úr þeirri stöðu sem við erum í. Verði ekki bættir stjórnarhættir fyrirtækja og farið í að nálgast betur Evrópusambandið og opna þjóðfélagið þá eru horfur fram undan mjög slæmar," segir Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri fjármála- og þróunarsviðs Háskólans í Reykjavík. „Ef hins vegar rétt er á haldið þá eigum við mjög góða framtíð fyrir okkur," bætir hann við.

Út er komin eftir Þorkel bókin „Ný framtíðarsýn" þar sem meðal annars er fjallað um stjórnun fyrirtækja og hlutverk stjórna og stjórnenda. „Þetta lagði ég upp með, en þegar efnahagshrunið varð tengdi ég það dálítið við efnið og bendi á að ein af ástæðum þess hvernig fór er vanræksla stjórna og stjórnarmanna í fyrirtækjum. Síðan reyni ég að benda á þessa nýju framtíðarsýn um hvernig við ætlum að komast út úr þessu ástandi."



**ÞORKELL SIGURLAUGSSON**

Meðal spurninga sem Þorkell veltir upp er hvort fall bankakerfisins kunni að skrifast á veika stjórnmálaforystu. „Getur verið að vinskapur og það að vera í réttu viðskiptablokkinni hafi ráðið meiru um ráðningu forstjóra og fjármögnun fyrirtækis en hæfileikar og hlutlaust mat á rekstrinum og viðkomandi einstaklingi? Þetta kemur stundum upp í hugann þegar litið er til þess hverjum var falin sú ábyrgð að eiga og reka íslensku bankana og lykilfyrirtæki landsmanna við einkavæðingu þeirra," segir í bókinni. Einkavæddir bankar hafi orðið afl sem braut upp áratugagamlar valdablokkir. „Þess í stað komu nýjar og yfirleitt skuldsettar og illa reknar blokkir sem lifðu aðeins í stuttan tíma, eða frá árinu 2003 fram til október 2008 þegar bankarnir hrundu." **- óká**




**BÓKARKÁPAN** Ný framtíðarsýn er rit um stjórnun fyrirtækja og leiðir sem kunna að vera færar út úr efnahagskreppunni.

# Geta stutt óbeint við

Rætur fjármálakreppunnar má að stórum hluta rekja til mistaka fjármálafyrirtækja við áhættustjórnun, að sögn Baldurs Pétursssonar, aðstoðarframkvæmdastjóra Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD). Árangur EBRD í áhættustjórnun segir hann ástæðu þess að bankinn hafi ekki komið mjög illa út úr niðursveiflunni.

EBRD var stofnaður af Evrópuríkjum til að stuðla að fjárfestingu og uppbyggingu í löndum Eystrasaltsins, Austur-Evrópu og Asíu. „Við getum því ekki beitt okkur fyrir fjárfestingu heima á Íslandi, nema þá óbeint með því að styðja við bakið á fyrirtækjum sem eru með starfsemi þarna fyrir austan," segir Baldur.

Baldur heldur erindi á fundi Útflutningsráðs, viðskiptaráðuneytisins og EBRD á Grand hóteli Reykjavík í fyrramálið, en þar verður fjallað um fjárfestingar á starfssvæði EBRD.

„Allt alþjóðasamstarf, sérstaklega á fjármálasviðinu, skiptir mun meira máli en áður," segir Baldur og vísar til efnahagsbata í augsýn í Austur-Evrópu. Löndum og fyrirtækjum hafi markvisst verið hjálpað í gegnum kreppuna til að uppbygging gæti hafist sem fyrst. **- óká**

# Óskráð félag á viðskipti með gjaldeyri

## Fyrirtæki sem auglýst hefur eftir gjaldeyri er ekki skráð í firmaskrá. Öðrum en Seðlabanka er óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyri. Fjölskyldur fullnýta gjaldeyriskvóta.

**Víðir Smári Petersen**
skrifar

„Við höfum ekki tekið eftir því að neinn sé að svindla," segir Anna Jakobína Hilmarsdóttir, féhirðir Landsbankans í Austurstræti. Fréttablaðið hafði nýverið eftir félagsmálaráðherra að mikill hagnaður væri í gjaldeyrisbraski. Nefndi hann farseðlasvindl sem dæmi.

Vegna hafta er kvóti á gjaldeyriskaupum þegar fólk er á leið til útlanda. Hver og einn getur tekið út 500 þúsund krónur í gjaldeyri gegn því að sýna farseðil. Ekki eru aldursmörk á gjaldeyriskaupunum.

„Stundum kemur fyrir að fjölskylda kaupir allan kvótann sinn en kemur þá oft með hann aftur og leggur inn á gjaldeyrisreikning," segir Anna.

Smáauglýsingar hafa verið í blöðunum undanfarið þar sem óskað er eftir að selja eða kaupa gjaldeyri. Fyrirtækið Regent Accounts Ltd. sem auglýst hefur er ekki skráð í fyrirtækja- eða firmaskrá á Íslandi.

Sá sem fyrir svörum varð sagði þó alla starfsemina löglega og ekki sé verið að versla með skilaskyldan gjaldeyri. Eingöngu sé haft milligöngu um gjaldeyri milli fyrirtækja erlendis. Öll viðskiptin fari í gegnum erlenda reikninga. Hann segir margt fólk hafa haft samband við sig eftir að fréttin birtist á föstudag og hafi séð fram á stórfelldan hagnað en það „verði fyrir vonbrigðum", þar sem ekkert slíkt sé í boði.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir margt benda til þess að ósköp lítil velta sé á gjaldeyrismarkaði með íslenskar krónur.

„Það hefur gerst á undanförnum vikum að gengi krónunnar í útlöndum hefur styrkst mikið. Munur á opinberu gengi og það sem við getum kallað á svörtum markaði hefur því minnkað," segir Gylfi.



**VIÐ SEÐLABANKANN** Eftirlit með lögum um gjaldeyrisviðskipti er á höndum Seðlabanka Íslands. Vakni grunur um að brotið hafi verið gegn lögunum vísar bankinn málum til Fjármálaeftirlitsins til frekari rannsóknar.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, segir lögreglu hafa fengið nokkrar ábendingar um gjaldeyrissvindl sem þau hafi vísað til Fjármálaeftirlitsins.

„Þetta eru flestar óljósar ábendingar frá fólki út í bæ. Það kallar þá á frekari rannsókn til að athuga hvort þetta eigi við rök að styðjast," segir Helgi.

Samkvæmt 8. gr. laga um gjaldeyrismál er öðrum aðilum en Seðlabanka óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi nema hafa til þess heimild í lögum eða fá til þess leyfi frá Seðlabankanum. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum hefur nokkrum málum verið vísað til Fjármálaeftirlitsins vegna gruns um brot á gjaldeyrislögum.

# Gengi Bakkavarar aldrei lægra

„Það er ekkert að frétta, viðræður standa enn yfir," segir Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar Group, um viðleitni til að ná samningum við eigendur skuldabréfa félagsins sem lenti í vanskilum fyrir tæpum hálfum mánuði.

IFS Greining sagði í umfjöllun sinni um uppgjör Bakkavarar í síðustu viku mikilvægt að stjórnendur félagsins nái samningum við lánardrottna. Þá hafði Fréttablaðið heimildir fyrir því að tilvist félagsins væri í óvissu vegna málsins.

Óvissan endurspeglast ekki síst í gengi hlutabréfanna, sem fór niður í 1,03 krónur á hlut í gær og hefur aldrei verið lægra.

Fyrir sléttu ári stóð gengi bréfa í 41,9 krónum á hlut og þarf það því að hækka um tæp fjögur þúsund prósent til að ná sömu hæðum á ný. Hæst fór það í rúmar 72 krónur á hlut í júlí fyrir tveimur árum. **- jab**




SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is
Meistaraverk!
Þegar þú skiptir við meistara eða fagmann með tilskilin réttindi geturðu verið viss um að verkefnið verður unnið af fagmennsku sem er grunnurinn að vönduðu og vel unnu verki. Innan raða Samtaka iðnaðarins eru starfandi meistarafélög sem hafa á að skipa löggiltum fagmönnum til hvers kyns verkefna. **Ekki sætta þig við fúsk þegar þú getur tryggt þér meistaraverk.**
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0762

# *Færeyingar* bjartsýnir á íslenska framtíð

Forsvarsmenn færeysku fyrirtækjanna sem skráð eru hér telja langtímahorfur góðar. Forstjóri verðbréfamarkaðarins þar er væntanlegur hingað til lands í næstu viku ásamt fjórum forsvarsmönnum þarlendra risafyrirtækja. Hann segir Færeyinga hafa lært margt af kreppunni fyrir áratug. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* ræddi við forstjórann og fræddist um færeysku fyrirtækin sem hér eru skráð.





**Ríkisvíxlasjóður** er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun verðbréfasjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðanna sem nálgast má á www.kaupthing.is/sjodir.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir innlán að lágmarki fjárhæð sem samsvarar EUR 20.887. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 eru „innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu“. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ekki kveðið á um gildistíma, en yrði hún felld úr gildi þá tæki við lágmarksvernd samkvæmt lögum nr. 98/1999, sem greinir frá að ofan. Tryggingarsjóðurinn tryggir ekki tjón sem verður vegna taps á undirliggjandi fjárfestingum verðbréfasjóða s.s. skuldabréfum eða víxlum. Sjá nánar lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og heimasíðu sjóðsins, www.tryggingarsjodur.is.


Þótt erfiðleikar steðji að í íslensku efnahagslífi nú um stundir er ég sannfærður um að það muni rétta úr kútnum þegar fram í sækir. Við fengum okkar skerf af bankakreppu snemma á tíunda áratug síðustu aldar og unnum okkur í gegnum hana,“ segir Sigurd Poulsen, forstjóri Virðisbrævamarkaður Føroya (VMF) og Landsbanka Føroya. VMF er verðbréfamarkaður landsins en Landsbankinn eins konar seðlabanki þeirra Færeyinga. „Við lærðum mikið á þessu og í dag er hagkerfið okkar traust. Það sér lítið á því þrátt fyrir alþjóðlega efnahagskreppu,“ bætir hann við.

**Sigurd Poulsen segir önnur færeysk fyrirtæki íhuga skráningu hér. Helst séu það fyrirtæki í fiskeldi og sjávarútvegi, meginatvinnuvegi Færeyinga.**

Sigurd kemur hingað til lands ásamt um tuttugu manna liði í næstu viku og hefur blásið til fjárfestaþings á þriðjudagsmorgun þar sem færeysku fyrirtækin sem skráð eru á markað í NASDAQ OMX Iceland (sem í daglegu tali nefnist Kauphöllin) verða kynnt íslenskum fjárfestum.

Ásamt honum koma hingað forsvarsmenn Atlantic Airways, Atlantic Petroleum, Eik Banka og Føroya Banka.

### FÆREYINGAR Á FERÐALAGI

Þetta er þriðja fjárfestaþingið sem fyrirtækin sameinast um að halda utan landsteina Færeyja og í annað skiptið sem VMF fundur með fjárfestum hér.

VMF hélt fjárfestaþing hér með færeysku félögunum hér í árslok 2007 og annað í Kaupmannahöfn í Danmörku um níu mánuðum síðar.

Eins og gengur eru fyrirtækin í misvön fjárfestakynningu á borð við þá sem haldin verður hér. Stjórnendur olíuleitarfélagsins Atlantic Petroleum eru þeirra reyndastir en Wilhem Petersen forstjóri hefur kynnt það fyrir fjárfestum bæði í Danmörku og í Bretlandi. Þá er Janus Petersen, forstjóri Føroya Banki, tiltölulega nýkominn frá Bretlandi.

### FYRSTA SKRÁNING VAR FYRIR FJÓRUM ÁRUM

VMF er hlutafélag sem stofnað var fyrir níu árum með víðtæku samstarfi færeyskra hagsmunaaðila fyrir hönd útgefenda, fjárfesta, miðlara og hins opinbera í Færeyjum.

Markmiðið hefur frá upphafi verið að efla færeysku fyrirtækin, svo sem með skráningu á hlutabréfamarkað. Þeir Sigurd og Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar hér, skrifuðu undir viljayfirlýsingu um að leita eftir því að skrá fyrirtæki hér árið 2003. Við það tækifæri sagði Sigurd að gera mætti ráð fyrir því að níu fyrirtæki myndu skrá hlutafé sitt hér á næstu árum, auk skuldabréfaflokka.

Þær áætlanir gengu eftir tveimur árum síðar þegar hlutabréf olíuleitarfélagsins Atlantic Petroleum voru skráð á markað hér um mitt ár 2005. Rúmt ár leið þar til hlutabréf fyrirtækisins voru skráð í kauphöllina í Kaupmannahöfn.

Skráningin markaði tímamót í sögu hlutabréfaviðskipta hér en bréfin voru þau fyrstu erlendu sem skráð voru hér á markað. Það næsta sem á eftir fylgdi voru bréf bresku tískuvörukeðjunnar Mosaic Fashions, sem var í eigu íslenskra athafnamanna. Það fyrirtæki var reyndar tekið af markaði í október í hittifyrra eftir tveggja ára dvöl í Kauphöllinni. Hlutabréf Atlantic Petroleum lifa hins vegar enn góðu lífi.

Føroya Banki bættist í hópinn ári síðar og Eik Banki um mitt ár 2007, um sléttum tveimur árum eftir skráningu fyrsta færeyska félagsins. Fjórða félagið, Atlantic Airways, var síðan skráð um miðjan desember 2007. Það var jafnframt síðasta nýskráningin hér á landi ef frá er skilin skráning Skipta, móðurfélags Símans, í mars 2008.



**HJARTA ÞÓRSHAFNAR Í FÆREYJUM** Forstjóri fæ... markaði.

Sigurd Poulsen segir önnur færeysk fyrirtæki íhuga skráningu hér. Helst séu það fyrirtæki í fiskeldi og sjávarútvegi, meginatvinnuvegi Færeyinga. Þau hafi hins vegar ekki í hyggju að hreyfa sig mikið vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum nú um stundir en mjög líklegt sé að þau leiti fyrir sér með skráningu hér síðar.

Þetta rímar nokkuð við væntingar Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Kauphallarinnar, sem hefur látið hafa eftir sér að svo kunni að fara að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki leiti aftur inn á hlutabréfamarkað á næstu misserum. Bæði megi reikna með að það gerist þegar stöðugleiki komi á markaðinn en ekki síst þar sem bankar og fjármálafyrirtækin skyggja ekki lengur á þau þar.

### FÆREYINGARNIR STÓÐU TÆPT

Færeysku fyrirtækin eru einu erlendu fyrirtækin sem hér eru skráð – í raun þau einu erlendu sem íslenskir fjárfestar hafa leyfi til að fjárfesta í eftir innleiðingu gjaldeyrishaftanna undir lok síðasta árs.

Skráning færeysku fyrirtækjanna komst raunar í nokkurt uppnám þegar höftin tóku gildi en samkvæmt reglum Seðlabankans um gjaldeyrisviðskipti var einungis leyfilegt að kaupa hlutabréf fyrirtækja sem skráði

## FÆREYSKU FÉLÖGIN

### EIK BANKI



**MARNER JACOBSEN**

Fjármálafyrirtækið Eik banki er stærsta fyrirtæki Færeyja sem skráð er hér ef horft er til eigna. Þær námu í lok síðasta árs 21,7 milljörðum danskra króna, jafnvirði rúmra 518 milljarða króna. Bankinn er auk þess með starfsemi í Danmörku. Forstjórinn, Marner Jacobsen, sem er með meistaragráðu í hagfræði, hefur vermt forstjórastólinn síðastliðinn áratug.

### FØROYA BANKI



**JANUS PEDERSEN**

Føroya Banki, sem í grunninn var stofnaður fyrir 103 árum, er um helmingi minni en Eik banki ef eignir eru bornar saman. Hann er hins vegar sambærilegur við Byr. Þúsundir Íslendinga skráðu sig fyrir hlutafé bankans í frumútboði hans hér í júlí 2007. Janus Pedersen, sem flaggar meistaragráðu í lögum og hagfræði, hefur verið forstjóri síðastliðin fjögur ár.

### ATLANTIC PETROLEUM



**WILHELM PETERSEN**

Eignir olíuleitarfélagsins Atlantic Petroleum námu 643 milljónum danskra króna undir lok síðasta árs. Olíuleit félagsins bar árangur á seinni hluta síðasta árs og munaði litlu að félagið hefði skilað hagnaði í fyrsta sinn í fyrra. Forstjóri er Wilhelm Petersen sem hefur stýrt félaginu í ellefu ár. Hann er með doktorsgráðu í verkfræði auk þess sem hann nam fjármálafræði við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn.

### ATLANTIC AIRWAYS



**MAGNI ARGE**

Minnsta færeyska félagið sem skráð er á markað hér er flugfélagið Atlantic Airways, sem var stofnað árið 1987. Félagið flýgur frá Færeyjum til Íslands, Bretlands og Danmerkur og hefur ágætar tekjur af því að fljúga með þá Færeyinga sem fluttu yfir til meginlandsins í kreppu í heimsókn. Magni Arge, sem flaggar prófum í norrænum bókmenntum, tungumálum, stjórnmálafræði og í fjölmiðlun, hefur stýrt félaginu síðastliðin fjórtán ár og hefur það skilað hagnaði allan þann tíma.



**FERÐAFÉLAGIÐ ÚTIVIST** stendur fyrir dagsferð á fjallið Þríhyrning á hvítasunnudag. Frá Engidal verður gengið upp Þríhyrningshálsa og um Flosadal á tinda fjallsins. Vegalengd er 7-8 km, hækkun er 400 metrar og göngutími 5 tímar. www.utivist.is




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447





teg. Amethyst
- alveg sérlega
fallegir push up
BH á kr. 8.845,-

MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - www.misty.is
opið mán-fös 10-18, lau 10-14

vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Ari Baldur með kyrkislöngu í dýragarðinum í Venesúela þar sem hann starfaði sem sjálfboðaliði. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Viðraði apa og örn

**Ari Baldur Baldvinsson dvaldi í fimm vikur í Suður-Ameríku í lok síðasta árs. Þar starfaði hann sem sjálfboðaliði í dýragarði, myndaðist við að læra spænsku og ferðaðist víða.**

Ari Baldur Baldvinsson er Reykvíkingur en stundar nám við Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Hverju sætir það? „Bara flipp! Ég bý í húsi sem foreldrar mínir eiga í Stykkishólmi," segir Ari en upplýsir að hann hafi ekki hafið námið fyrr en eftir áramót. Í byrjun nóvember ferðaðist hann til Venesúela á vegum Nínukots.

„Ferðalagið var langt og strangt. Ég fór fyrst til Danmerkur, svo Parísar, þaðan til Caracas, sem er höfuðborg Venesúela, og loks tók ég innanlandsflug til borgarinnar sem ég dvaldi í," segir Ari sem var einn á ferð en dvaldi á fjölskyldugistiheimili sem hann hafði bókað.

En hvað var hann að bralla í henni Ameríku? „Ég var í sjálfboðaliðastarfi í dýragarði, lærði spænsku og ferðaðist," svarar hann og bætir við að ferðin hafi verið algert ævintýri þótt spænskukunnáttan hafi ekki batnað eins mikið og hann hafði vonast til. „Ég var bara eina viku á spænskunámskeiði til að fá grunn en hefði líklega þurft að vera lengur," segir hann glaðlega en Ari dvaldi fimm vikur í allt í Suður-Ameríku.

Eftir tungumálakennsluna tók við fjögurra vikna sjálfboðaliðavinna í dýragarðinum. „Vinnan fólst í því að skera niður ávexti, búa til mat og gefa dýrunum að éta," segir Ari og viðurkennir að sér hafi ekki þótt þetta mjög mikil eða erfið vinna. „Svo fylgdist ég með dýralækninum og hjálpaði honum ef með þurfti. Ef ekkert var að gera fór ég á dýralæknastofuna með honum og hjálpaði til í aðgerðum," segir hann stoltur og líkaði sú vinna ljómandi vel. „Þetta var eitthvað alveg nýtt."

Hvað var svo skemmtilegast við þessa vinnu? „Að vera innan um dýrin, ekki síst apana og kondórinn," segir Ari og útskýrir að kondórinn sé stór örn sem lifi í Andesfjöllunum og sé einn sá stærsti í heimi. „Þessi örn var ekki grimmur enda var hann hálfgerður unglingur og búinn að vera lengi í dýragarðinum. Hann var hins vegar mjög orkumikill, eiginlega algerlega ofvirkur, hoppaði um allt, rændi hlutum og gerði tígrisdýrin og önnur dýr í garðinum alveg vitlaus," segir Ari og hlær við tilhugsunina. Hann stefnir nú á að læra betur spænskuna enda er ætlunin að fara aftur til Suður-Ameríku til að skoða fleiri lönd.

*gun@frettabladid.is/solveig@frettabladid.is*





**Við bjóðum þér upp á:**
- mikið úrval trjáa og runna, fjölærra plantna og harðgerra sumarblóma
- plönturnar í matjurtagarðinn
- mold, áburð, ker og potta
- góða þjónustu og faglega ráðgjöf
- tilboð í minni og stærri plöntupakka

Komdu í Gróðrarstöðina Storð og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.
Næg bílastæði




GRÓÐRARSTÖÐIN STORÐ

Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383 - stord@stord.is

BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins

Smurþjónusta
15% afsláttur
olís
Nýttu tækifærið, 15% afsláttur af smurvinnu.

Tilboð á teflonbóni
Láttu okkur um þrifin
SÆKJUM & SENDUM




- Hjólbarðaþjónusta
- Smurþjónusta
- Alþrif og teflon
- Bón
- Djúphreinsun
- Mössun
- Mössun
- Dekkjahótel
- Rafgeymar
- Perur
- Rúðuþurkur
- Bremsuklossar
- Sækjum og sendum
- Flestar stærðir dekkja á lager

BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**BÍLADEILD** er starfandi innan Ferðafélags Íslands og stendur fyrir jeppaferðum. Þar er ekið á eigin bílum og lögð áhersla á góða ökuferð með skemmtilegum göngum í bland.

















Ernir Erlingsson til hægri ásamt Sveini Viðarssyni hjá Ymir Mobile ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ferðahandbók sem má hlaða beint í farsíma

**Ymir Mobile ehf. hefur unnið að gerð gjaldfrjáls þjónustuhugbúnaðar fyrir farsíma og lófatölvur. Á vefsíðunni www.mobileguide.is er hægt að verða sér úti um hugbúnaðinn.**

„Þetta er gagnvirk upplýsingahandbók sem er sérhönnuð fyrir farsíma og lófatölvur,“ segir Ernir Erlingsson, tölvuverkfræðingur hjá sprotafyrirtækinu Ymir Mobile, sem hóf samstarf við Reykjavíkurborg sumarið 2008 um útgáfu á farsímahugbúnaði fyrir menningarnótt og síðar vetrarhátíð sem var í febrúar.

Beðinn um að lýsa þjónustuhugbúnaðinum segir hann: „Þetta er byltingarkennd og ný aðferð sem snýst um að koma upplýsingum til ferða- og heimamanna um borgina Reykjavík. „Það hefur enginn gert ferðahandbók fyrir farsíma og lófatölvur með þessum hætti á Íslandi áður, svo ég viti til,“ nefnir Ernir. „Afurðin sem við erum að kynna núna er Mobileguide sem við hugsum fyrst og fremst fyrir ferðamenn,“ segir hann og bætir við að vissulega sé götukortið og strætóleiðakerfið nytsamlegt fyrir Íslendinga jafnt sem ferðamenn.

Reykjanesbær er nýlega orðinn samstarfsaðili og verður fljótlega hægt að fá upplýsingar um bæinn í farsímann eða lófatölvuna. „Við erum einnig í viðræðum við fleiri sveitarfélög sem hafa áhuga á að taka búnaðinn í notkun.“

Hugbúnaðurinn er aðeins fáanlegur á ensku sem stendur. Vonir standa til að bæta við fleiri tungumálum strax í sumar að sögn Ernis. „Ferðahandbókin eða Mobileguide býður upp á margvíslega möguleika, svo sem eins og að láta búnaðinn leiða sig um götur borgarinnar og láta vísa sér á markverða staði í borginni og auðvitað fletta upp í leiðakerfi Strætós.“

Spurður um kostnaðinn við notkunina segir Ernir: „Hugbúnaðurinn er ókeypis en einhver hverfandi gagnagjöld geta verið ef búnaðurinn er sóttur í gegnum nettengingu í farsíma eða lófatölvu. Búnaðinn er hægt að nota fyrir farsíma frá öllum farsímaframleiðendum nema Apple.“

Viðtökurnar hafa verið góðar og hafa margir þegar nýtt sér það að sækja sér þennan þjónustuhugbúnað og eru byrjaðir að nota hann.

Hægt er að hlaða hugbúnaðinum í símann með því að slá inn vefslóðina wwww.mobileguide.is/download í farsímavafra. Á heimasíðunni er að finna upplýsingar um hvernig hugbúnaður er sóttur með ágætis leiðarvísi með myndum.

*vala@frettabladid.is*





Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Allt sem þú þarft...




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.

# Veiðibækurnar Lax í sparifötum og Áin

**Salka bókaforlag gefur út tvær veiðibækur á næstunni. Þetta eru Lax í sparifötum þar sem þekktir stjörnukokkar koma við sögu og bókin Áin eftir Bubba Morthens.**

„Þarna eru heimsóttar allar helstu veiðár landsins,“ segir Hildur Hermóðsdóttir, bókaútgefandi hjá Sölku, um bókina Lax í sparifötunum sem forlagið gefur út á íslensku og ensku á næstunni.
„Heimsótt eru veiðihús og matreiðslumenn teknir tali,“ bætir Hildur við og upplýsir að þekktir stjörnukokkar komi við sögu í bókinni, eins og þeir Sturla Birgisson, Úlfar Finnbjörnsson, Siggi Hall og Sigurður Gíslason. „Þeir gefa lesendum líka uppskriftir sem eiga vonandi eftir að gleðja margan sælkerann.“
Hún bendir jafnframt á að Bjarni Brynjólfsson annist ritstjórn og textagerð og Lárus Karl Ingason taki myndir.

Með haustinu gefur Salka svo út bók tónlistar- og veiðimannsins Bubba Morthens, sem kallast Áin, en ljósmyndir á Einar Falur Ingólfsson. Í bókinni tekur Bubbi fyrir sitt eftirlætis laxveiðisvæði, Nessvæði í Laxá í Aðaldal. „Þar er til dæmis fjallað um frumherja í laxveiði á bökkum Laxár og birtar einstakar tölulegar upplýsingar um stórlaxa sem veiðst hafa á Nessvæðinu,“ nefnir Hildur, sem segir frá því að höfundurinn Bubbi hafi meðal annars skráð ýtarlegar veiðistaðalýsingar sem koma fram í bókinni.

„Skemmtilegt er að segja frá því að einnig eru birt samtöl sem Bubbi hefur átt við ólíka veiðimenn,“ segir hún og tiltekur viðmælendur eins og Eyþór Sigmundsson, Völund Hermóðsson, Árna Pétur Hilmarsson og Pétur Steingrímsson. *- vg*


Bubbi sleppir laxi í Þvottastreng.



## Látrabjarg

LÁTRABJARG Á VESTFJÖRÐUM ER STÆRSTA SJÁVARBJARG LANDSINS OG VESTASTI ODDI ÍSLANDS.

Látrabjarg er 14 km að lengd og 441 metra hátt.
Í daglegu tali er Látrabjargi skipt í fjóra hluta og stafar sú skipting fremur af ítökum bæja í nágrenninu en af náttúrulegum orsökum. Þó er austasti hlutinn, Keflavíkurbjarg, nær slitinn frá aðalbjarginu. Hinir hlutarnir þrír nefnast Látrabjarg, Bæjarbjarg og Breiðavíkurbjarg.
Nafn Látrabjargs er dregið af orðinu látur. Látur eða sellátur er svæði nærri sjó, þar sem selir kæpa.
Látrabjarg iðar allt af fugli framan af sumri. Þar verpa einkum álka, langvía, svartfugl, stuttnefja, rita, lundi og fýll. Stærsta álkubyggð í heimi er í Stóruurð. Fuglarnir verpa í nánu sambýli í björgunum, en þó eru ein eða tvær tegundir ríkjandi í hverjum bjarghluta. Látrabjarg er mikil matarkista og hefur verið nytjað frá landnámstíð. Eggjatekja og fuglatekja á vorin og sumrin eru hlunnindin sem bjargið býður og voru þau einn mikilvægasti bjargræðisvegur nálægra byggðarlaga.

Laugavegurinn kallast gönguleiðin milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Hún er 54 km löng og fer hæst í 1.050 metra yfir sjávarmáli. Áfangar á leiðinni eru fjórir; Hrafntinnusker, Álftavatn, Hvanngil og Emstrur. Leiðin endar í Þórsmörk þar sem gengið er í Húsadal, Langadal eða Bása.

www.wikipedia.org















Laxveiði
Silungsveiði
Skotveiði

VEIÐIÞJÓNUSTAN
Strengir
www.strengir.is
símar: 567-5204 & 660-6890




# útivist og veiði

MIÐVIKUDAGUR 27. MAÍ 2009




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


HÓTEL OG MATVÆLA SKÓLINN

MATSVEINA- OG MATARTÆKNANÁM

Hvað er í matinn?

Matsveina- og matartæknanám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa í mötuneytum vinnustaða og á fiski- og flutningaskipum, í eldhúsum heilbrigðisstofnana, leikskólum og skólum.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is

Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN  FERÐAMÁLASKÓLINN  LEIÐSÖGUSKÓLINN



VEIÐIKORTIÐ
31 vatnasvæði vítt og breitt um landið fyrir aðeins 6000 kr.




Handbók með ítarlegum upplýsingum og veiðikortum fylgir. Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is
Fæst hjá N1, í veiðivöruverslunum og á www.veidikortid.

Frábært úrval sófa og hvíldarstóla



Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00
www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD
LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

ÍSLAND er landið



Fréttablaðið gefur út röð ferðablaða í sumar undir heitinu **„Ísland er landið“.** Næstu blöð koma út sem hér segir:

**Ísland er landið - Vesturland 28. maí**
**Ísland er landið - Norðurland 4. júní**
**Ísland er landið - Austurland 11. júní**
**Ísland er landið - Landið allt 18. júní**

**Auglýsingar:**
Bjarni Þ. Sigurðsson, s: 512 5471, bjarnithor@365.is
Hlynur Þ. Steingrímsson, s: 512 5439, hlynurs@365.is
Sigríður D. Sigurbjörnsdóttir, s: 512 5462, sigridurdagny@365.is
Benedikt F. Jónsson, s: 512 5411, benediktj@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ





**Veiðileyfi fyrir innanlandsmarkað eru í nokkrum tilfellum farin að lækka í verði, meðal annars í Langá á Mýrum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Útlendingar vega upp á móti hrundum markaði

**„Það hættir enginn alvöru veiðimaður að veiða,“ segir Stefán Sigurðsson, sölustjóri hjá Lax-á en bætir við: „En hann leitar sér kannski að ódýrara veiðileyfi.“**

Undanfarin ár hafa stórfyrirtæki verið ötul við að kaupa upp veiðileyfi til að gera vel við sitt fólk. Nú er það ævintýri búið og sá markaður einungis brot af því sem hann var í góðærinu.

Lax-á hefur alla tíð selt fleiri veiðileyfi til útlendinga en Íslendinga og viðskiptin fara fram í erlendri mynt. „Við höfum verið meira í að selja Íslendingum fyrir og eftir besta veiðitímann. Við finnum fyrir því að margir Íslendingar halda aftur af sér og ætla að bíða og sjá, enda er mikið eftir af sölutímanum.“

Veiðileyfi hjá Lax-á kosta allt frá fimm þúsund krónum á dag upp í 200 þúsund krónur í dýrustu á félagsins, Laxá á Ásum. Stefán segir veiðileyfi í þeirri á ekki hafa hækkað í verði í tíu ár. „Verðið bólgnaði vissulega upp í öðrum ám, þegar fyrirtæki vildu kaupa öll veiðileyfi. En við höfum fengið fleiri útlendinga á móti og evran er sterk, sem vegur upp á móti samdrættinum.“ Hann segir fyrirtækið Lax-á hafa verið stofnað utan um þjónustu við útlendinga, sem nú sé aftur orðið kjarninn. „Við erum komin nokkur ár aftur í tímann hvað þetta varðar.“

Stangaveiðifélag Reykjavíkur selur veiðileyfi í íslenskum krónum, sem kemur sér vel fyrir erlenda ferðamenn. „Við finnum fyrir verulegri aðsókn erlendis frá krónunnar vegna,“ segir Haraldur Eiríksson, sölu- og markaðsstjóri SVFR. Hann segir veiðileyfasöluna hafa gjörbreyst. „Milliðýr veiðileyfi og jaðartímarnir, sem viðskiptavinir hér innanlands hafa verið að kaupa, eru að taka mikinn skell. En útlendingarnir eru að plástra nokkurn veginn dýru götin sem bankar og fyrirtæki skildu eftir sig.“

Víðar kreppir að en á Íslandi og hópurinn sem ferðast landa á milli til að veiða lax er ekki stór. Hins vegar hefur samkeppnisstaða Íslands snarbatnað við veikingu krónunnar. „Frá því árið 2000 hefur beinlínis verið erfitt að selja útlendingum laxveiðileyfi. Lítið hefur verið af lausum leyfum og þau hafa verið ógnardýr vegna þess hvað krónan var sterk. Á þessum tíma misstum við mjög mikilvæga markaði. En við erum að byrja að sjá það fólk aftur sem hvarf með styrkingu krónunnar.“

Að mati Haraldar þarf að laga verðlagningu á innanlandsmarkaði að breyttum aðstæðum. Það gerist þó ekki á einni nóttu, þar sem leigusamningar séu gerðir þrjú til fimm ár fram í tímann. „Landeigendur hafa komið til móts við okkur og það er sameiginlegt átak okkar að halda verðinu í skefjum. Í nokkrum tilfellum höfum við lækkað verð, í Norðurá og Langá á Mýrum. Þá höfum við lækkað verð á aðbúnaði í veiðihúsum, til að létta undir með veiðimönnum.“

*- hhs*

# Sjötíu ár frá stofnun SVFR

Stangaveiðifélag Reykjavíkur var stofnað hinn 17. maí árið 1939 og fagnar því 70 ára stórafmæli um þessar mundir. Í tilkynningu frá SVFR segir að félagið hafi verið stofnað utan um laxveiði í Elliðaánum.

Eitt og annað var í boði í afmælisvikunni til að fagna tímamótunum. Má þar nefna kastsýningu á Miklatúni og fjölskyldudag við Elliðavatn með mikilli skemmtidagskrá.

Fögnuðinum lauk svo með konukvöldi á þriðjudaginn var, þar sem farið var yfir undirstöðuatriði í fluguveiði.

*- hhs*



**Frítt var að veiða í Helluvatni, innan við Elliðavatn, á sunnudaginn í tilefni af 70 ára afmæli SVFR.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stangveiði góð fjölskylduskemmtun

**Gæsir seinni hluta ágúst fram í október, hreindýr í byrjun september, rjúpa í nóvember og stangveiði á sumrin. Þannig skipta mæðgurnar Sandra Franks og Birna Árnadóttir niður árinu eftir helsta áhugamálinu, veiðum, sem þær segja hina bestu fjölskylduskemmtun.**

„Mér finnst þetta alveg æðislegt. Þetta er í mínum huga sport númer eitt,“ segir dóttirin Birna. „Fyrir mér er það nú bara aðallega útiveran,“ útskýrir Sandra öllu hógværari, þegar þær mæðgur eru beðnar um að lýsa í hverju aðdráttarafl veiðimennskunnar sé fólgið en hana hafa þær stundað um árabil. En hver er helsti munurinn á skot- og stangveiði?

„Þetta er bara tvennt ólíkt og eiginlega ekki hægt að líkja þessu saman,“ útskýrir þá Birna. „Fjölskyldan getur sameinast um stangveiðina, sem tekur allan daginn, en skotveiðin tekur styttri tíma.“ Sandra bætir við að skotveiðin gangi frekar út á eltingaleiki og burð og reyni töluvert á. Menn þurfi hins vegar að temja sér mikla þolinmæði í stangveiði og hafa vit á að njóta náttúrunnar þar sem þeir séu oft bundnir sama staðnum svo klukkustundum skiptir.

Mæðgurnar eru þó ekki einar um veiðidelluna í fjölskyldunni. Eiginmennirnir og yngri bróðir Birnu láta ekki sitt eftir liggja og syni hennar virðist ætla að kippa í kynið þar sem hann er farinn að veiða á stöng nýorðinn sjö ára. Blaðamanni leikur þá forvitni á að vita hvort keppnisskapið geri aldrei vart við sig innan fjölskyldunnar?

Móðirin verður fyrst fyrir svörum. „Jú, svo sannarlega og þá mest á milli þeirra feðgina, þótt tengdasonurinn blandi sér eitthvað líka í málið,“ segir hún og hlær við. Birna bendir á að keppnisskapið láti þó frekar á sér kræla í stangveiðinni þar sem fjölskyldan sameinist um bráðina í skotveiðinni, hvort sem verið er að eltast við gæsir, rjúpur eða hreindýr. Reyndar taki karlpeningurinn sig stundum til og fari á veiðar án þess að bjóða kvenfólkinu með, en það geri svo sem ekkert til þar sem þær mæðgurnar séu farnar að svara í sömu mynt.


Sandra segist hafa veitt um árabil. Útiveran skipti hana mestu og samveran með fjölskyldunni. MYND/ÚR EINKSAFNI


Birna er búin að veiða á stöng um árabil. Hún fékk sér skotveiðileyfi um leið og hún gat. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Síðast bauð ég mömmu með mér á hreindýraveiðar í september. Það var alveg æðislegt,“ segir Birna og Sandra tekur heilshugar undir það. Þær fóru upp á Fljótsdalsheiði og felldu kú strax á fyrsta degi eftir mikinn eltingaleik við hjörðina, undir leiðsögn Magnúsar Karlssonar leiðsögumanns. Skrokkinn þurftu þau svo að draga þangað sem bílnum hafði verið lagt og koma fyrir á pallinum. Birna segir það ekki hafa reynt mikið á og ekki komið að sök þótt hún hafi eignast dreng í maí sama ár. „Nei, nei, maður var búinn að æfa sig fyrir þetta.“

En hvar þykir þeim skemmtilegast að veiða á stöng? „Í Hítarvatni,“ segja þær þá í kór. Bæta því við að einnig sé veitt í Þingvallavatni, og í öðrum vötnum og ám fyrir norðaustan og svo nærliggjandi vötnum á höfuðborgarsvæðinu. Næst verði Þingvallavatn líklegast fyrir valinu, og þótt ekki veiðist endilega mikið í fyrstu atrennu þá sé alltaf hægt að njóta útiverunnar og góðs félagsskapar. *- rve*


Guðmundur Stefán í Norðurá, sem er ein af bestu og dýrustu laxveiðiám landsins.

# Veiðitímabilið hefst með viðhöfn 5. júní

Norðurá í Borgarfirði og Blanda eru fyrstu árnar sem opnaðar verða formlega fyrir laxveiði þetta sumarið. Það gerist föstudaginn 5. júní. „Löng hefð er fyrir því að laxveiðitímabilið hefjist með opnun Norðurár og þá er alltaf smá viðhöfn. Hún fer þannig fram að eftir góðan morgunmat fer formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur fyrstur út í og tekur fyrstu köstin á veiðistað sem heitir Brotið,“ segir Guðmundur Stefán Maríasson. Hann hlakkar greinilega til enda formaður nú um stundir.

Veiðihúsið við Norðurá er á Rjúpnahæð og sést ekki frá þjóðveginum. Hátt á annað hundrað veiðistaðir eru í ánni en níu stöngum verður sveiflað við opnunina. „Það er nú ekkert „garantí“ að maður fái fisk í fyrstu köstunum,“ tekur Guðmundur fram. „Snemmgengnum stórlaxi fer fækkandi og eftir mikla þurrka er ekki öruggt að tilteknir staðir haldi fiski. Við höfum samt engar áhyggjur. Veiðimenn eru bjartsýnir að eðlisfari.“ *- gun*





Niðurstöður sýna að kvikasilfur er mælanlegt í Þingvallaurriða.

## Kvikasilfur í Þingvallaurriða

Matís og rannsóknafyrirtækið Laxfiskar kynna niðurstöður sameiginlegrar rannsóknar á magni kvikasilfurs í urriða úr Þingvallavatni á fundi í Sjávarútvegshúsinu, Skúlagötu 4, á morgun, miðvikudag, klukkan 14.

Rannsóknin hafði manneldissjónarmið að leiðarljósi og var gerð til að draga upp mynd af magni kvikasilfurs í Þingvallaurriðum með hliðsjón af stærð þeirra og forsögu.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að kvikasilfur er mælanlegt í Þingvallaurriða. Í ákveðnum tilvikum er magn kvikasilfurs í fiskholdinu yfir leyfilegum mörkum Evrópusambandsins fyrir styrk kvikasilfurs í matvælum. Smærri urriðinn er gegnumsneitt undir þeim mörkum en eftir að urriðinn hefur náð ákveðinni stærð eru umtalsverðar líkur á því að hann inniháldi meira kvikasilfur en viðmiðunarmörk gera ráð fyrir.

Hagsmunaaðilar og aðrir áhugasamir eru boðnir velkomnir á fundinn.

Sjá www.matis.is.

## Fyrirferðarlítill veiðihattur

Simms Krieger Crusher-veiðihatturinn er nýjung frá Simms. Veiðihatturinn er flottur á að líta, léttur og fyrirferðarlítill og einfalt er að pakka honum saman í vasa.

Hatturinn er fáanlegur í tveimur litum, ljósbrúnum og dökkgrænum. Hatturinn er góður jafnt í sólskini sem regni og kostar 2.995 krónur í Veiðihorninu, Sportbúðinni og Veiðimanninum.

Nýjar sendingar eru að hlaðast inn þessa dagana í fyrrgreindum verslunum og má þar nefna sendingu frá DAM í Þýskalandi með 2009-árgerðunum af kasthjólum og stöngum auk smávöru, byssuskápa og fyrstu Simms-sendingu ársins og gott úrval af flugulínum frá Scientific Anglers og nýja sendingu frá Zpey í Noregi sem inniheldur ýmsar spennandi nýjungar. Auk þessa eru flugubarirnir að fyllast af nýjum flugum á góðu verði. *- hs*



Simms Krieger-hatturinn er fyrirferðarlítill og hagkvæmur. MYND/VEIÐIHORNIÐ

# Kastveiðinámskeið fyrir byrjendur

„Ég veiði eingöngu á flugu,“ segir Reynir Friðriksson sem hefur síðasta áratuginn unnið sem leiðsögumaður, meðal annars fyrir fyrirtækið Lax-á, og þá helst í kringum lax- og silungsveiði.

Reynir hefur sjálfur haldið námskeið í fluguköstum undanfarin misseri. „Ég hef mest verið með námskeið fyrir byrjendur og þá yfirleitt leiðbeint þremur til fimm í einu.“

Margir veiða eingöngu á flugu að sögn Reynis sem bendir á að fluguveiði hafi aukist meðal landans undanfarin ár, en enn sé þónokkuð um að menn veiði á maðk og spún.

Reynir leggur ríka áherslu á að fara vel yfir þau grunnatriði sem hver veiðimaður þarf að hafa í huga við veiðina. Þetta eru atriði eins og hversu hratt eða hægt á að draga inn línuna miðað við aðstæður hverju sinni. „Það er ýmislegt sem verður að hafa í huga hvort heldur verið er að veiða í vatni eða á,“ segir hann að bragði.

Það er alltaf mikið um að vera í kringum veiðina á sumrin bendir Reynir á og hann minnir áhugasama á að nýta sér þau ýmsu námskeið sem eru í boði og kynningar hjá stangveiðifélögum og veiðiverslunum. Einnig sé eitthvað um opin hús. Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig á námskeið í sumar hjá Reyni er bent á netfangið reynirf@yahoo.com eða símann 861-8281. *- vg*



Veiðimaður kastar flugunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**Hagstæð leiga**
**Til leigu góðar 2ja og 3ja herb. íbúðir í Garðinum. Íbúðirnar eru allar með sérinngangi og eru lausar nú þegar. Leiga kr. 52 þús. - 68 þús.**
**Uppl. í s. 587 1188 & 861 3646.**

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

ÞARFTU AÐ LEIGJA?
Vantar eignir á skrá
Öflug leigumiðlun.
húsaleiga.is

4 herb. íbúð til leigu í miðbænum 120 fm. Laus 1. júni '09 Uppl. í s. 898 1900.

Nýleg 5 herb íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Góð staðsetning Nánari uppl 863 3586.

Til leigu falleg 2 herb. íbúð í Mos. Uppl. í s. 861 4186.

4ra herb. 114fm nýlegt raðhús í Hraunbæ 109, 110 Rvk. Engin vísitala. Fast verð kr. 145.þ m.hússjóð. Langtímaleiguhúsnæði. S.898-3420

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herb. til leigu frá 15. júní til 5. júlí á svæði 101. Uppl. s. 899 6255.

4ra herb. íbúð til leigu í Fossvogi. Laus strax. Uppl. s. 865 2713

Góð 3ja herb. 75 fm íbúð til leigu í 107. Laus strax - 27. ágúst 09. 85 þ. með hita, rafmagni & Interneti. Sendið upplýsingar á erhver@hotmail.com

Studóíbúð og nokkur herbergi með sér baðherbergi til leigu í Stapahrauni 2, Hf. Eldhús,þvottavél, þurrkari, frítt internet, húsgögn ef þarf. S. 893 6060.

Langar þig í sólarlandaferð í sumar? Hef húsnæði á Spáni m/ sundlaug og öllu. Í staðinn vantaði mig þokkalegan gangfæran bíl í sumar, í skiptum eða að láni. Nánari uppl. í s. 822 6612.

Til leigu stúdíóherbergi miðsvæðis í Reykjavík. á 45. þús. Uppl. 6945573

herbergi með aðgang að eldhúsi og snyrtingu í Hafnarf. s. 8975090

## Húsnæði óskast

Óska eftir æfingarhúsnæði f. hljómsveit. Skilvirkum greiðslum og góðri umgengni heitið. S. 865 0337

Póstnr. 101 eða 107. Norðm. reyklaust par v/Háskóla Ísl. 1/8-2009 -1/7-2010, vantar 3ja herb. íb. m. húsg. og sturtu. Vinsaml. sendið símanr. m. SMS í 0047-98 64 82 77 E-mail með uppl. á gunhildrf@hotmail.com

Óska að kaupa iðnaðartjald með PVC dúk.Stærð ekki undir 200 fermetrar. Upplýsingar í síma: 660-6708 Ólafur.

## Sumarbústaðir

Lítið sætt sumarhús til flutnings. Möguleiki á rúmum flutningstíma, ár eða svo. Einnig sturtuvagn, traktor m/ tækjum og fl. landbúnaðartæki. S. 865 6560.

Glæsilegur lúxusbústaður til leigu í Borgarfirði, laus um hvítasunnuna. s. 896 0675 eða http://storaborg.123.is

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðarrými í Hafnarf. til leigu. 100, 180 og 360 ferm. Lofthæð 4 til 7 m. Get einnig boðið 1000 - 1500 ferm húsn. 822 4200.

Til leigu 110 fm iðnaðarbil (VSK) við Stórhöfða. Bilið er með einni innkeyrsluhurð, salerni og kaffiaðstöðu. Uppl. j.hilmarsson@gmail.com eða 862 9222.

Bæjarlind 14-16 - Til leigu 400m2 glæsilegt verslunar- eða skrifstofuhúsnæði á jarðhæð (neðstu)-norðurendi (Tekk plássið). Innkeyrsludyr, næg bílastæði og góð aðkoma. Hagstæð leiga. Upplýsingar í síma 895-5053

Rúmlega 100.ferm. sýningarsalur til leigu, getur lika nýst sem vinnustofa,. uppl.í síma 897-2256. Galleríið Af Hjartans List. Brautarholti 22.105 Reykjavík

## Geymsluhúsnæði




**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Bílskúr

40 Fm bílskúr til sölu, til brottflutnings. Uppl. í s. 866 1962

## Gisting

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

## Óskast til lil leigu

**KREPPUSLÁTTUR**
Garðsláttur, þökulagnir, hellulagnir og öll almenn garðvinna frábær verð og mikil reynsla
**Hlynur s: 8633492**

;ALLT HEIMILI

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Starfsfólk óskast til ræstingarstarfa 2x í viku. Uppl. í s. 894 3013 eftir kl. 13 eða á tilraun13@gmail.com Ekki skattfrjáls vinna.

DOMO

**Matreiðslunemi óskast**
**Við á Domo viljum bæta við okkur matreiðslunema. Einnig vantar okkur matreiðslumann eða aðstoð í eldhúsi.**
**Sendið umsoknir á viktoro@simnet.is**

Gallerý fiskur
Starfsfólk óskast til sumarafleysinga.
Vinnutími 09-16 virka daga og aðra hvora helgi.
Uppl. Í s. 587 2882, Kristófer.

**Veitingahús í Kópavogi**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast í dyravörslu og á bar. Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 894 0292.**

Meiraprófsbílstjóri óskast til sumarafleysinga starfa við vörudreifingu, unnið frá kl. 03:00. Reynsla skilyrði, stundvísi og áreiðanleiki áskilin. Uppl. í s. 843 3100.

Óska eftir vönum byggingaverkamanni eða bygginganema. Uppl. í s. 822 5899.

SVEIT Starfsmenn vantar á kúabú á suðurlandií öll almenn sveitarstörf, sumar eða framtíðarstarf. Upplýsingar í síma 4876576 milli kl. 12-13 og eftir 21.

Reykjavík Bed & Breakfast leitar að starfsfólki í fullt starf og hlutastörf við þrif, morgunverð og gestamóttöku. Tungumálakunnátta skilyrði og hæfni í mannlegum samskiptum. Umsóknir sendist á info@rbb.is

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

## Atvinna óskast

Óska eftir vinnu við hreingerningar eða garðvinnu. Er rösk. S. 844 8927.

Tek að mér að mér hreingerningar og þrif er mjög rösk sími 848-8360

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Aðalfundur Flugfélagsins Geirfugls ehf, verður haldinn í Fluggörðum 25 miðvikudaginn 3. júní nk. klukkan 20:00. Nánari uppl. á www.geirfugl.is

## Tilkynningar

doro




**Aðalfundur Heyrnarhjálpar**
**Minnum á aðalfundinn í húsnæði félagsins Langholtsvegi 111 kl. 20:00 á morgun. Venjuleg aðalfundarstörf. Fulltrúar Doro á Íslandi munu kynna GSM síma, heimilissíma og aðrar lausnir fyrir heyrnarskerta frá Doro Care. Tónmöskvi-rittúlkur - kaffi**
**Mætið vel! Stjórnin**

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Nudd óskast**
Karlmaður um fimmtugt, kyrrsetumaður, í alla staði venjulegur, sem er að koma sér í líkamlegt toppform, vill kynnast nuddkonu. Auglýsing hans er á Sexychat.is á slóðinni www.sexychat.is/hreggvidur.

**Hot pink**
Símadama á Rauða Torginu hefur birt alveg sérlega flottar myndir af sjálfri sér í myndaalbúmum Sexychat.is. Þú sérð prófílinn hennar á slóðinni www.sexychat.is/perla.

**Ný símadama**
Rauða Torgið tilkynnir um nýja símadömu. Þú sérð prófílinn hennar hjá Sexychat.is á slóðinni www.sexychat.is/AnnaRut.

**Fyrirsætur á Sexychat.is**
Nú þegar hafa ýmsir einstaklingar skráð sig sem fyrirsætur hjá Sexychat.is. Smelltu á „Leita", veldu valkostinn „Fyrirsæta" og skoðaðu prófílana sem koma upp.

## Tilkynningar

Kópavogsbær

**Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.**

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

**Vatnsendi - Dimmuhverfi, Grundarhvarf 22 (Vbl 72), breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 12. maí 2009 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Grundarhvarf 22 (Vbl 72). Athugasemdir bárust og hefur þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir verið send umsögn skipulagsnefndar. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26 . gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar með kæru sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B- deild Stjórnartíðinda.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar skipulagsáætlanir er hægt að nálgast á Skipulags- og umhverfissviði Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:30 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00.

**Smári Smárason.**
**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið




reyska verðbréfamarkaðarins reiknar með að fleiri færeysk fyrirtæki leiti fyrir sér með skráningu á markað hér þegar jafnvægi kemst á fjármála-

MARKAÐURINN/AFP

þau í íslenskum krónum. Hlutabréf færeysku fyrirtækjanna hafa hins vegar ávallt verið skráð í dönskum krónum.

Seðlabankinn veitti undanþágu frá gjaldeyrisreglunum nálægt miðjum desember og urðu færeysku félögin þar með eini gluggi fjárfesta hér út í hinn stóra heim – það er að segja þeirra, sem bjuggu við það svigrúm að eiga fyrir erlendar eignir.

„Við erum mjög bjartsýn á að íslenskir fjárfestar hafi áhuga á fyrirtækjunum okkar,“ segir Sigurd Poulsen.



**SIGURD POULSEN** Forstjóri færeyska verðbréfamarkaðarins segir Færeyinga hafa styrkt efnahagslíf sitt verulega í kjölfar kreppunnar sem reið yfir landið fyrir tæpum tuttugu árum. Sviptingarnar hafi valdið því að Færeyingar hafi getað staðið betur af sér kreppuna nú en aðrar þjóðir.

# Færeyingar gengu í gegnum hremmingar

Við upphaf tíunda áratugs síðustu aldar reið bankakreppa yfir Færeyjar ásamt aflabresti.

Þegar verst lét varð fjórðungur Færeyinga atvinnulaus og fluttust fimmtán prósent landsmanna búferlum. Flestir fóru til Danmerkur. Færeyingar voru um 48 þúsund talsins þegar kreppan reið yfir. Fimm árum síðar hafði þeim fækkað um fimm þúsund. Upp úr 2002 hafði um helmingur hinna brottfluttu snúið aftur og var þá aftur náð svipuðum fólksfjölda og um það leyti sem kreppan skall á.

Í kjölfarið lánuðu Danir færeysku landsstjórninni jafnvirði um 120 prósent af landsframleiðslu Færeyinga á einu ári. Um áratug tók að greiða það niður ásamt vöxtum. Sigurd Poulsen bendir á að Færeyingar hafi kappkostað að greiða niður skuldir og laga til í fjárhag sínum. „Þegar kreppan reið yfir varð færeyska landsstjórnin mjög skuldsett. Við skárum fjárfestingar hins opinbera snarlega niður og breyttum skattastiginu.

Mikið hefur breyst síðan þá og efnahagslífið er í mjög góðu ásigkomulagi,“ bendir Sigurd á og bætir við að þótt Færeyingar fari ekki varhluta af þeim alþjóðlegu efnahagsþrengingum sem gengið hafi yfir heimsbyggðina í á annað ár hafi landsstjórnin verið skuldlaus þegar kreppan skall á og því betur til þess búin að takast á við áföll en ella.



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Hvar á að skera og til hvaða framtíðar er horft?

# Grípum ekki til skammgóðs vermis

**Óli Kristján Ármannsson**

Í byrjun vikunnar voru lagðar fram til kynningar ráðherrum ríkisstjórnarinnar og stjórnendum háskóla landsins tillögur erlendra sérfræðinga í menntamálum um gagngera endurskipulagningu og áherslubreytingar í menntakerfinu. Vinna sérfræðinganna er hluti af endurmati sem sett var í gang eftir hrun efnahagslífsins og fall fjármálakerfisins snemma vetrar.

Þótt tillögurnar snúi að menntakerfinu falla þær undir efnahagsaðgerðir því horft er til þess hvernig búa eigi hér um hnúta þannig að forsendur skapist fyrir framtíðarhagvöxt. Fyrir erlendu sérfræðinganefndinni fóru menn með víðtæka reynslu úr finnsku efnahagslífi, þeir Christoffer Taxell og Markku Linna. Finnar gengu nefnilega í gegn um mjög svipað áfall á tíunda áratug síðustu aldar og nú ríður yfir hér. Þar hrundi gjaldmiðillinn og fjármálakerfið eftir uppgangstíma í skugga þrenginga og breyttra efnahagsaðstæðna í austurblokkinni. Hér veitir okkur ekki af hollráðum þeirra sem reynsluna hafa af slíkum efnahagshamförum og vissara að leggja við hlustir.

Finnum tókst að snúa vörn í sókn og eru nú með framsæknustu ríkjum heims og hafa byggt upp öflugan tækniiðnað. Til þess að byggja megi upp þurfa grunnurinn og undirstöðurnar að vera góðar. Og hvar ætli stoðunum sé skotið undir framtíðarhagvöxt þjóðarinnar? Það er í grunnskólum landsins. Á þetta benda finnsku sérfræðingarnir og telja glapræði að ætla sér að skera niður þar.

Vel má vera að hægt sé að ná fram töluverðum og skjótfengum sparnaði með niðurskurði í skólakerfinu, en ef með því er vegið að framtíðarhagvexti þjóðarinnar er betur heima setið en af stað farið. Of mikill kostnaður er vegna efnahagsmistaka fortíðar, einstrengingslegum stuðningi við ónýtan gjaldmiðil og skammsýni stjórnmálamanna í inngripum í viðskiptalífið, ef rýra á með þessum hætti framtíðarmöguleika barna þjóðarinnar og um leið getu landsins til uppbyggingar.

**Algjörlega óásættanlegt er að ekki skuli búið að ljúka við skilin milli nýju bankanna og þeirra gömlu. Á því verkefni er orðinn þriggja mánaða dráttur. Verðmiðinn sem settur er á eignirnar sem fluttar voru yfir í nýju bankana skiptir ekki öllu máli ef ekki er tryggt er að kröfuhafar bankanna fái að njóta viðbótarávinnings við eignasölu ef einhver er.**

Horfa þarf til lengri tíma og hætta drolli við verkefni sem löngu á að vera búið að ljúka. Algjörlega óásættanlegt er að ekki skuli búið að ljúka við skilin milli nýju bankanna og þeirra gömlu. Á því verkefni er orðinn þriggja mánaða dráttur. Verðmiðinn sem settur er á eignirnar sem fluttar voru yfir í nýju bankana skiptir ekki öllu máli ef tryggt er að kröfuhafar bankanna fái að njóta viðbótarávinnings við eignasölu ef einhver er. Ættu þar að nægja einfaldar klásúlur í skiptasamningum.

Þegar lokið hefur verið við efnahagsreikning bankanna geta þeir snúið sér að þeim verkum að styðja við efnahagslífið og gera upp þau fyrirtæki og skuldir þar sem aflaga hefur farið. Fjármálaeftirlit, lögregla og dómstólar sinna svo uppgjöri á öðrum vígstöðvum. Ætti þá jafnframt að linna upphrópunum um einstaklinga sem sett hafi landið á hausinn. Ef vel tekst til ætti kostnaður skattborgara ekki að verða mikið meiri en að leggja út fyrir nýju bönkunum, en sú fjárfesting ætti að skila sér til baka á ný. Í það minnsta ef við hröpum ekki inn á leið einangrunarstefnu og sjálfsþurftarbúskapar. Þá er hætt við öðru hruni og skiptir kannski ekki öllu máli hvar skorið er niður nú. Þeir, sem ekki hugnast að búa á Íslandi eins og það var á seinni hluta sjötta áratugar síðustu aldar, geta þá flutt annað.

Auglýsingasími

512 5050




– Mest lesið



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Síðustu þrjá mánuði síðasta árs annaðist Seðlabanki Íslands alla erlenda greiðslumiðlun hér á landi, eftir fall stóru bankanna þriggja í októberbyrjun. MARKAÐURINN/PJETUR

# Staða gjaldeyrismiðlunar

ORÐ Í BELG



**Ástrún Björk Ágústsdóttir**
forstöðumaður Útibúaþjónustu Íslandsbanka



**Sigríður María Torfadóttir**
viðskiptastjóri hjá Fjárstýringu Íslandsbanka

Við hrun bankakerfisins í október síðastliðnum lokaðist á öll viðskiptatengsl við erlenda banka sem búið var að byggja upp með góðum árangri á löngum tíma. Allt bankakerfið á Íslandi varð rúið trausti og erlend greiðslumiðlun lenti í uppnámi. Þá kom berlega í ljós hversu háðir við Íslendingar erum greiðslumiðlun við útlönd.

Þetta ferli sem fáir leiða hugann að meðan allt leikur í lyndi varð skyndilega á allra vörum. Við slíkar aðstæður er ekki óeðlilegt að skapist misskilningur og reyndar fór svo að alls kyns rangfærslur fengu hljómgrunn í fjölmiðlum og víðar. Jafnvel eftir að greiðslur fóru að ganga eðlilega hefur ýmsu verið haldið fram sem ekki á sér stoð í raunveruleikanum.

Til dæmis hefur verið sagt að eina gáttin fyrir greiðslur til útlanda sé í gegnum JP Morgan-bankann. Jafnframt að þær greiðslur sem fari í gegnum ríkisbankana séu tryggðar af íslenska ríkinu. Báðar staðhæfingarnar eru alrangar.

**JP MORGAN Á UNDAN ÖÐRUM BÖNKUM**

Með útsjónarsemi og fyrirhyggju tókst starfsmönnum Seðlabanka Íslands og viðskiptabankanna þriggja að tryggja flæði erlendra greiðslna til og frá landinu. Í raun má segja að Seðlabankinn hafi annast alla erlenda greiðslumiðlun á Íslandi síðustu þrjá mánuði liðins árs.

Það gefur augaleið að svona grundvallarbreytingum á jafn viðkvæmum viðskiptum fylgdu aukaverkanir. Afgreiðslutími erlendra greiðslna lengdist og að auki urðu alls kyns hnökrar á leiðinni sem oftast byggðust á misskilningi og tók á stundum langan tíma að vinna úr.

Í greiðslumiðlun sinni notast Seðlabankinn við ýmsa erlenda banka víða um heim en JP Morgan-bankinn er ekki einn þeirra. Hins vegar var JP Morgan langt á undan öðrum erlendum bönkum til að bjóða nýju bönkunum þjónustu sína, sem skýrir hvers vegna nýju bankarnir stofnuðu sína fyrstu reikninga hjá þeim.

**FLEIRI GJALDEYRISREIKNINGAR Í FLEIRI LÖNDUM**

Frá áramótum hafa bæði Íslandsbanki og Kaupþing sinnt eigin greiðslumiðlun. Hún fer fram að hluta gegnum reikninga hjá JP Morgan Chase-bankanum en að auki hafa verið opnaðir reikningar hjá öðrum bönkum sem íslenskir bankar hafa átt gott samstarf við í áratugi.

Sem dæmi má nefna að Íslandsbanki er nú með reikninga hjá Danske Bank í Danmörku, SEB í Noregi, Svenska Handelsbanken í Svíþjóð, Royal Bank of Canada í Kanada og Commercial Bank of Australia í Ástralíu. Þá er í gangi vinna við að opna reikninga hjá fleiri bönkum.

Allir þessir reikningar voru opnaðir án þess að nokkrar ábyrgðir eða tryggingar væru lagðar fram og kostnaður bankanna við reikningana og greiðslur gegnum þá er sambærilegur við það sem gengur og gerist á markaðnum miðað við magn viðskipta. Miðlun greiðslna gegnum þessa reikninga hefur gengið vel og öruggleg. Dæmi um að greiðslur sem fara þessa leið skili sér ekki á réttum tíma eru hlutfallslega álíka mörg og þau voru fyrir hrun, en þess ber að geta að íslenskir bankar hafa ætíð staðið framarlega að þessu leyti. Um miðjan janúar síðastliðinn opnaði Íslandsbanki aftur möguleikann fyrir fyrirtæki í viðskiptum, að senda erlendar greiðslur í gegnum netbankann.

**NÆSTU SKREF**

Fram undan er mikið starf við að byggja upp íslenskt bankakerfi. Hluti þess starfs mun felast í því að koma í veg fyrir að aðstæður eins og sköpuðust í greiðslumiðlun í október komi upp aftur. Það starf verður unnið í góðri samvinnu Seðlabankans, viðskiptabankanna og sparisjóðanna, vonandi í friði fyrir röngum fullyrðingum á borð við þær sem nefndar voru og eru engum til hagsbóta.



VIKULEG VEFRÁÐ Í BOÐI ALLRA ÁTTA

# Vefsíða eða kaffistofukorktafla?

**Jón Trausti Snorrason**
**framkvæmdastjóri**
**Allra Átta ehf.**

www.8.is

Grundvöllur þess, að halda úti gagnlegri fyrirtækissíðu, er að tala á máli lesenda. Forðast skal að rugla þá í ríminu og vekja efasemdir um heilindi fyrirtækisins. Ef notendur efast um gildi eða sannleiksgildi textans, fara þeir annað. Hið sama á við ef þeir þurfa að nota orðabók við lesturinn.

Sumar fyrirtækjasíður eru uppfullar af sérfræðiorðum, sem hinn venjulegi lesandi þekkir lítið eða ekki. Slíkt getur verið í lagi, ef vefsíðan er ætluð þröngum hópi sérfræðinga eða áhugafólks, en þá þarf að taka það fram með áberandi hætti. Yfirleitt eru slíkar síður þó lítið meira en korktafla á kaffistofunni, samansafn upplýsinga, sem sérfræðingar taka saman fyrir aðra sérfræðinga.

Mikilvægt er, að nota ekki sérfræðiorð, nema útskýra þau fyrir lesendum, sem gætu hugsanlega slæðst inn á síðuna. Jafnframt má ekki gefa sér, að lesendur viti jafn mikið og starfsmenn fyrirtækisins. Því þarf að rökstyðja fullyrðingar, útskýra hugtök og styðja fræðitexta með skýringamyndum. Framsetning upplýsinga þarf að vera greinileg og óumdeild. Slæmt er að setja fram óljósar eða umdeildar yfirlýsingar, t.d. „fyrirtækið er í 3. sæti á ABC-listanum“, ef ekki er almennt vitað hvers konar listi það er. Trúverðugleiki vefsíðunnar skilur oft á milli þeirra, sem ná árangri og hinna, sem gera það ekki.

Lesendur eru ekki jafn auðtrúa og sumir halda. Ef þeim líkar ekki við vefsíðuna þína, fara þeir og koma aldrei aftur.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, *olikr@markadurinn.is* RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, *jonab@markadurinn.is* AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu
Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.








**ALÞJÓÐLEG SÝN – FRAMSÆKIÐ FÓLK – SKAPANDI UMHVERFI**

# VERTU KLÁR!

Nýir tímar kalla á nýja sýn - gagnrýna hugsun, sköpunarkraft og samskiptaleikni. Það er einmitt þetta sem starfsemi Háskólans í Reykjavík grundvallast á og endurspeglast í rannsóknum, kennsluaðferðum og menningu skólans.

Viðskiptadeild HR býður fjölbreyttar námsleiðir; grunnnám í dagskóla, háskólanám með vinnu og alþjóðlegt meistaranám. Hægt er að sérhæfa sig á mörgum sviðum, s.s. alþjóðaviðskiptum, Evrópufræðum, fjárfestingarstjórnun o.m.fl. Markmiðið er að útskrifaðir nemendur verði gerendur, greinendur og gagnrýnendur. Þessu markmiði er náð með jafnvægi á milli hagnýtra og fræðilegra verkefna í náminu.

Menntun viðskiptafræðinga veitir þeim tækifæri til að starfa á mjög breiðum vettvangi. Kennarar við deildina hafa fjölbreyttan bakgrunn – eru akademískir, hafa djúpar rætur í atvinnulífi eða koma frá nokkrum af bestu háskólum í heiminum.

- BSc Í VIÐSKIPTAFRÆÐI – DAGSKÓLI
- BSc Í VIÐSKIPTAFRÆÐI – HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU (HMV)
- MSc Í ALÞJÓÐAVIÐSKIPTUM
- MSc Í EVRÓPUFRÆÐUM (Í SAMVINNU VIÐ LAGADEILD HR)
- MSc Í FJÁRFESTINGARSTJÓRNUN (MSIM)
- MSc Í FJÁRMÁLUM FYRIRTÆKJA
- MSc Í REIKNINGSHALDI OG ENDURSKOÐUN:
  - ÁHERSLA Á ENDURSKOÐUN
  - ÁHERSLA Á STJÓRNUN REIKNINGSSKILA
- MBA NÁM

*Rúmur helmingur stærstu fyrirtækja á Íslandi ætlar að ráða í ný störf á þessu ári. Þar af reikna 80% þeirra með að ráða í framtíðarstarf og 70% þeirra ætla að ráða fólk til sumarstarfa. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun sem Atvinnuþjónusta Háskólans í Reykjavík hefur látið gera.*
**Algengasta fræðasviðið sem fyrirtæki leita nú að er viðskiptafræði (56%).**

**Umsóknarfrestur er til 31. maí**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**

## Fátíðar skammir

Kauphöllin áminnti Bakkavör og Straum opinberlega í síðustu viku ásamt því að sekta hvort félag um 1,5 milljónir króna. Kauphöllin hefur ekki oft beitt félög févíti. Í janúar 2003 var Búnaðarbankinn sektaður um 4,5 milljónir króna fyrir að virða ekki flöggunarreglur í tengslum við gerð samnings um meðferð hlutabréfa í Straumi um hálfu ári fyrr. Það er hæsta byrðin sem skráð félag hefur á sig fengið vegna brota á reglum. Næsthæsta sektin upp á fjórar milljónir króna féll á herðar Existu í desember í fyrra. „Við höfum takmarkaðar heimildir til að leggja á fésektir vegna brota á reglum. Þær eru ekki málið heldur hafa þær forvarnargildi,“ segir Páll Harðarson, aðstoðarforstjóri Nasdaq OMX Iceland.



## Sænskur milli kaupir enskan bæ

Þótt peningar færi manni ekki endilega hamingjuna má fyrir þá fá helling af fasteignum. Netútgáfa Jyllands-Posten greinir frá því hvernig milljarðamæringurinn Stefan Persson, sænskur eigandi fataverslanakeðjunnar Hennes & Mauritz (H&M) fór aðrar leiðir en sauðsvartur almúginn þegar hann var í fasteignahugleiðingum. Í stað þess að láta sér nægja hús á góðum stað svipaðist hann um eftir bæ til sölu og er við að festa kaup á einum slíkum, Linkenholt í Hampshire í Bretlandi. Verðmiðinn er 25 milljónir punda, eða nálægt 5 milljörðum króna. Í pakkanum er höfuðbýli, 21 kot til útleigu, 2.000 ekrur landsvæðis (þar af 1.500 ræktarland, restin skógur) og veiðiréttur. Guardian í Bretlandi segir auðmenn hafa bitist um eignina síðan í mars, en Persson hafi boðið best. Nokkuð ljóst að ekki láta allir truflast af heimskreppunni.

## Flottræfilsháttur eða fyrirhyggja?

Í uppsveiflu undangenginna ára var frá því greint að margir þeirra sem komist hefðu í álnir hefðu tekið upp það tómstundagaman að safna fínu og dýru víni. Um áhugamál sumra var fjallað á síðum blaða og myndir teknar í vínkjöllurum. Einstaka heyrðist fussa yfir þessu og kalla flottræfilshátt.

Nú eru aðstæður allar aðrar og óvíst að söfnun fari fram með sama krafti og áður. Þá má líka vera lán í óláni að vín heldur gildi sínu og gæti jafnvel reynst prýðisfjárfesting verði því komið í verð. Að öðrum kosti er hægur heimaleikur að skála fyrir fornri frægð og drekkja sorgum sínum verði efnahagsaðstæður til þess að menn verði að láta af þessu tómstundagamni sínu.



**9,7** prósenta lækkun hefur orðið á kaupmætti launa frá því hann náði hámarki í byrjun síðasta árs. Kaupmáttur nú er svipaður og var í árslok 2003 samkvæmt mælingu Hagstofunnar.

**367** milljóna króna hagnaður var eftir skatta á rekstri Atlantic Petroleum á fyrsta fjórðungi ársins. Hafin er olíuvinnsla á tveim svæðum sem skilar tekjum. Á sama tíma í fyrra var tap á rekstrinum.

**30** mál fara frá ríkisskattstjóra til skattrannsóknarstjóra vegna notkunar Íslendinga á erlendum greiðslukortum hér á landi. Grunur er um undanskot á sköttum.






OLYMPUS
FÓKUS Á GÆÐI OG GOTT VERÐ

OLYMPUS FE 45
- **10 milljón pixlar**
- 3x aðráttarlinsa (36-108mm)
- Stór 6,4cm (2,5”) LCD skjár
- Sérlega einföld og þægileg í notkun
- 16 handhægar tökustillingar
- Face Detection til að ná góðum andlitsmyndum
- Videoupptaka með hljóði
- Tekur xD og SD Micro - minniskort
- Tekur nærmyndir niður að 5cm fjarlægð
- Þrír litir: Blá, svört og gull

VERÐ: 18.900 KR.



OLYMPUS
MEÐ ALLT INN Í MYNDINNI

OLYMPUS FE 5000
- **10 milljón pixlar**
- 5x aðráttarlinsa (36-180mm)
- Stór 6,9cm (2,7”) LCD skjár
- Sérlega einföld og þægileg í notkun
- 14 handhægar tökustillingar
- Face Detection til að ná góðum andlitsmyndum
- Videoupptaka með hljóði
- Tekur XD og Micro SD minniskort
- Tekur nærmyndir niður að 5cm fjarlægð
- Lithium hleðslurafhlaða og hleðslutæki fylgir
- Tveir litir: Svört og gull

VERÐ: 29.900 KR.

3ja ára ábyrgð

Frábærar nýjar myndavélar frá OLYMPUS

ORMSSON

SÍÐUMÚLI 9 · SÍMI: 530 2800 // SMÁRALIND · SÍMI: 530 2900
VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

VELDU VANDAÐ – ÞAÐ BORGAR SIG ALLTAF

KVIKA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

## BÓNUS PYLSUR

BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr
BÓNUS PYLSUR 10 STK 489 kr./kg.
*PYLSAN Í BRAUÐI: 45 KR STK*

## K.S LAMBALÆRI HEILT

*FRYSTIVARA* 1078 kr/kg.

298

DILETTOKAFFI 400g 298 kr.
DILETTO KAFFIBAUNIR 400g 298 kr.
*NÚ LÍKA TIL Í HEILUM KAFFIBAUNUM...*

## HAMBORGARAR

129 · 1198

BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ 4 STK 129 kr.
K.F LÚXUS HAMBORGARAR 10 X *120G* 1198 kr.

198

BÓNUS NÝBAKAÐAR MJÚKAR KRINGLUR 4 STK 198 kr

198

BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR 4 STK 198 kr

139 · 198

BÓNUS HRÁSALAT 350G 139 kr.
BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270 ml 198 kr.

198

KARTÖFLUR HVÍTAR 2 KG
198 kr pokinn.

179

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g 179 kr.

298

K.S FROSIN LAMBASVIÐ 298 kr/kg.

1298

KS NAUTA GÚLLASBITAR *(FRYSTIVARA)* 1298 kr.

29 · 59

ROOKEE NÚÐLUR POKAR 85g 29 kr
BOX 65g 59 kr.

69

FRISSI FRÍSKI APPELSÍNU 1 ltr 69 kr.

98

E.S ORKUDRYKKUR
*250 ML DÓS* 98 kr.

69

*DÓS 500 ML* 69 kr.

598

BÓNUS ÍSPINNAR 24 STK
598 kr.

259

BÓNUS ÍS 2 ltr. 259 kr.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGUR 12.00 -18.30



NOKKUR ORÐ

Alma Guðmundsdóttir

# Mest lesnu hörmungarnar

Þegar ég var að fletta í gegnum vefmiðlana visir.is og mbl.is í gær rak ég augun í það að á báðum miðlum voru mest lesnu fréttirnar með sorglegum eða ógnvekjandi yfirskriftum. Á Vísi var mest lesna fréttin „Nauðgað á hommabar í Kaupmannahöfn“ en þar á eftir voru fréttirnar „Háloftaslys: Einstakt tilfelli“, „Dæmdur fyrir að misnota dóttur æskuvinar“, Borgarahreyfing: Framkvæmdastjóri vill 7,7 milljónir“, „Níu ára í öndunarvél eftir bílslys“ og „Í fangelsi fyrir að klæðast sem nunnur á Krít“. (Sú síðastnefnda var nú reyndar heldur skondin þar sem sautján Bretar voru færðir í fangelsi fyrir að klæðast nunnubúningum í Hania, en samkvæmt breska blaðinu Telegraph verður þeim sleppt með sekt).



Á mbl.is var mest lesna fréttin „Framdi sjálfsmorð í tígrisdýrabúri“, en aðrar vinsælar fréttir voru; „Vilja reka forstjóra Exista“, „Fékk hjartastopp í lögreglubílnum“, „Dóttir Tysons í lífshættu“ og „Enn ófundinn“.

Það er nokkuð ljóst að ógnvekjandi, hræðilegir og sjokkerandi hlutir vekja alltaf athygli og eftirtekt. Það er eins og einhver spenna og forvitni keyri mann áfram og maður verður að lesa um allt það hörmulega sem er í gangi. Áður en maður veit af er maður búinn að lesa allar þessar sorgarfréttir og fyllist svo svartsýni og vanlíðan í kjölfarið.

Ef ég ætti að gera óskalista myndi ég vilja sjá mest lesnu fréttirnar með titla á borð við; „Ísland gengur í Evrópusambandið“, „Matvælaverð lækkar“, „Banaslysum fækkar“, „Batnandi efnahagsástand“ og „Spá blíðviðri á landinu næstu vikurnar“. Það væri ljúfur listi.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Stökktu til Costa del Sol

2. eða 9. júní

frá kr. 59.990

Verð kr. 59.990 - vika. Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku. Stökktu tilboð 2. júní. Aukalega m.v. brottför 9. júní kr. 10.000. Aukavika kr. 25.000.

**Allra síðustu sætin!**

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol 2. og 9. júní í eina eða 2 vikur. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins í sumarfríinu á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

# Stökktu til Bodrum - Tyrklandi

12. eða 19. júní

frá kr. 89.990 - með eða án fæðis



**Frábært verðlag í Tyrklandi!**

Heimsferðir bjóða ótrúleg tilboð á ferðum til sumarleyfisperlunnar Bodrum í Tyrklandi 12. og 19. júní. Í boði eru stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókar flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Þú velur hvort þú vilt gistingu án fæðis, með hálfu fæði eða "öllu inniföldu". Ferðin 12. júní er í 2 vikur en ferðin 19. júní er í 1 eða 2 vikur. Gríptu þetta einstaka tækifæri og smelltu þér í sumarfrí með Heimsferðum og njóttu lífsins á þessum einstaka sumarleyfisstað á hreint ótrúlegum kjörum.

Frá kr. 89.990 - vika / kr. 99.990 - 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð, 12. eða 19. júní. Verð m.v. 2 saman íbúð/stúdíó/herbergi kr. 99.990. Aukavika kr. 15.000. Stökktu tilboð.

**Með hálfu fæði**
Frá kr. 99.990 - vika
Frá kr. 119.990 - 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð/herbergi með hálfu fæði, 12. eða 19. júní. Verð m.v. 2 saman í íbúð/stúdíó/herbergi kr. 109.990. Aukavika kr. 25.000. Stökktu tilboð.

**Með "öllu inniföldu"**
Frá kr. 114.990 - vika
Frá kr. 139.990 - 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð/herbergi með "öllu inniföldu", 12. eða 19. júní. Verð m.v. 2 saman í íbúð/stúdíó/herbergi kr. 119.990. Aukavika kr. 35.000. Stökktu tilboð.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Rússarnir koma



TÓNLIST Gennadíj Rosdestvenskíj, einn virtasti stjórnandi heims, stjórnar Sinfóníunni annað kvöld.

Rússneski snillingurinn Gennadíj Rosdestvenskíj stjórnar Listahátíðartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands annað kvöld og einleikari á tónleikunum er píanóleikarinn Viktoria Postnikova, eiginkona hans. Bæði eru þau með virtustu listamönnum Rússlands: Rosdestvenskíj hefur verið einn fremsti hljómsveitarstjóri Rússlands í næstum hálfa öld og hefur vakið eftirtekt um allan heim fyrir sérstæðan stjórnunarstíl sinn. Hann var náinn samstarfsmaður Prokofiefs og Sjostakovitsj og þeir tileinkuðu honum verk sín í virðingarskyni við ótvíræðar gáfur hans.

Hann heldur fáa tónleika á hverju ári og því er það stórviðburður í hvert sinn sem hann stígur á stjórnandapallinn. Það er sérstakt ánægjuefni að á þessum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Listahátíð stjórnar hann Leníngrad-sinfóníu Sjostakovitsj sem var samin á þeim miklu hörmungartímum þegar Þjóðverjar sátu um borgina í 900 daga og um milljón manns lét lífið úr hungri og kulda.

Auk þess mun Viktoria Postnikova, leika hinn ægifagra píanókonsert í c-moll eftir Mozart á tónleikunum. Postnikova hefur verið í fararbroddi rússneskra píanóvirtúósa um áratuga skeið. Hún hefur hljóðritað öll píanóverk Tsjaíkovskís og Mussorgskís og hvarvetna hlotið frábæra dóma fyrir leik sinn.

Það er einstakt tækiæri fyrir Íslendinga að fá þessa miklu listamenn hingað á Listahátíð og tónlistarunnendur ættu ekki að láta þessa tónleika fara fram hjá sér en þeir hefjast kl. 19.30.

Miðsala á tónleikana er hjá Sinfóníuhjómsveit Íslands í Háskólabíói og á vef Sinfóníunnar, sinfonia.is.

- pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 27. maí 2009**

**→ Tónleikar**

**20.00 Drengjakór Hafnarfjarðar** heldur tónleika í sal Flensborgarskólans við Hringbraut í Hafnarfirði. Á efnisskránni verða m.a. lög eftir Bellman, Sálina og Elton John. Aðgangur er ókeypis.

**20.00 Vortónleikar Samkórs Reykjavíkur** verða haldnir í Fella- og Hólakirkju við Hólaberg. Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá.

**21.00 The Friday Night Idols** spila poppskotna þjóðlaga-blágresistónlist á tónleikum á Kaffi Zimsen, Hafnarstræti 18.

**→ Útgáfutónleikar**

**Foreign Monkeys** heldur tvenna útgáfutónleika á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Þeir fyrri hefjast kl. 18 og eru ætlaðir öllum aldurshópum en þeir seinni eru kl. 22 og 20 ára aldurstakmark.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


GLITNIR BANKI HF.

AUGLÝSING UM KRÖFUHAFAFUND

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 19. febrúar 2009 var heimild Glitnis banka hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 105 Reykjavík, til greiðslustöðvunar, sem upphaflega var veitt þann 24. nóvember 2008, framlengd til föstudagsins 13. nóvember 2009 kl. 13.00.

Steinunn Guðbjartsdóttir, hrl. gegnir starfi aðstoðarmanns á greiðslustöðvunartímabili.

Af þessum sökum og með vísan til 13. gr. laga nr. 21/1991 er boðað til fundar með lánardrottnum bankans. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 5. nóvember 2009 kl. 10.00 árdegis á Hótel Hilton Reykjavik Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Það er ennfremur tilkynnt að þinghald um heimild Glitnis banka hf. til greiðslustöðvunar verður háð í dómshúsinu við Lækjartorg, dómsal 102, föstudaginn 13. nóvember 2009 kl. 13.00 en samkvæmt úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur stendur heimild bankans til greiðslustöðvunar fram til þess tíma.

Rétt til fundarsóknar eiga þeir sem eiga kröfu á Glitni banka hf. Farið er fram á að kröfuhafar tilkynni mætingu og skrái kröfur sínar á vefsíðunni www.glitnirbank.com í síðasta lagi 15. október 2009. Athygli kröfuhafa er vakin á því að í þessu ferli felst ekki formleg kröfulýsing á hendur Glitni banka hf. Nánari upplýsingar er að finna á vefnum www.glitnirbank.com.

Steinunn Guðbjartsdóttir,
hæstaréttarlögmaður.

GLITNIR

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið






SINDRI

BYGGINGADEILD | VERSLANIR | VÉLADEILD | ÞJÓNUSTUDEILD

www.sindri.is Klettagörðum 12 Rvk Bæjarhraun 12 Hfn Viðarhöfða 6 Rvk Sími: 575 0000

**> HUNDURINN KEMUR MEÐ**

**Jennifer Aniston** er svo háð hundi sínum til þrettán ára að hún tekur hann alltaf með sér til vinnu. Ferfætlingurinn heitir Norman og fylgir eiganda sínum á tökustað á hverjum morgni.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Gaddakylfan yfirvofandi

Það verður sannkallað glæpsamlegt ástand á Grand Rokki í dag kl. 17 þar sem úrslit í Gaddakylfunni 2009, glæpasagnasamkeppni Mannlífs og Hins íslenska glæpafélags, verða kunngerð. Hinn háskalegi verðlaunagripur er nú veittur í sjötta sinn og bárust yfir sjötíu sögur í keppnina að þessu sinni.

Kristján Jóhann Jónsson, fulltrúi Glæpafélagsins, var formaður dómnefndarinnar og valdi, ásamt þeim Þórarni Þórarinssyni, aðstoðarritstjóra Mannlífs, og Kristjáni H. Guðmundssyni blaðamanni, þær þrettán sögur sem þóttu bera af. Sögurnar birtast í árlegri kilju sem fylgir tímaritinu Mannlífi, sem kemur út daginn eftir glæpateitið. Kiljan í ár ber heitið 13 krimmar.

Höfundar þriggja bestu sagnanna verða verðlaunaðir sérstaklega og mun Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn afhenda sigurvegaranum Gaddakylfuna, glæsilegan verðlaunagrip úr smiðju listakonunnar Koggu.

Verðlaunaafhending Gaddakylfunnar 2009 markar upphaf ráðstefnu Alþjóðlegu glæpasagnasamtakanna (AIEP) og Norrænu glæpasagnasamtakanna (SKS) þar sem hápunkturinn verður afhending Glerlykilsins, norrænu glæpasagnaverðlaunanna. Það eru glæpadagar fram undan og komast vonandi allir heilir frá því þinghaldi. Væri raunar efni í glæpasögu ef einhvern vantar hugmynd. **- pbb**



**BÓKMENNTIR** Gaddakylfan - hin opinberu verðlaun Íslands í sínum geira. Geir Jón afhenti í fyrra og mætir aftur í ár.

# Kylie gengur í það heilaga



**TRÚLOFUÐ** Kylie Minogue er í brúðkaupshugleiðingum eftir að hafa játast unnusta sínum.

**Ástralska söngstjarnan Kylie Minogue er farin að búa sig undir væntanlegt brúðkaup því spænski kærastinn hennar, Andreas Velencoso, hefur beðið hana um að giftast sér. Andreas bar upp bónorðið yfir rómantískum kvöldverði í New York og samkvæmt heimildum Grazia-tímaritsins svífa ástríðurnar yfir vötnum hjá turtildúfunum. „Andreas sagðist vilja vakna við hlið hennar á hverjum einasta morgni í sínu lífi og hann þráði að eiga hana fyrir eiginkonu," hefur Grazia eftir heimildarmanni sínum. Kylie ku víst hafa spurt sinn heittelskaða hvort honum væri alvara með þessu og þegar það svar reyndist jákvætt játaðist Kylie honum á staðnum.**

# Tvær tónlistahátíðir um ferðahelgi

**Tvær tónlistarhátíðir verða haldnar á Akureyri og í Rangárvallasýslu um hvítasunnuhelgina, þessa fyrstu stóru ferðahelgi ársins. Önnur heitir AIM-festival en hin Norden Blues Festival.**

Allt að eitt hundrað tónlistarmenn koma fram á Norden Blues Festival, þar á meðal Grana Louise frá Chicago ásamt Blue Ice Band, Andrea Gylfadóttir, Kristjana Stefánsdóttir og Ragnheiður Gröndal. Á meðal hljómsveita sem stíga á svið eru South River Band, Slow Train og Mood. Haldnir verða liðlega fimmtíu tónleikar sem munu dreifast um Rangárvallasýslu frá föstudegi til sunnudags.

„Ég hef búið í þessu sveitarfélagi í 25 ár og er búinn að ganga með þessa grillu í höfðinu sennilega í tólf til fimmtán ár að koma þessu á koppinn," segir Sigurgeir Guðmundsson í Heklu Blúsfélagi sem skipuleggur hátíðina. „Þetta er virkilega spennandi verkefni og það er hvetjandi og krefjandi líka að takast á við þetta." Hann segir að koma Grana Louise á hátíðina sé mikill fengur. „Hún á að syngja tíu dögum eftir þessa hátíð á Chicago Blues Festival sem sýnir að hún er mikils metin í þessum heimi." Útgangspunktar Norden Blues Festival verða byggðakjarnarnir Hella og Hvolsvöllur ásamt ferðaþjónustuaðilum í Fljótshlíð. Einnig verða tónlistaruppákomur í Þykkvabæ. Skipulagðar verða rútuferðir á milli tónleikastaða og helstu gististaða meðan á hátíðinni stendur. Við skipulagningu og uppbyggingu hátíðarinnar er m.a. tekið mið af reynslu Norðmanna og Blúshátíðar í Reykjavík, sem styður dyggilega við verkefnið. Hugmyndin er að gera hátíðina að árvissum viðburði í Rangárvallasýslu.

Alþjóðlega tónlistarhátíðin AIM Festival á Akureyri, sem stendur yfir frá 29. maí til 4. júní, er nú haldin í fjórða sinn. Alls komu um fimm þúsund gestir á hátíðina í fyrra og er ekki búist við færra fólki í ár. Framkvæmdastýran Guðrún Þórs segir að undirbúningurinn hafi gengið mjög vel. „Það er öðruvísi áhugi en hefur verið í gegnum árin. Ég upplifi meiri þörf hjá fólki fyrir að hafa gaman og gera eitthvað saman," segir hún. „Ég á von á fjölda hérna, bæði Reykvíkingum og fólki utan af landi."

Á meðal þeirra sem stíga á svið eru: Hjálmar, Retro Stefsson, Stórsveit Akureyrar undir stjórn Spánverjans Alberto Carmona og Stórsveit Reykjavíkur ásamt saxófónleikaranum Bob Mintzer, Reykjavík!, Sudden Weather Change, Nýdönsk og Mótettukór Hallgrímskirkju.

Nánari upplýsingar um báðar hátíðirnar má finna á Midi.is.

**freyr@frettabladid.is**



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Ragnheiður kemur fram á tónlistarhátíðinni Norden Blues Festival sem er haldin í fyrsta sinn í Rangárvallasýslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**TREÐUR UPP Í AUSTURBÆ** Eiríkur Hauksson heldur upp á afmælið sitt með tónleikum í Austurbæ. Miðasala hefst á fimmtudaginn.

# Eiríkur í Austurbæ

Miðasala á afmælistónleika Eiríks Haukssonar hefst á fimmtudaginn á vefsíðunni midi.is klukkan 11. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir margt löngu verður Eiríkur fimmtugur í ár en engin ellimerki eru þó á rauðhærða rokkaranum. Hann blæs til veglegrar afmælisveislu eins og honum einum er lagið og hyggst sýna og sanna, í eitt skipti fyrir öll, að allt er fimmtugum fært. Tónleikarnir verða á afmælisdaginn sjálfan sem er 4. júlí og hefur þeim verið gefið nafn við hæfi: „Born on the fourth of July".

Eiríkur mun að sjálfsögðu taka alla sína helstu slagara en sérstök afmælissveit hefur verið sett saman til að leika undir. Að sjálfsögðu munu íslenskir tónlistarmenn heiðra Eirík með nærveru sinni en jafnframt hafa nokkrir erlendir samstarfsmenn Eurovision-stjörnunnar boðað komu sína, þeirra á meðal Ken Hensley, fyrrverandi liðsmaður Uriah Heep.


**Verðmetum þér að kostnaðarlausu!**

Við erum stærsta uppboðsfyrirtæki með frímerki og mynt á Norðurlöndum og verðum á Íslandi dagana 28. – 31. maí n.k.

Við leitum að efni fyrir komandi uppboð okkar sem ná athygli safnara um allan heim. Óskað er eftir heilum söfnum, stökum verðmætum frímerkjum, gömlum umslögum og póstkortum og mynt, minnispeningum, medalíum og gömlum peningaseðlum.




*"Hvaðeina getur verið áhugavert!"*




Verðum til viðtals á Hótel Loftleiðum fimmtudaginn 28. maí kl. 17:00 – 20:00 og á frímerkjasýningunni NORDIA 09 í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði föstudag til sunnudags 29. – 31. maí.

Frítt verðmat án skuldbindinga !

Bjóðum uppá skoðun í heimahúsum ef um stærri söfn er að ræða. Nánari upplýsingar veitir Össur Kristinsson í símum 5554991 og 6984991.




Við bjóðum líka staðgreiðsluviðskipti og greiðum þá í $ eða €

**THOMAS HØILAND AUKTIONER A/S**

Lygten 37 • DK-2400 København NV • +45 3386 2424 • info@tha.dk



**VILL HJÁLPA** Paris Hilton vill gjarnan hjálpa Jordan í þeim erfiðleikum sem fyrirsætan stendur frammi fyrir um þessar mundir.

# Paris vill hjálpa Jordan

**Hótelerfinginn Paris Hilton vill ólm aðstoða Katie Price, betur þekkt sem Jordan, í þeim mikla ólgusjó sem glamúrfyrirsætan er í um þessar mundir. Jordan og eiginmaður hennar, Peter Andre, standa nú í skilnaði og hafa breskir fjölmiðlar fylgst með hverju skrefi þeirra. Paris vorkennir vinkonu sinni sem hún hitti fyrst fyrir þremur árum á tónlistarhátíð í Los Angeles og sagði í samtali við tímaritið OK að hana langaði til að hringja í Jordan og veita henni þann andlega stuðning sem hún þyrfti á að halda.**

**Paris var jafnframt spurð að því hvaða ráðleggingar hún hefði handa Jordan. Og ekki stóð á svarinu: „Katie á að forðast dagblöð og Netið eins og heitan eldinn, það vill enginn vera góður við þig á þeim bænum.“ Hún upplýsti jafnframt að Jordan væri ein af fyrirmyndunum í hennar lífi og óskaði þess að fyrirsætan myndi flytja til Los Angeles. „Ég ber mikla virðingu fyrir henni sem athafnakonu, hún hefur byggt upp viðskiptaveldi sitt af miklum myndarskap,“ sagði Paris.**

# Zúúber fer um landið

Í tilefni af tuttugu ára afmæli útvarpsstöðvarinnar FM 957 ætlar hún að flakka um landið í sumar og halda skemmtanir og dansleiki undir nafninu Zúúber á sviði og Zúúber grúbban.

Zúúber á sviði er skemmtun sem er byggð á samskiptum kynjanna. Þar munu þau Svali, Gassi og Sigga spjalla hispurslaust við áhorfendur um samskipti kynjanna. Zúúber grúbban er ballhljómsveit skipuð þekktum tónlistarmönnum á borð við Ingó Veðurguð, Einar Ágúst og Gunnar Ólason úr Skítamóral. Næsta uppákoma Zúúber verður á Selfossi 4. og 5. júní þar sem væntanlega verður mikið um dýrðir.


# Meistaradagur
## Verkfræði og tölvunarfræði
**fimmtudaginn 28. maí 13.00–18.00 í VRII, Hjarðarhaga 2–6**

**www.verkognatt.hi.is**

**Dagskrá:**

**13.00–13.10** **Sameiginlegur fundur í stofu 158**
Setning, Magnús Þór Jónsson, formaður Verkfræðistofnunar HÍ
**13.15–17.00** **Meistaravarnir og kynning á meistaraverkefnum**

| | | | |
|---|---|---|---|
| | **Meistaravarnir** (stofa 158) Árangur viðhalds | **Meistaravarnir** (stofa 157) Líkanagerð og sérstaða álvera | **Meistaravarnir** (stofa 156) Hreyfifræði- og mælitækni |
| 13.15 | **Mulugeta Asaye Adale** Evaluation of Maintenance Management through Benchmarking in Geothermal Power Plants | **Viktoría Jensdóttir** Líkanagerð og ákvörðun um besta líkan í steypuskála álvers | **Stefán Páll Sigurþórsson** Use of acceleration- and gyro sensors for gait phase detection in a prosthetic knee |
| | **Meistaravarnir** Háhitaborholur og líkanagerð | | **Meistaravarnir** Lærdómur, nytsemi og árangur |
| 14.15 | **Lilja Magnúsdóttir** Nonlinear Finite Element Model of a Geothermal Well | **Helena Sigurðardóttir** Sérstaða íslenskra álvera | **Kjartan Akil Jónsson** 3D framework for machine learning |
| | | **Meistaravarnir** Auðlindir og bestun | |
| 15.15 | **Gunnar Skúlason Kaldal** Nonlinear Buckling Analysis of a Production Casing in a Geothermal Well due to Expansion of Enclosed Water | **Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir** Life cycle assessment of Icelandic cod product based on two different fishing methods – Environmental impacts from fisheries | **Sigurður Fjalar Sigurðarson** Success factors in project management: An ethical perspective |
| | Kynning á meistaraverkefni | | |
| 16.15 | **Óskar Halldórsson** "Vertical Handover" between 2nd and 4th Generation Mobile Networks | **Stefán Pétursson** Predicting Optimal Trim Configuration of Marine Vessels with Respect to Fuel Usage | **Trausti Þorgeirsson** Nytsemisprófanir í höndum notenda |

**17.00–18.00** **Léttar veitingar og spjall**

## Allir velkomnir

VERKFRÆÐISTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA 094721



# Ekki borga
# 15.000 kr.
## að óþörfu!




**Þann 1. júní leggst 15.000 kr. vanrækslugjald á óskoðaðar bifreiðar og vagna** (ekki ferðavagna) með **endastafinn 3 í bílnúmeri.** Vegna mikillar aðsóknar í lok mánaðar er óvíst að hægt sé að sinna öllum skoðunarbeiðnum. Forðastu óþarfa kostnað og óþægindi með því að draga ekki fram á seinustu daga mánaðarins að fara með bílinn í skoðun.

**Aðalskoðun**

**Skoðunarstöðvar:**
**Reykjavík** Skeifunni 5, Sími 590 6930
**Hafnarfjörður** Hjallahrauni 4 (við Helluhraun), Sími 590 6900
**Kópavogur** Skemmuvegi 6 (bleik gata), Sími 587 3344

www.adalskodun.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0855

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

Coraline DIGITAL 3D
NIGHT AT THE MUSEUM 2
“Spennandi, fyndin og hraðskreið út í gegn! Miklu betri en Da Vinci Code.” T.V. - kvikmyndir.is
- M.M.J., kvikmyndir.com
TOM HANKS ENGLAR & DJÖFLAR ANGELS & DEMONS
17 AGAIN ZAC EFRON

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CORALINE 3D | kl. 4 og 6 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| 17 AGAIN | kl. 8 og 10 | L |

Coraline 3D
ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
Wes Craven er mættur aftur með einhvern ROSALEGASTA THRILLER SÍÐARI ÁRA.
CHICAGO TRIBUNE PREMIERE NEW YORK POST
THE LAST HOUSE ON THE LEFT
ath. STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.
Frá Höfundi Lost og Fringe, J.J.Abrams, kemur STÓRMYND sem gagnrýnendur halda vart vatni yfir!
STAR TREK
100/100 Variety 100/100 The Hollywood Reporter 100/100
kvikmyndir.com RÁS 2 Morgunblaðið
SÝNINGUM FER FÆKKANDI
HANNAH MONTANA

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CORALINE 3D m/ísl. tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 6 - 8 - 10:20 | 16 |
| LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| HANNAH MONTANA | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| STAR TREK XI | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| NEW IN TOWN | kl. 8 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali | kl. 4 - 6 | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 10:20 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CORALINE 3D m/ísl. tali | kl. 5:50(3D) | L |
| CORALINE 3D m/ensku tali | kl. 8(3D) ótextuð | L |
| LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| STAR TREK XI | kl. 10:30D | 10 |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 | L |
| LOFTLEIÐIR | kl. 5:30D - 8D Sýningum fer fækkandi | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10:20 síð sýn | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| X MEN - ORIGINS WOLVERING | kl. 8 síð sýn | 14 |
| NEW IN TOWN | kl. 8 síð sýn | L |
| THE UNBORN | kl. 10:20 síð sýn | 16 |
| STAR TREK XI | kl. 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10 | 16 |
| HANNA MONTANA | kl. 8 | L |
| STAR TREK XI | kl. 10 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 8 - 10:10 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 8 | L |
| THE UNBORN | kl. 10:10 | 16 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!
NIGHT AT THE MUSEUM 2
“LÉTT, NOTARLEGT OG FJÖLSKYLDUVÆNT MÓTVÆGI VIÐ HASARMYNDIR SUMARSINS” -S.V., MBL
LÚXUS L
HÖFUNDI DAVINCI LYKILSINS
- M.M.J., KVIKMYNDIR.COM - T.V., KVIKMYNDIR.IS
-S.V., MBL Ó.H.T., Rás 2
TOM HANKS ENGLAR & DJÖFLAR ANGELS & DEMONS
LÚXUS 14
STÓRMYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF Í BÍÓ!
X-MEN ORIGINS WOLVERINE 14
- S.V. Mbl.
BOAT THAT ROCKED 12
- H.S., - E.E., DV
DRAUMALANDIÐ L
MÚMÍNÁLFARNIR L
CRANK 16

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10.50 | 14 |
| ANGELS & DEMONS LÚXUS | kl. 5 - 8 - 10.50 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 10.30 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 6 - 9 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 10 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
750 kr.
ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 10.40 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI
AUKAKRÓNUR


# Blásið til veislu á Patreksfirði

**Tvö undanfarin ár hefur áhugafólk um heimildarmyndir og kvikmyndagerðarmenn flykkst til Patreksfjarðar. Ástæðan er einföld: heimildarmyndahátíðin Skjaldborg.**



**MAGNAÐAR MYNDIR** Ari Alexander á magnaðar myndir frá búsáhaldabyltingunni en brot úr heimildarmynd hans, Aumingja Ísland, verður sýnt á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg.

Árið í ár er engin undantekning. Þrjátíu heimildarmyndir af öllum stærðum og gerðum, um allt milli himins og jarðar, verða sýndar á hátíðinni. Sérstakur heiðursgestur hátíðarinnar verður Þorfinnur Guðnason en heimildarmynd hans og Andra Snæs Magnasonar varð fyrir skemmstu aðsóknarmesta heimildarmyndin í sögu Íslands. Sýndar verða allar myndir Þorfinns á hátíðinni, þeirra á meðal er löngu horfin mynd sem aldrei hefur komið fyrir sjónir fólks áður en hún heitir Grandarar og er um lífið og tilveruna á Grand Rokki.

Töluverð gróska hefur reyndar verið í heimildarmyndagerð að undanförnu; Sólskinsdrengur Friðriks Þórs Friðrikssonar naut mikillar hylli og var, allt þar til Draumalandið var frumsýnt, aðsóknarmesta heimildarmyndin. Heimildarmyndagerðarmenn fóru margir hverjir á fullt þegar blásið var til búsáhaldabyltingar við Austurvöll í janúar á þessu ári og verður sýnd stutt stikla úr einni þeirra; Aumingja Ísland eftir Ara Alexander. „Þetta er náttúrulega ekki bara um byltinguna, eina og sér, heldur líka af hverju þetta hrun varð,“ segir Ari sem stefnir að því að frumsýna myndina seint í haust. „Annars heyrist manni bara á fólki að það sé önnur bylting í vændum, þannig að þetta er kannski bara endalaust.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er Ari einn fárra sem á lifandi myndir af því þegar táragasinu var beitt á Austurvelli. Hann á jafnframt nokkuð einstæðar myndir af harkalegu viðmóti lögregluþjóns í garð mótmælanda þegar byltingin stóð sem hæst. „Auðvitað eru góðir menn í lögreglunni en manni fannst þetta nokkuð brútalt og blóðugt.“ Leikstjórinn nýtur liðsinnis góðra manna, meðal þeirra eru Jón Proppé, Friðrik Þór Friðriksson og svo hagfræðingurinn Magnús Árni Skúlason og rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson. Ari kveðst hafa reynt að fá hina svokölluðu útrásarvíkinga í viðtöl. „Því auðvitað hef ég mína sýn á þessa sögu en að sjálfsögðu vil ég leyfa fólki að svara fyrir sig,“ segir Ari en auðjöfrarnir hafa verið frekar tregir í taumi.



**HEIÐURSGESTUR** Þorfinnur Guðnason verður heiðursgestur á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg sem fram fer á Patreksfirði um helgina.


Sérsniðin heyrnartæki fyrir alla!

Hjá Heyrnarstöðinni, Kringlunni færðu alla þjónustu sem snýr að heyrnarmælingum og heyrnartækjum. Við sérsníðum heyrnartæki svo þau falli vel að hverju eyra og skili hljóminum fullkomlega – frá dýpstu tónum til hæstu hæða. Komdu til okkar og fáðu aðstoð við val á réttu heyrnartækjunum fyrir þig.

Ókeypis heyrnarmæling
Heyrnarmæling tekur stutta stund en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

TRYGGINGASTOFNUN TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU HEYRNARTÆKJA!

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir 9-17 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

HTH

**20% afsláttur**

**af öllum *HTH* innréttingum!**

*... þú færð það aðeins **betra** hjá* HTH

RAUÐA LÍNAN



HTH í 10 ár hjá ORMSSON 1999-2009

***Heimsæktu okkur í***
***Sýningarsal HTH innréttinga***
***í Lágmúla þar sem söluráðgjafar okkar munu með ánægju veita þér góð ráð.***
***Við leggjum allan okkar metnað í góða þjónustu – frá upphafi til enda.***

## HTH er metnaðarfullt danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu innréttinga í eldhús og baðherbergi auk fataskápa.

Innréttingar frá HTH eru lifandi dæmi um það allra besta í danskri hönnun – í senn sígild og nútímaleg, stílhrein og glæsileg.

Við munum aðstoða þig við að hanna eldhús og aðrar innréttingar sem eru í senn hagnýtar og aðlaðandi. Um leið og þú hefur komist að niðurstöðu um hvernig þú vilt hafa innréttinguna, hefst ein af verksmiðjunum HTH í Danmörku handa við framleiðsluna. Þar ábyrgjumst við þá vandvirkni sem hefur svo lengi einkennt danska húsgagnaframleiðslu.

**Í tilefni af 10 ára afmæli HTH hjá ORMSSON bjóðum við nú 20% afslátt af þessum glæsilegu innréttingum *til maíloka*.**

# LOKAÚTKALL!

**Tilboð þetta gildir til mánaðarmóta!**

## SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

*Af hverju að borga meira?*



ELDHÚSINNRÉTTINGAR



BAÐINNRÉTTINGAR



FATASKÁPAR

GULA LÍNAN

HTH

**20% afsláttur**

**af öllum *HTH* innréttingum!**

*Sjá nánar:* **www.hth.dk**



ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGAR

## *TILBÚNAR INNRÉTTINGAR – TIL AFGREIÐSLU BEINT AF LAGER*

Gæði innréttinga í gulu línunni ***SETTU ÞAÐ SAMAN*** eru á engan hátt lakari en þeirra í rauðu línunni. ***SETTU ÞAÐ SAMAN*** eru mun ódýrari innréttingar og fellst verðmunurinn einkum í því, að þær eru seldar ósamsettar beint af lager og krefjast því bara hóflegrar handlægni og dálítils dugnaðar. Báðar styðjast línurnar við hið danska ***HTH*** hugvit, smekkvísi og gæði, en úrvalið í rauðu línunni er yfirgripsmeira og þar er einnig hærra þjónustustig.

**Gullið tækifæri að endurnýja! – 20% afsláttur *til maíloka*.**




# ORMSSON

**SÖLUSTAÐIR:**
- SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 & 530 2908
- MODEL–AKRANESI · SÍMI 431 3333
- RADIONAUST–AKUREYRI · SÍMI 461 5003
- ÁRVIRKINN–SELFOSSI · SÍMI 480 1160
- LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

## > Fannar undir smásjá Emsdetten

Skyttan efnilega, Fannar Þór Friðgeirsson, er þessa dagana að reyna að komast að hjá liði erlendis. Fjöldi liða hefur sýnt Fannari áhuga en málin ganga hægt fyrir sig enda hefur efnahagskreppan komið illa við mörg handknattleiksfélög sem þurfa að huga að styrktaraðilamálum áður en þau geta mikið hreyft sig á markaðnum. Eitt þeirra liða sem hafa áhuga á Fannari er þýska félagið Emsdetten sem landsliðsmarkvörðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson samdi við á dögunum. Veskið er þó í þynnri kantinum hjá félaginu þessa dagana og því hefur félagið ekki getað gert Fannari tilboð þó svo þjálfari félagsins hafi mikinn áhuga á leikmanninum.



**sport**
sport@frettabladid.is

ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: ERUM AÐ FARA AÐ MÆTA BESTU LIÐUNUM Í RIÐLINUM

# *Þeir sem mæta ekki í bláu eiga bara að fara heim*

Það var létt yfir Ólafi Jóhannessyni, þjálfara karlalandsliðsins í fótbolta, á blaðamannafundi í gær þegar hann tilkynnti 22 manna landsliðshóp sinn fyrir leiki á móti Hollandi og Makedóníu.
„Hollendingar koma örugglega hingað með það eina hugarfar að ná sér í þrjú auðveld stig og tryggja sér farseðilinn til Afríku. Það gæti hjálpað okkur ef þeir myndu vanmeta okkur aðeins. Ég tel þetta vera tvo erfiðustu leikina í riðlinum að undanskildum útileiknum á móti Hollandi," sagði Ólafur og ítrekaði þá skoðun sína að Holland og Makedónía væru sterkustu liðin í riðlinum.
Eyjólfur Sverrisson valdi einnig 21 árs liðið í gær og Ólafur vildi frekar að leikmenn fengju að spila þar í stað þess að sitja upp í pöllum hjá A-landsliðinu.
„Það voru nokkrir strákar í þessu 21 árs liði sem ég hefði eflaust tekið inn í þennan hóp en þeir höfðu þá bara setið uppi í pöllum. Ég ákvað því að Eyjólfur tæki þá frekar í sinn leik og þeir myndu þá fá að spila þar," sagði Ólafur.
Ólafur valdi ekki Jóhannes Karl Guðjónsson í hópinn sinn en Jóhannes Karl hefur ekki spilað landsleik fyrir Ólaf. „Jóhannes Karl var ekki valinn núna frekar en margir aðrir fótboltamenn. Það er fagnaðarefni að hann sé kominn upp í efstu deild í Englandi og það eykur flóruna fyrir okkur. Hann á möguleika eins og allir aðrir en ég valdi hann ekki að þessu sinni," sagði Ólafur.
Ólafur vonast eftir því að íslenskir áhorfendur taki þá hollensku sér til fyrirmyndar, fylli völlinn og mæti í bláu. „Ég held að ef það væri einhvern tíma ástæða til að koma á völlinn og sjá alvöru fótboltalið spila, Ísland og Holland, þá er það nákvæmlega núna. Ég trúi, treysti því og veit það að stuðningsmenn koma og fylla völlinn," sagði Ólafur og bætti við: „Það var ótrúlega gaman að sjá leikinn úti í Hollandi. Ég held að Hollendingunum sé ekki hleypt inn ef þeir eru ekki í appelsínugulu. Það á líka að vera þannig hérna og þeir sem eru ekki í bláu eiga bara að fara heim til sín. Þetta á að vera skemmtilegt og ákveðin hátíð," sagði Ólafur í léttum tón að lokum.



Undankeppni HM 2010:

## Sölvi og Garðar eru í hópnum

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari tilkynnti 22 manna hóp fyrir tvo leiki í undankeppni HM 2010. Íslenska liðið mætir Hollandi á Laugardalsvellinum 6. júní kl. 18.45 og sækir síðan Makedóníu-menn heim til Skopje miðvikudaginn 10. júní.
**- óój**

### LANDSLIÐSHÓPURINN:

| | |
|---|---|
| **Markmenn** | |
| Árni Gautur Arason, Odd Grenland | 66 |
| Gunnleifur Gunnleifsson, Vaduz | 8 |
| **Varnarmenn** | |
| Hermann Hreiðarsson, Portsmouth | 84 |
| Indriði Sigurðsson, Lyn | 44 |
| Kristján Örn Sigurðsson, Brann | 36 |
| Grétar Rafn Steinsson, Bolton | 31 |
| Bjarni Ólafur Eiríksson, Val | 13 leikir |
| Ragnar Sigurðsson, IFK Göteborg | 11 |
| Sölvi Geir Ottesen, SønderjyskE | 4 |
| **Miðjumenn** | |
| Brynjar B. Gunnarsson, Reading | 67 |
| Stefán Gíslason, Brøndby | 27 |
| Emil Hallfreðsson, Reggina | 22 |
| Birkir Már Sævarsson, Brann | 13 |
| Aron Einar Gunnarsson, Coventry | 11 |
| Pálmi Rafn Pálmason, Stabæk | 11 |
| Helgi Valur Daníelsson, Elfsborg | 10 |
| Theodór Elmar Bjarnason, Lyn | 9 |
| Eggert Gunnþór Jónsson, Hearts | 3 |
| **Sóknarmenn** | |
| Eiður S. Guðjohnsen, Barcelona | 57 |
| Heiðar Helguson, QPR | 43 |
| Arnór Smárason, Herenveen | 5 |

# Risarnir mætast í Rómaborg

**Stærsti knattspyrnuleikur ársins fer fram í kvöld þegar tvö bestu lið Evrópu, Man. Utd og Barcelona, mætast í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu. Man. Utd á titil að verja og getur orðið fyrsta liðið til þess að verja bikarinn. Tveir bestu knattspyrnumenn heimsins, Cristiano Ronaldo og Lionel Messi, mætast í leiknum.**

**FÓTBOLTI** Stóra stundin rennur upp í áfengislausri Róm í kvöld en bannað er að selja áfengi í sólarhring kringum leikinn. Þá mætast Evrópumeistarar Man. Utd og Barcelona í úrslitum Meistaradeildarinnar. Leikurinn er draumaviðureign margra knattspyrnuáhugamanna enda að mætast tvö bestu lið Evrópu að margra mati. Þau hafa bæði tryggt sér sigur í sinni deild og hafa spilað frábæran fótbolta í allan vetur.

Þetta verður í tíunda sinn sem liðin mætast í Evrópukeppni. United hefur unnið þrisvar, Barca tvisvar og fjórum sinnum hefur leikjum liðanna lyktað með jafntefli. Liðin mættust síðast í úrslitaleik árið 1991 í Evrópukeppni bikarhafa. Þá hafði Man. Utd betur, 2-1. með mörkum frá Mark Hughes.

Fyrir utan þá leikmenn sem eru í leikbanni eiga allir leikmenn liðanna að vera klárir í slaginn. Rio Ferdinand er byrjaður að æfa með Man. Utd og sömu sögu er að segja af Börsungunum Thierry Henry og Andres Iniesta.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, getur orðið aðeins annar stjórinn í sögunni til þess að vinna þennan bikar þrisvar. Hinn er Bob Paisley. Ferguson getur einnig jafnað met Giovanni Trapattoni sem hefur einn þjálfara hingað til unnið fimm Evrópubikara fyrir utan Ofurbikarinn. Ferguson segir að sigur í kvöld muni setja lið hans á stall með þeim bestu í sögunni en hann hefur ekki alltaf verið nógu ánægður með gengi sinna manna í þessari keppni. „Við höfum á stundum átt að gera betur í Meistaradeildinni en nú er tækifærið til þess að ná í sigur sem mun setja okkur á stall með bestu liðum Evrópu frá upphafi," sagði hinn reyndi Ferguson en á hinum bekknum verður Pep Guardiola sem er að þreyta frumraun sína sem þjálfari.

„Þetta verður þannig leikur að hvorugt lið vill láta frá sér boltann. Við vitum að bæði lið geta leikið vel. Ákveðnir hlutir munu skipta lykilmáli og nægir þar að nefna einbeitingu og heppni. Þetta tvennt getur skorið úr um sigurvegara," sagði Ferguson sem hrósaði Lionel Messi í hástert en sagðist vera með varnarmennina til þess að stöðva hann. Mikið er gert úr meintu einvígi þeirra Ronaldo og Messi í leiknum.

„Þetta eru tveir frábærir fótboltamenn. Hafa báðir hugrekki til þess að ráðast til atlögu gegn varnarmönnum, sama hversu oft þeir eru sparkaðir niður. Þeir hlaupa með boltann og það er þannig hugrekki sem maður leitar að hjá leikmönnum."
**henry@frettabladid.is**



**VERÐLAUNIN** Lögreglumenn í Róm lyfta upp bikarnum sem barist verður hatrammlega um í kvöld.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**GARY LINEKER** Hér í búningi Barcelona fyrir ansi löngu síðan.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Gary Lineker:

## Vörn United skiptir öllu

**FÓTBOLTI** Gamla markamaskínan Gary Lineker hefur gert það gott sem sjónvarpsmaður síðan hann lagði skóna á hilluna. Lineker hefur verið fenginn til þess að spá í spilin í leik kvöldsins og hann segir United vera líklegra.

„Ég myndi setja minn pening á United þar sem það er betra varnarlið," sagði Lineker sem sjálfur lék með Barcelona á sínum tíma.

„United mun örugglega spila þéttar og reyna að sækja hratt og ég held að þar muni United brjóta Barcelona niður," sagði Lineker sem bíður spenntur eftir að sjá Ronaldo og Messi.

„Messi er ótrúlegur og hefur alla burði til þess að verða besti leikmaður heims frá upphafi. Ég hef ekki séð neinn halda bolta eins og hann síðan Maradona spilaði."
**- hbg**





**NÝLIÐI** Alfreð Finnbogason, markahæsti maður Pepsi-deildarinnar, hefur aldrei spilað landsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrsti landsliðshópur Eyjólfs:

## Valdi 4 nýliða

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson valdi í gær sinn fyrsta landsliðshóp síðan hann tók aftur við íslenska 21 árs landsliðinu.

Fram undan er æfingaleikur á móti Dönum í Álaborg 5. júní næstkomandi. Eyjólfur valdi fjóra nýliða í liðið, þar á meðal markahæsta leikmann Pepsi-deildarinnar, Alfreð Finnbogason úr Breiðabliki.

Hinir eru Óskar Pétursson, markvörður úr Grindavík, Björn Daníel Sverrisson, miðjumaður úr FH og Guðlaugur Victor Pálsson, miðjumaður úr Liverpool. „Það er mikið af ungum og efnilegum strákum að spila í efstu deild í dag og víðar. Við getum í rauninni stillt upp tveimur til þremur frábærum liðum,“ sagði Eyjólfur en aðstoðarmaður hans er Tómas Ingi Tómasson. - óój

**LANDSLIÐSHÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| **Markmenn** | |
| Þórður Ingason, Fjölni | 4 leikir |
| Óskar Pétursson, Grindavík | nýliði |
| **Varnarmenn** | |
| Hólmar Örn Eyjólfsson, West Ham | 7 |
| Hjörtur Logi Valgarðsson, FH | 2 |
| Skúli Jón Friðgeirsson, KR | 2 |
| Andrés Már Jóhannesson, Fylki | 1 |
| Finnur Orri Margeirsson, Breiðab. | 1 |
| Guðmundur R. Gunnarsson, GAIS | 1 |
| **Miðjumenn** | |
| Birkir Bjarnason, Viking | 13 |
| Bjarni Þór Viðarsson, Twente | 12 |
| Gylfi Þór Sigurðsson, Reading | 6 |
| Jóhann Berg Guðmundsson, AZ | 2 |
| Guðmundur Kristjánsson, Breiðab. | 1 |
| Björn Daníel Sverrisson, FH | nýliði |
| Guðlaugur Victor Pálss., Liverpool | nýl. |
| **Sóknarmenn** | |
| Rúrik Gíslason, Viborg | 11 |
| Björn Bergmann Sig., Lilleström | 1 |
| Alfreð Finnbogason, Breiðabliki | nýliði |



**ODDALEIKUR Í KVÖLD** Jón Arnór Stefánsson í oddaleik með KR á dögunum móti Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ítalski körfuboltinn í kvöld:

## Jón Arnór er kominn í gang

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson og félagar í Benetton Basket spila í kvöld úrslitaleik við La Fortezza Bologna um sæti í undanúrslitum ítölsku úrvalsdeildarinnar. Bæði lið hafa unnið heimaleiki sína í einvíginu og fimmti leikurinn fer fram á heimavelli Jóns og félaga í Palaverde-höllinni í Treviso.

Jón Arnór hefur spilað mjög vel í síðustu þremur leikjum Benetton eftir að hafa byrjað rólega. Það kveikti greinilega í okkar manni þegar hann var settur á bekkinn eftir aðeins fimm mínútur í fyrsta leiknum á móti Bologna.

Jón Arnór hefur síðan skorað 11,7 stig og gefið 2,7 stoðsendingar að meðaltali á 26,3 mínútum en hann hafði aðeins skorað samtals 4 stig á 36 mínútum í fyrstu þremur leikjum sínum. Jón Arnór hefur meðal annars sett niður 6 af 11 þriggja stiga skotum sínum í undanförnum þrem leikjum. - óój

Pétur Georg Markan ekki í náðinni hjá Willum Þór en neitar að gefast upp:

# Þjálfarinn hefur ekki trú á mér

**FÓTBOLTI** Pétri Georg Markan hefur ekki gengið sem skyldi að festa sig í sessi hjá Val eftir að hann kom til félagsins frá Fjölni.

Hann spilaði samtals í 44 mínútur í fyrstu þrem umferðum mótsins og var svo ekki í leikmannahópi Vals gegn Grindavík á mánudag. Það fór ekki vel í leikmanninn eins og gefur að skilja, hann rauk heim og horfði á leikinn heima hjá sér.

„Eðlilega var ég ekki sáttur við að vera ekki í hópnum. Ég viðurkenni að ég tók þá ákvörðun að fara heim og horfa á leikinn í sjónvarpinu. Varð að kæla mig aðeins enda miklar tilfinningar í þessu. Það er bara eðlilegt enda er ég tilfinningamaður sem spilar af tilfinningu og ástríðu. Mér sýnist að það sé eftirspurn eftir slíku í þessu liði,“ segir Pétur Georg Markan.

„Ég er að bíða eftir tækifæri og mér finnst ég eiga það skilið. Ég hef aldrei verið eins hungraður í að skora og spila og núna.

Það er aftur á móti þjálfarinn sem ber ábyrgðina, velur liðið og hann hefur ekki trú á mér. Ég verð að sýna biðlund en mér finnst það hundfúlt og þetta er erfitt. Því er ekki að neita.“

Þrátt fyrir mótlætið ætlar Pétur Georg ekki að gefast upp og hefur ekki íhugað að óska þess að vera lánaður til annars félags en sögusagnir um að hann væri á leið til Fjölnis voru í gangi.

„Þegar ég samdi var það kortlagt að ég hefði hlutverk í liðinu en ég veit ekki hvað hefur komið fyrir í millitíðinni. Ég er þannig að ef ég tek að mér verkefni þá vil ég klára það. Ég mun því ekki gefast upp en berjast fyrir sæti mínu. Það er nóg eftir af mótinu og hver veit hvernig þetta spilast. Ég mun svo meta það í lok sumars hvort það hafi verið rétt ákvörðun að fara í Val eður ei. Ég hef samt trú á því að það sé pláss fyrir mig í liðinu, mann sem spilar með hjartanu,“ sagði Pétur ákveðinn. - hbg



**PÉTUR GEORG** Er ekki að fara að endurnýja kynnin við Gunnar Má og Fjölni.


Skóli með sterkan prófíl



MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI auglýsir inntöku nýnema fyrir skólaárið 2009 - 2010

**Grafísk hönnun**

LISTHÖNNUNARDEILD veitir starfsmenntun í grafískri hönnun. Á námstímanum öðlast nemendur yfirgripsmikla þekkingu og þjálfun í faginu sem gerir þá hæfa til að fást við krefjandi verkefni á sviði hönnunar fyrir prentmiðla og margmiðlun. Rík áhersla er lögð á tæknilega og listræna ögun. Strax í upphafi takast nemendur á við grunnhugmyndir fagsins, rætur þess í fagurlistum og tengsl við prentiðnaðinn. Til að hefja nám í deildinni þurfa umsækjendur að hafa lokið viðurkenndu fornámi í framhaldsskóla eða myndlistarskóla og þar sannað hæfni sína í undirstöðugreinum.

**Frjáls myndlist**

FAGURLISTADEILD veitir starfsmenntun í frjálsri myndlist. Nemendur fá alhliða þjálfun í hefðbundnum greinum þar sem áhersla er lögð á tæknilega og listræna ögun. Meðal kennslugreina eru: efnisfræði, skissugerð, olíumálun, akrýlmálun, myndgreining, ljósmyndun, grafík, módelteiknun, rými, bóklist, tölvugrafík, hugmyndafræði, sýningarstjórnun, fagurfræði og listfræði. Til að hefja nám í deildinni þurfa umsækjendur að hafa lokið viðurkenndu fornámi í framhaldsskóla eða myndlistarskóla og þar sannað hæfni sína í undirstöðugreinum.

**Myndlist, hönnun og arkitektúr**

FORNÁM - Alhliða undirbúningur fyrir nám í hönnun og listum á æðra skólastigi. Myndlistaskólinn á Akureyri býður upp á hnitmiðað 40 eininga heildstætt nám í sjónlistum. Námið er skipulagt með hliðsjón af aðalnámskrá framhaldsskóla og í því felst listrænn og tæknilegur undirbúningur fyrir framhaldsnám á sviði myndlistar, hönnunar og arkitektúrs.

Umsókn um skólavist þarf að berast skólanum fyrir 3. júní nk. ásamt umbeðnum gögnum og tilskyldum fjölda eigin myndverka. Inntökunefnd áskilur sér rétt til að boða umsækjendur til viðtals dagana 3. til 7. júní, telji hún ástæðu til.

Myndlistaskólinn á Akureyri - Kaupvangsstræti 16 - Box 39 - 602 Akureyri - Sími. 462 4958 - info@myndak.is - www.myndak.is

## > Eric Mabius

„Leikarar hafa þörf fyrir jákvæða umsögn, ekki eingöngu fyrir ferilinn heldur einnig fyrir sjálfa sig því bransinn er svo miskunnarlaus.“

***Mabius leikur Daniel Mead í þættinum Ljóta Betty sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HUGSAR UM HAGKVÆMNI

## *Hvernig má auka býdrýgindi í Efstaleitinu*

Við gamlir útvarps- og sjónvarpsmenn höfum þungar áhyggjur af heimilisbókhaldinu í Efstaleitinu. Þar hafa menn ekki gætt að sér og tapað stórum fjármunum í myndarlegum rekstri undanfarin ár frá því Páll Magnússon var ráðinn bústýra og fyrirtækið síðan ohf-að. Nú þurfti blindan mann á bókhald að sjá ekki að þjónustusamningur hlutafélagsins nýja við ríkið var harla óraunsær. Vitandi vits gerðu samningsmenn samning sem yrði klárlega brotinn í ýmsu, þjónustuhlutverkið var harla rúmt. Mönnum var ekki settur neinn rammi sem var raunverulegur. Það átti ekki aðeins við dagskrárskipulagið heldur líka mikilvæga liði eins og viðmiðunarverð og magn á aðkeyptri dagskrá. Enda kom á daginn að þar var haldið áfram uppteknum sið að tapa og á endanum var allt eigið fé ohf-sins farið. Meirihluti þingsins beit þá höfuðið af skömminni og skuldbreytti yfirdrætti í nýtt eigið fé í stað þess að reka menn fyrir ósvinnuna sem ábyrgð á henni báru. Ekki gott merki.

Nú horfum við upp á niðurskurð í dagskrá og er það sýnilegast í sjónvarpsdagskránni. Útvarpsmegin eru engin merki uppi um að taka eigi til í bókhaldinu: það á að gera eftir reyndum meðulum, auka afköst á fólki með auknum framleiðslukröfum, fjölga endurteknum slottum sem gamla Gufan má vel við og endurskipuleggja monthanaháttinn í launastrúktur efsta lagsins í Efstaleiti. Setja Pál á gamlan notaðan Skóda fyrst af öllu, einfalt ökutæki sem kemur honum til vinnu og frá. Ríkisútvarpið þarf að fara í gegnum grundvallarendurskipulagningu og hana gera menn ekki í gömlum búningum hins hægfara ríkisfyrirtækis á inniskónum. Nýtt fólk ef hið gamla dugar ekki til.



**SKÓDA HANDA PÁLI** Páll Magnússon þarf ekki drossíu til að komast til vinnu heldur bara gamlan, notaðan Skóda.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.40** X-Files STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00** Charlie's Angels STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Top Chef SKJÁREINN



▶ **20.10** Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **20.45** Grey's Anatomy STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Púkka** (11:26)
**17.55 Gurra grís** (90:104)
**18.00 Disneystundin** Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir og Nýi skóli keisarans.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Aðalhlutverk: America Ferrera, Alan Dale, Mark Indelicato, Tony Plana og Vanessa L. Williams.
**20.55 Svipmyndir af myndlistarmönnum - Þór Vigfússon**
**21.00 Cranford** (Cranford) (1:5)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Einkavæðingin og afleiðingar hennar** (The Big Sellout) Margverðlaunuð þýsk mynd um afleiðingar einkavæðingar. Rakin er saga fólks í nokkrum löndum sem hefur fundið á eigin skinni fyrir áhrifum einkavæðingar þar sem henni hefur verið hrundið í framkvæmd að undirlagi alþjóðlegra fjármálastofnana í Washington og Genf eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðabankans og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
**23.55 Fréttaaukinn** (e)
**00.30 Kastljós** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 P.S.**
**10.00 Throw Momma from the Train**
**12.00 Pokemon**
**14.00 P.S.**
**16.00 Throw Momma from the Train**
**18.00 Pokemon**
▶**20.00 Charlie's Angels** Natalie, Dylan og Alex eru hörkukvendi sem hræðast ekki neitt. Þær starfa hjá spæjaraþjónustu Charlies og glíma við óþokka af öllum stærðum og gerðum.
**22.00 Flags of Our Fathers**
**00.10 The Fog**
**02.00 From Dusk Till Dawn 3**
**04.00 Flags of Our Fathers**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (11:25)
**09.55 Doctors** (12:25)
**10.20 Extreme Makeover. Home Edition** (12:25)
**11.05 Cold Case** (10:23)
**11.50 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (198:260)
**13.25 Newlywed, Nearly Dead** (8:13)
**13.55 E.R.** (14:22)
**14.50 The O.C.** (24:27)
**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Ben 10, Leðurblökumaðurinn Stóra teiknimyndastundin og Litla risaeðlan.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (21:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons** (19:22)
**20.00 Gossip Girl** (17:25)
▶**20.45 Grey's Anatomy** (23:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.
**21.30 The Closer** (6:15) Brenda Leigh Johnson leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan lögreglunnar í Los Angeles. Á milli þess að leysa flókin sakamál og sinna viðkvæmu einkalífi sínu, þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.
**22.15 Oprah**
**23.00 Sex and the City** (9:18)
**23.25 In Treatment** (3:43)
**23.50 The Mentalist** (15:23)
**00.35 E.R.** (14:22)
**01.20 Sjáðu**
**01.50 Munich**
**04.30 Bermuda Triangle. Startling New Secrets**
**06.00 Grey's Anatomy** (23:24)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Orlando - Cleveland** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.
**10.10 Man. Utd - Chelsea** Útsending frá úrslitaleik í Meistaradeild Evrópu.
**12.55 Meistaradeildin - Gullleikir** AC Milan - Barcelona 1994.
**14.40 UEFA Champions League** Liverpool - AC Milan 2005.
**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir.
**18.00 Meistaradeild Evrópu - Upphitun**
**18.30 Barcelona - Man. Utd.** Bein útsending frá úrslitaleik í Meistaradeild Evrópu.
**20.50 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.
**21.10 Barcelona - Man. Utd.** Útsending frá úrslitaleiknum í Meistaradeild Evrópu.
**23.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**23.20 Orlando - Cleveland** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.
**01.00 NBA 2008/2009 - Playoff Games** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Sunderland - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**19.00 Coca Cola-mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**19.30 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**21.35 Leikur vikunnar**
**23.15 Arsenal - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 The Game** (19:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.
**18.55 What I Like About You** (3:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York. (e)
**19.20 Nýtt útlit** (11:11) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. (e)
▶**20.10 Top Chef** (11:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu. Það eru fimm kokkar eftir og í húfi er sæti í úrslitunum. Fyrst eiga þeir að búa til gómsætan rétt úr súkkuðlaði og stóra verkefnið er að matreiða rómantíska máltíð fyrir pör sem eru að halda upp á merk tímamót.
**21.00 America's Next Top Model** (10:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Stúlkurnar sex sem eftir eru halda í spennandi ferðalag og þegar þangað er komið tekur strax við ratleikur um borgina. Eftir að þær hafa komið sér fyrir í nýrri íbúð og fengið að kynnast menningu heimamanna tekur við erfið myndataka.
**21.50 90210** (21:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum.
**22.40 Jay Leno** spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Leverage** (6:13) Nate og félagar berjast við serbneska ættleiðingarstofu sem féflettir bandarísk pör sem reyna að ættleiða munaðarlaus börn. (e)
**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur.
**21.00 Mér finnst** Þáttur í umsjón Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ

Eru skuldbindingar á leiðinni í vanskil?

Landsbankinn býður upp á mörg úrræði fyrir heimili sem eiga við greiðsluerfiðleika að etja. Við aðstoðum þig við að velja lausn sem kemur til móts við þínar þarfir.

Pantaðu ráðgjöf á landsbankinn.is, í útibúinu þínu eða í síma 410 4000

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM37467 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30
### Barcelona - Man. Utd., beint



Einn stærsti leikur síðari ára í evrópskri knattspyrnu. Barcelona og Man. Utd mætast í Rómaborg í uppgjöri tveggja bestu knattspyrnuliða Evrópu. Draumaúrslitaleikur knattspyrnuáhugamanna og þetta er leikur sem enginn má láta fram hjá sér fara. Bæði lið hafa átt góðu gengi að fagna heima fyrir og nýverið tryggði Barcelona sér bæði spænska meistaratitilinn og spænska bikarinn. Evrópumeistararnir í Man. Utd unnu fyrir stuttu Englandsmeistaratitilinn og eiga titil að verja en liðið lagði Chelsea að velli í fyrra í úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Bæði lið hafa orðið efst í Meistaradeild Evrópu einu sinni, Man. Utd árið 1999 þegar liðið lagði Bayern München á Nou Camp og Barcelona árið 2006 þegar liðið vann Arsenal á Stade De France.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Cranford

### Sjónvarpið kl. 21.00

Bresk þáttaröð byggð á þremur skáldsögum eftir Elizabeth Gaskell um þorpslíf í Cheshire um 1840. Þar segir m.a. frá fullorðnum systrum sem bjóða gamalli vinkonu að búa hjá sér og lækni sem innleiðir nýjar lækningaaðferðir og bræðir hjörtu kvenna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Pipar og salt
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Sumarraddir
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (197:260)
**17.15 Hollyoaks** (198:260)
**17.40 X-Files** (13:24)
**18.25 Seinfeld** (17:22)
**18.45 Hollyoaks** (197:260)
**19.15 Hollyoaks** (198:260)

▶**19.40 X-Files** (13:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

**20.25 Seinfeld** (17:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk þar sem hann er óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**22.00 Bones** (12:26) Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphaf þáttanna og stóra spurningin verið sú hvort þau komi nokkurn tímann til með að enda uppi sem par.

**22.45 Little Britain 1** (5:8) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Williams.

**23.10 Gavin and Stacey** (2:6)
**23.40 Auddi og Sveppi**
**00.10 Sjáðu**
**00.40 Fréttir Stöðvar 2**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** After You've Gone **14.30** The Weakest Link **15.15** Dalziel and Pascoe **16.05** Dalziel and Pascoe **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** After You've Gone **19.10** Jekyll **20.00** The Chase **20.50** Dalziel and Pascoe **21.40** Dalziel and Pascoe **22.30** Jekyll **23.20** My Hero **23.50** After You've Gone

## DR 1

**10.50** Aftenshowet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Pigerne Mod Drengene **14.30** Monster allergi **14.55** Svampebob Firkant **15.30** Til dans, til vands og i luften **15.50** Sallies historier **16.00** Aftenshowet **16.15** Mød EU-kandidaterne **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Læger for livet **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Taggart **21.40** OBS **21.45** Onsdags Lotto **21.50** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Ansikt til ansikt **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Sommerhuset **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.10** Didrik og Dorte **16.20** Postmann Pat - Spesialpakkeservice **16.35** Mamma Mirabelle viser dyregåter **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Folk. Verdens tøffeste klasserom **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Vikinglotto **19.40** Sporløst forsvunnet **20.20** Fra is til yr - festspillkonsert fra Bergen **21.10** Kveldsnytt **21.25** Vår aktive hjerne **21.55** Lov og orden. New York **22.35** Spelet om Iran **23.35** Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

**11.05** Griniga gubbar **12.00** Playtime **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hedebyborna **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Namnam med Noman **16.45** Jan och havsörnen **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Sommer **20.00** Entourage **20.25** Simma lugnt, Larry! **20.55** Kulturnyheterna **21.10** Draknästet **22.10** Vem tror du att du är? **23.10** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*Á næstu grösum og Grænn kostur eru kostastaðir. Maður verður sprengsaddur en samt sem áður léttur á fæti og glaðvakandi.*

Haraldur Ólafsson veðurfræðingur.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** báru að, **6.** í röð, **8.** hlaup, **9.** tækifæri, **11.** gangþófi, **12.** fláræði, **14.** rusl, **16.** í röð, **17.** skordýr, **18.** til viðbótar, **20.** hreyfing, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** líka, **4.** sár, **5.** hár, **7.** ódæll, **10.** síðasti dagur, **13.** útdeildi, **15.** mæla dýpt, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** komu, **6.** áb, **8.** gel, **9.** lag, **11.** il, **12.** slægð, **14.** drasl, **16.** hi, **17.** fló, **18.** enn, **20.** ið, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** og, **4.** meiðsli, **5.** ull, **7.** baldinn, **10.** gær, **13.** gaf, **15.** lóða, **16.** hes, **19.** nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Tveir.
2. Barcelona og Man. United.
3. Auður Jónsdóttir.

Auglýsingasími
512 5050

# Brotthvarf Jóhönnu setur strik í reikninginn

Aðstandendur stórtónleika Jóhönnu Guðrúnar sendu í gær frá sér tilkynningu þar sem fyrirhuguðum tónleikum Eurovision-stjörnunnar í Laugardalshöll var frestað fram á haust. Tónleikarnir áttu að vera 4. júní en vegna áhuga sænskra aðila urðu söngkonan og umboðsmaður hennar, María Björk, að bregðast skjótt við og var tekin sú ákvörðun að fresta öllu tónleikahaldi. Þorsteinn Stephensen hjá Hr. Örlygi, sem sér um tónleikana, skilur vel ákvörðun Jóhönnu. „Þær fóru eiginlega út með engum fyrirvara, auðvitað vilja þær hamra járnið á meðan það er heitt, laginu gengur vel og maður verður bara að skilja það,“ segir Þorsteinn og viðurkennir að það hafi verið djörf ákvörðun á sínum tíma að fá Jóhönnu í verkefni af þessari stærðargráðu með svo skömmum fyrirvara. „Við vissum auðvitað að hún yrði mjög upptekin í sumar.“



**EKKERT HIK** Þorsteinn Stephensen hjá Hr. Örlygi segir engan bilbug á þeim að finna þótt Jóhanna Guðrún hafi flogið til Svíþjóðar og frestað sínum tónleikum.

En þessi ákvörðun setur smá strik í reikninginn því kvöldið eftir hafði Hr. Örlygur boðað til mikillar rokkveislu þar sem margir af fremstu rokksöngvurum landsins troða upp og þenja raddböndin við helstu rokkslagara tónlistarsögunnar. Þorsteinn viðurkennir að þeir hafi þarna ætlað að slá tvær flugur í einu höggi og komast hjá óþarfa kostnaði við uppsetningu á hljóðkerfi og öðru slíku. „Þetta er auðvitað erfitt en við erum búnir að ná góðu samkomulagi við Laugardalshöllina og helstu kostnaðaraðilana, það er kreppa alls staðar, við verðum bara öll að hjálpast að og láta þetta ganga upp,“ útskýrir Þorsteinn og segir engan bilbug á sér eða öðrum að finna. „Nei, nei, þetta leggst bara vel í okkur.“

**- fgg/fb**



**FARIN** Jóhanna Guðrún flaug til Svíþjóðar í gær ásamt umboðsmanni sínum.



**EINSTAKT ÚTSÝNI** Ekki verður amalegt að sitja í heitu pottunum eða taka nokkur sundtök í sundlauginni á Hofsósi. Góð mynd er nú komin á mannvirkið sem rís vestan við Staðarbjarg. Áætlað er að sundlaugin verði tekin í notkun í lok þessa árs.

MYND/HINIR SÖMU SF.

LILJA PÁLMADÓTTIR: ENGU LOGIÐ UM ÚTSÝNIÐ

# Sundlaug Steinunnar og Lilju verður til á Hofsósi

„Auðvitað fylgist maður með, ég býr hérna hinum megin við lækinn,“ segir Lilja Pálmadóttir. Lilja og aðrir íbúar á Hofsósi horfa nú með tilhlökkun í hjarta sínu á byggingu sem er að rísa, hina margumtöluðu og víðfrægu sundlaug sem þær stöllur Lilja og Steinunn gáfu. Sökkullinn er risinn og fyrstu myndir gefa ágætis hugmynd um hvers slags upplifun það verður að sitja í heitu pottunum og horfa yfir Skagafjörðinn og til Drangeyjar. Jafnvel geta hugmyndaríkir sundkappar ímyndað sér að þeir séu að þreyta Drangeyjarsund að hætti Grettis þegar þeir svamla um í 25 metra lauginni. „Það var nú líka alltaf hugmyndin, að gera út á þetta magnaða útsýni og geta horft til Drangeyjar,“ segir Lilja.

Mikla athygli vakti þegar Lilja og Steinunn Jónsdóttir athafnakona gáfu íbúum á Hofsósi sundlaug á kvenréttindadaginn 19. júní árið 2007. Sigríður Steinþórsdóttir arkitekt teiknaði sundlaugina sem rís vestan við Staðarbjarg en innifalið í gjöfinni er vegleg þjónustumiðstöð.



**FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN** Ólafur Ragnar, Dorrit, Steinunn Jónsdóttir og Lilja Pálmadóttir taka fyrstu skóflustunguna að sundlauginni að Hofsósi.

Ekki dugði annað en fá forsetahjónin, Ólaf Ragnar og Dorrit, til að taka fyrstu skóflustunguna að lauginni en sú athöfn fór fram í apríl á síðasta ári. Fyrstu steypubílarnir keyrðu í hlaðið strax um haustið en það fór víst um ansi marga íbúana í Skagafirðinum þegar bankarnir og efnahagskerfið brunnu yfir, einhverjir töldu nær öruggt að nú væri úti um sundið. Aldeilis ekki og Skagfirðingar eru ansi bjartsýnir á framhaldið. „Samkvæmt áætlunum er ráðgert að sundlaugin verði klár um mánaðamótin október og nóvember,“ segir sveitarstjórinn Guðmundur í samtali við Fréttablaðið. Hann átti þó alveg eins von á að framkvæmdirnar gætu teygst fram í desember og að sundlaugin yrði þá jólagjöfin í ár. Í það minnsta í Skagafirði.

**- fgg**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Björn Bjarnason** er maður tækninýjunga. Hann var einn þeirra fyrstu sem kom sér upp bloggsíðu og hefur notað tölvupóst í samskiptum sínum við fjölmiðla í gegnum tíðina. Hann er hins vegar eilítið aftarlega á merinni þegar kemur að Facebook-samfélaginu vinsæla en hefur nú ákveðið að taka það í sína þjónustu. Facebook-síða Björns er hins vegar svo ný af nálinni að honum hefur ekki tekist að sanka að sér mörgum vinum. Jónína Ben heilsuræktardrottning er þó ein þeirra.



Loga Geirssyni og Björgvini Páli Gústafssyni hefur borist óvæntur liðsauki við að kynna silfurgelið sitt. Því **Einar Bárðarson**, umboðsmaður Íslands, er genginn til liðs við þá og hyggst aðstoða handboltahetjurnar eftir fremsta megni. Einar er sjálfur mikill gel-maður og fer sjaldnast úr húsi án þess að hárið sé í sínu besta formi enda er skjólstæðingur hans, Jógvan, hárgreiðslumaður af guðs náð.



Og nú heyrast þær raddir frá Listahátíðinni í Reykjavík að þjóðsöngur Íslands komi jafnvel eitthvað við sögu á tónleikum Bob Mintzer og Stórsveitar Reykjavíkur þar sem **Sigurður Flosason** er fremstur í flokki. Tónleikarnir verða í Fríkirkjunni 30. maí. Mintzer ku vera áhugamaður um þjóðsönginn og óskaði eftir því við forsætisráðuneytið að fá að útsetja hann með sínu nefi. Ekki var fallist á þá bón enda varðar vanvirðing við þjóðsönginn allt að tveggja ára fangelsi.



**- fgg**

GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS
www.gitarskoli.is
Gítarnámskeið
„Crash course“
Fyrir byrjendur og lengra komna
Hefst 2. Júní
Einkatímar 4 vikur 2 tímar í viku
Skráning í síma: 581-1281
gitarskoli@gitarskoli.is

# Ilmur farin í hundana

„Þetta er hvolpur, labrador-hvolpur,“ segir Ilmur Kristjánsdóttir leikkona, sem er orðin stoltur hundaeigandi. Loðni ferfætlingurinn er hvers manns hugljúfi en Ilmur segist í raun ekki vita af hverju hún hafi ákveðið að festa kaup á þessu dýri. „Það kviknaði bara einhver sterk þörf, það var bara eitthvað sem sagði mér að þetta yrði ég að gera, svo ég ákvað bara að láta slag standa,“ útskýrir leikkonan.

Hundakaupin mæltust þó ekki vel fyrir hjá öllum því fjölmargir komu að máli við hana og ráðlögðu henni að kaupa sér ekki hund. „En þetta var allt saman fólk sem átti ekki hund, það hélt því fram fullum fetum að þessu fylgdi svo gríðarleg vinna og ég hefði bara engan tíma fyrir hundinn.“ Hins vegar snerist dæmið algjörlega við þegar Ilmur ræddi við hundaeigendur. „Þeir sögðu að þetta væri alveg yndislegt og ég ætti bara að láta slag standa.“ Auk þess er Ilmur á leið í sumarfrí og hyggst hún nýta það að einhverjum hluta til að ala hvolpinn upp. „Þetta er bara eins og barn, nema það kvartar ekki.“

Leikkonan er enn ekki búin að nefna málleysingjann en hefur verið að máta nafnið Garp við hann. „Reyndar reisir hann sig upp þegar ég kalla „Snati“ en við sjáum til hvernig þetta fer.“

**- fgg**



**KEYPTI SÉR HUND** Ilmur Kristjánsdóttir er orðin stoltur hundaeigandi, hún hefur eignast labrador-hvolp sem svarar nafninu „Snati“ en verður hugsanlega nefndur Garpur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# ÞROTABÚS SALA

## KLETTAGÖRÐUM 13







Parket - Flísar - Innihurðir - Allt á baðið: Sturtuklefar - Baðkör - Blöndunartæki

Kährs Alape clever

DEUTSCHE STEINZEUG AGROB BUCHTAL ARIOSTEA

PERGO® Designed for Generations GESSI ringo® HOESCH Design

SALONI cerámica JUNCKERS Casa dolce casa Stone LAUFEN bathrooms TERHÜRNE

Opnunartímar þessa viku:

Miðvikudag kl. 10-18
Fimmtudag kl. 10-18
Föstudag kl. 10-18

Þrotabússalan klettagörðum

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

## *Flagarasaga fyrir saksóknara*

Ólafur Þór, það má nú segja að þú sért enginn venjulegur saksóknari. Þessi mál sem þú ert að rannsaka eru afar flókin en þjóðin krefst þess að þú komist til botns í öllu saman og refsir fyrir það sem saknæmt er. Ég hef þó ekki miklar áhyggjur, jafnvel þótt menn reyni að villa um fyrir þér og afvegaleiða með öllum ráðum. Ég er nefnilega þeirrar trúar að óheiðarlegt fólk grafi sína eigin gröf um leið og einhver sem tammin er af sínu brjóstviti verður á vegi þess. Það var hinn kvensami Menelaos og yngismey ein afar sérstök sem fengu mig til að trúa þessu.

**ÞANNIG** er mál með vexti að gríski læknirinn Menelaos var einn alsvæsnasti kvennabósi sem ég þekki. Hann sveifst einskis til að koma sér inn undir hjá kvenþjóðinni. Var hann þó kominn af besta skeiði þegar ég kynntist honum.

**MÉR** er minnisstætt þegar hann mætti galvaskur eitt síðdegi í sínu fínasta pússi á veitingastaðinn sem ég vann á í Aþenuborg. Bað hann um einn einfaldan viskí sem var óvenjulegt svo ég spurði hvað stæði til. „Ég á stefnumót við eina sérstaka yngismey við klukkuna á torginu klukkan átta,“ svarar hann ánægður á svip. Ég varð forvitinn og vildi fá að vita hvaða kona ætti von á að kynnast leyndardómum læknisins. „Það er þessi sem kom hingað með honum Pavlosi um síðustu helgi,“ svaraði hann. Læknirinn lét sig nefnilega ekkert muna um að bjóða stúlkunni út meðan Pavlos, unnusti hennar, brá sér frá eitt augnablik til að eiga orðastað við einhvern á næsta borði. Hún nefndi strax stund og stað svo læknirinn kvaddi hana sigri hrósandi áður en unnusti hennar settist aftur við borðið.

**ÞAÐ** var eins og hann hefði gorma í hnjáliðunum þegar hann hélt af stað á torgið eftir að hafa skolað einum einföldum niður. Svo varð klukkan átta og Menelaos stóð undir klukkunni með hjartað í buxunum. Klukkan korter yfir var yngismærin enn ekki komin. En fimm mínútum síðar dró til tíðinda en þá birtist Pavlos eins og skrattinn úr sauðarleggnum. „Nei, Menelaos! Þú hér.“

**JÁ,** Ólafur minn, hún lét ekki fífla sig þessi sérstaka yngismey. Ég á heldur ekki von á því að sérstakur saksóknari láti fíflast með sig.



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er miðvikudagurinn 27. maí, 147. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.36 | 13.25 | 23.16 |
| Akureyri | 2.52 | 13.10 | 23.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

